


skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
HM blaðið




HAGKAUPS FJÓRBLÖÐUNGUR
fylgir með fréttablaðinu í dag!





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

11. júní 2010 — 135. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Andri og Ómar ferðast saman um landið**

*Útvarpsmaðurinn Andri Freyr verður með Ómari í útvarpinu í sumar.*

**fólk 38**

**Erum á hátíndinum**

*Leikskólinn Pálmholt er 60 ára.*

**tímamót 24**



**Fyrsti sigur KR í sumar**

*Ótrúleg endurkoma KR í gær tryggði liðinu fyrsta sigur sinn í Pepsi-deildinni.*

**sport 34**

**veðrið í dag**




**BIRTIR TIL** Í dag verða víða norðaustan 3-8 m/s en 8-15 A-til. Yfirleitt bjart með köflum en skýjað NA- og A-lands framan af degi. Hiti 8-18 stig, hlýjast SV-lands.

**VEÐUR 4**

# Ellefu milljarðar í nýjar tekjur og laun fryst í eitt ár

**Skorið verður niður um 32 milljarða króna á fjárlögum 2011. Aflað verður 11 milljarða króna í nýjar tekjur. Laun opinberra starfsmanna verða fryst í eitt ár og skorið niður um fimm prósent í velferðarkerfinu.**

**ALÞINGI** Alls verður skorið niður um 32 milljarða króna á næsta ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem lagt verður fram á næstu dögum. Alls verður aflað nýrra tekna fyrir 11 milljarða króna.

Þetta er mun betri staða en gert var ráð fyrir í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar var reiknað með að stoppa þyrfti í 50 milljarða gat, en betri staða ríkissjóðs gerir það að verkum að það gat verður 43 milljarðar króna.

Ráðuneytin hafa unnið að tillögum um niðurskurð og tekjuaukningu og skila tillögum til fjármálaráðuneytisins í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er gert ráð fyrir 5 prósenta niðurskurði í velferðarmálum en 10 prósentum í öðrum málaflokkum.

Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) hafa séð frumdrög að fjárlögunum og hafa ekki gert við þau stórvægilegar athugasemdir. Bætt staða ríkissjóðs gerir það að verkum að hægt er að slaka á þeim viðmiðum sem gerð voru og er það gert með samþykki sjóðsins.

Athygli sjóðsins hefur frekar beinst að Evrópu, þar sem hvert ríkið á fætur öðru glímir nú við fjárhagsvanda.

Hallarekstur á fjárlögum 2009 nam 12 prósentum og ef ekkert verður að gert er ljóst að það stefnir í 15 prósenta halla á næsta ári. Óljóst er hver hallinn verður, en allt útlit er fyrir að hann verði svipaður og í Frakklandi, en þar er hann um 9 prósent. Á Írlandi er 14 prósenta halli, 13 prósent í Bretlandi og 12,3 á Grikklandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða laun opinberra starfsmanna fryst í eitt ár, en reiknað er með að það spari fimm milljarða króna. Ekkert hefur verið ákveðið um lengri tíma, en Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra ræddi í vikunni um frystingu í þrjú ár. Það er ekki í bígerð, samkvæmt heimildum blaðsins.

Stjórnvöld hafa átt fundi með opinberum starfsmönnum um fjárhagsvandann, en launafrystingin er þó ekki gerð í beinu samráði við þá. **- kóp**



NORDICPHOTOS/AFP

**HEFST Í DAG!** Þessi suður-afríski maður gat ekki leynt gleði sinni yfir því að það styttist í upphaf Heimsmeistaramótsins í fótbolta. Milljónir manns um allan heim hafa beðið spenntar og verða límdar við skjáinn þegar opnunarleikur mótsins fer fram í Jóhannesarborg klukkan 14. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefst í dag með leik Suður-Afríku og Mexíkó:

## Sérfræðingar veðja á Spán

**FÓLK** Sérfræðingar Fréttablaðsins telja líklegast að Spánverjar fari með sigur af hólmi í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu í Suður-Afríku. Flautað verður til leiks í dag klukkan 14, að íslenskum tíma, þegar heimamenn taka á móti liði Mexíkó.

Alls verða 64 leikir sýndir í beinni útsendingu, bæði á Stöð 2 og í Ríkissjónvarpinu. Þeir sem vilja geta því gleymt sér í fótboltaglápi í mánuð, en keppninni lýkur 11. júlí.

Anna Sigurbjörg Sigurðardóttir og Hafliði Kristinsson, sálfræðingar sem sinna hjónabandsráðgjöf, hvetja boltaþyrsta til að semja við fjölskylduna, en henda sér ekki einhliða út í glápið.

„Menn þurfa að vera reiðubúnir til að forgangsraða og knattspyrnuáhugamaðurinn þarf líka að vera tilbúinn til að fórna einhverju," segir Anna Sigurbjörg.

**- kóp /** **sjá síðu 32 og sérblað um HM**

Lyktarskyn kattardýra skoðað:

## Jagúar rennur á Calvin Klein

**VÍSINDI Tveir líffræðingar sem starfa að verndun jagúara í þjóðgarði í Gvatemala hafa fundið fullkomna leið til að laða hin tignarlegu kattardýr að myndavélunum sem notaðar eru til að fylgjast með þeim og skrásetja. „Obsession for Men" rakspíri frá Calvin Klein er allt sem þarf.**

**Uppgötvunin er afleiðing langrar og strangrar tilraunar sem gerð var í dýragarðinum í Bronx í New York. Þar prófuðu vísindamennirnir ýmiss konar ilm á blettatígrum og eftir nokkur ár og 24 ilmtegundir varð niðurstaðan sú að áðurnefndur moskusilmur varð hlutskarpastur. Til stendur að prófa þessa aðferð í Venesúela, Níkaragva, Bólivíu, Perú og Ekvador á næstu árum.** **- sh**


létt&laggott
er komið í nýjan búning



Kringlan
Jibbí jei!
Fjölskylduhátíð
10.–16. júní
Tívolítæki
Hoppukastalar
Andlitsmálun
Blöðrur

SPORT 2
VEISLAN HEFST Í KVÖLD
SOUTH AFRICA 2010
FIFA WORLD CUP

## SPURNING DAGSINS



*Þorleifur, er þetta lúxusvandamál?*

„Þetta orkar að minnsta kosti tvímælis.“

Orkuveita Reykjavíkur hefur keypt sjö milljóna króna lúxusjeppa fyrir fjármálastjóra fyrirtækisins. Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi situr í stjórn OR.

Alþýðusamband Íslands gaf út nýja hagspá í gær:

# ASÍ spáir minni samdrætti

**VINNUMARKAÐUR** Gert er ráð fyrir minni samdrætti í efnahagslífinu en áður, þótt staðan sé enn erfið og svigrúm heimila og fyrirtækja takmarkað. Þetta kemur fram í endurskoðaðri hagspá hagdeildar ASÍ.

Hagdeildin spáir því að landsframleiðsla dragist saman um 4,8 prósent á þessu ári. Það er minna en gert var ráð fyrir í spá í febrúar. Þá er því spáð að botni niðursveiflunnar verði náð í lok þessa árs en eftir það hefjist hægur viðsnúningur. Gert er ráð fyrir hagvexti upp á 2,3 til 2,8 prósent árin 2011 til 2013.



GYLFI ARNBJÖRNSSON

ASÍ segir mikilvægt að hraða endurreisn atvinnulífsins og fjölga nýjum störfum. Atvinnuástand sé erfitt og áfram verði útlit fyrir mikið atvinnuleysi.

Brýnt sé að hraða eins og hægt sé þeirri endurskipulagningu á fjárhag fyrirtækja og heimila, sem sé nauðsynlegt eftir efnahagshrunið.

**4,8%** Áætlaður samdráttur í landsframleiðslu í ár. Hann er minni en gert var ráð fyrir í febrúar.

Í hagspánni segir einnig að bjartari horfur séu í efnahag heimsins og veikt gengi krónunnar hafi jákvæð áhrif á útflutnings- og samkeppnisgreinar. Mikil skuldsetning takmarki þó möguleika margra fyrirtækja til frekari vaxtar og atvinnusköpunar. **- þeb**

Í þriggja og hálfs árs fangelsi:

# Nauðgaði barnfóstrunni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur þyngt fangelsisdóm yfir Gísla Birgissyni um eitt ár, úr tveimur og hálfu í þrjú og hálft. Gísli nauðgaði fjórtán ára barnfóstru sinni í bíl í maí 2008.

Gísli var 32 þegar brotið átti sér stað. Hann fór með stúlkuna á afvikinn stað og nýtti sér yfirburðastöðu sína til að þröngva henni til kynferðismaka í læstri bifreið. Árásin er talin hafa valdið stúlkunni miklum sálrænum erfiðleikum og er Gísla gert að greiða 800 þúsund í miskabætur **- sh**

Lög um nauðungarsölur:

# Setja þak á innheimtukostnað

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti í gær breytingar á lögum sem veita gjaldþrota einstaklingum heimild til að búa í íbúðarhúsnæði sínu í allt að tólf mánuði eftir nauðungarsölu, með leyfi skiptastjóra.

Einnig að eftir að eign hefur verið seld nauðungarsölu geti kröfuhafi ekki krafist greiðslu hærri eftirstöðva en sem nemur mismun á uppboðsverði og markaðsverði.

Þá eru í lögunum ákvæði um að sett verði þak á innheimtukostnað lögmanna og að innheimtukostnað megi ekki heimta af vanskilum afborgana og vaxta. **- pg**

Ósamlyndi á Alþingi:

# Þinglok eru enn í óvissu

**ALÞINGI Óvíst er hvenær þingstörfum lýkur. Samkvæmt starfsáætlun á að funda um helgina og fresta þingi á næsta þriðjudag.**

**Stjórn og stjórnarandstöðu greinir á um forgangsröðun þeirra mála sem óafgreidd eru. Meðal þess sem um helstu frumvörp um stjórnlagaþing, niðurlagningu Varnamálastofnunar og breytingar á stjórnarráðinu, en þær fela í sér að ráðuneytum verði fækkað úr tólf í níu.**

**Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins funduðu forystumenn flokkanna í gær og reyndu að ná samkomulagi en niðurstaða fékkst ekki. Þingfundur stóð enn þegar blaðið fór í prentun.** **- pg**

## SUÐUR-KÓREA

### Sprakk í flugtaki

Suður-kóresk geimskutla sprakk í loft upp skömmu eftir flugtak í gær. Fréttastofa CNN greindi frá þessu. Geimskutlunni var ætlað að ferja gervihnött út í geiminn sem átti að mæla loftslagsbreytingar.

# Ristilhreinsun Jónínu sögð vera gagnslaus

**Aðstoðarlandlæknir segir ekkert gagn af ristilskolunum Jónínu Benediktsdóttur. Hún segir hann ekki starfi sínu vaxinn og gagnrýnir að hann hafi ekki skoðað meðferðarstöðina. Hann segir óþarft að reyna meðferðina „á eigin skrokki“.**

**NEYTENDAMÁL** Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir varar Jónínu Benediktsdóttur við því að ristilhreinsunarmeðferð hennar geti stangast á við lög um skottulækningar.

Landlæknisembættið tók saman greinargerð vegna „svokallaðrar „Detox-læknismeðferðar“ eða „Detox-heilsumeðferðar“ á vegum Jónínu Benediktsdóttur íþróttafræðings. Kveikjan er sögð fjöldi kvartana og ábendinga.

Fram kemur í greinargerðinni að Jónína hafi í október 2008 viljað hitta Matthías aðstoðarlandlækni til að ræða þá hugmynd að breyta einhverri af heilsustofnunum ríkisins í Detox-læknismeðferðarstöð. Áður hafði Jónína sent Matthíasi bréf. „Matthías þröngsýni þín segir mér að þú sért starfi þínu ekki vaxinn,“ skrifaði Jónína og bætti við: „Ef þú heldur að læknar hafi einkarétt á sjúkdómum fólks þá er það rangt. Fólkið vill sjálft lækna sig. Má það?“

Í bréfi til Jónínu kveðst Matthías „ekki bjartsýnn“ á þátttöku ríkisins í þjónustu sem ekki byggist á miklum vísindarannsóknum. „Tilfinning okkar nægir ekki, enda hefur til dæmis komið til okkar fólk sem telur sig geta læknað allt frá áfengissýki og einhverfu með sérstökum aðferðum,“ skrifar hann.

Í greinargerðinni segir að Jónína hafi gert athugasemd við það að fulltrúar landlæknis hafi ekki komið og skoðað meðferðarstöðina eða fræðst sérstaklega um „Detox-prógrammið“. Matthías segir hins vegar að auðvelt sé að kynna sér meðferðina án þess að koma á staðinn, því enginn skortur sé á auglýsingaefni. „Engin ástæða er til að eftirlitsstofnanir reyni alla meðferð á eigin skrokki,“ segir hann.

Þá tekur Matthías fram að þótt ráða hafi mátt af auglýsingum að um læknismeðferð væri að ræða hafi Jónína ekki gert formlegt tilkall til þeirrar skilgreiningar. Starfsemin sé því í raun ekki undir eftirliti landlæknis. Embættið hafi hins vegar skyldur við almenning. „Megingagnrýni á hina svokölluðu Detox-meðferð varðar ristilhreinsanir. Enginn fótur er fyrir gagnsemi þeirrar meðferðar. Líkaminn sér að jafnaði sjálfur um að hreinsa út eiturefni. Sé haldið fram að slíkt sé hægt með því að skola neðsta hluta ristilsins þarf að sýna fram á vísindarannsóknir sem styðja slíkt, en þær hafa ekki komið fram,“ segir í greinargerðinni.

Í bréfi til Matthíasar í desember 2009 frábiður Jónína sér afskipti hans af detox-stöðinni: „Ef þú og þetta fólk heldur áfram þessu einelti á hendur mér, starfsfólki mínu og fyrirtæki mun ég kæra þig og þau til dómstóla fyrir ítrekaðan atvinnuróg.“ **gar@frettabladid.is**



**MATTHÍAS HALLDÓRSON OG JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR** Aðstoðarlandlæknir telur ekki nóg að byggja þátttöku ríkisins í kostnaði við ristilshreinsun í Detoxi Jónínu Ben á tilfinningu fyrir heilnæmi þess heldur þurfi vísindaleg rök byggð á rannsóknum. Jónína býður upp á ristilskolun að pólskri fyrirmynd í meðferðarstöð sinni Detox Jónínu Ben sem er til húsa á Keflavíkurflugvelli.



**AUSTURVÖLLUR** Myndbandið hefur vakið mikla athygli og um þriðjungur svarenda sagðist hafa sent það til vina í útlöndum.

Íslendingar jákvæðir:

# Ánægja með Íslandsátakið

**IÐNAÐUR Níu af hverjum tíu Íslendingum þykir ferðaþjónustuátakið Inspired by Iceland hafa heppnast vel. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar MMR um viðhorf og þátttöku almennings í átakinu.**

**Tæplega 70 prósent svarenda sögðust hafa séð myndbandið sem Íslendingar voru hvattir til að senda fólki í útlöndum. Hátt í þriðjungur þeirra sagðist hafa sent myndbandið til vina eða kunningja erlendis. 65 prósent þeirra sem sendu myndbandið höfðu fengið jákvæð viðbrögð við því.** **- þeb**

Frumvarp fjármálaráðherra:

# Lög um skattfrelsi afskrifta

**ALÞINGI** Tíu milljóna króna eftirgjöf á veðskuld hjá einstaklingi verður skattfrjáls, samkvæmt frumvarpi sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Hjá hjónum getur skattfrjáls afskrift numið allt að 20 milljónum. Sé afskriftin á bilinu 20 til 40 milljónir hjá einstaklingi en tvöfalt hærri hjá hjónum ber að telja helminginn fram til skatts.

Í frumvarpinu kemur fram að það teljist skattfrjáls skilmálabreyting ef endurgreiðsla láns er flutt úr erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur og höfuðstóll leiðréttur til lækkunar. **- pg**




Í fyrsta sinn sem litið er framhjá meðábyrgð af sanngirnisástæðum:

# Sundlaugardómur markar tímamót

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Reykjavíkurborg til að greiða pólskum manni 50 milljónir króna í skaðabætur vegna alvarlegs slyss sem maðurinn varð fyrir í Laugardalslaug í apríl 2007.

Maðurinn stakk sér í grunna enda 50 metra laugarinnar í Laugardal, hálsbrotnaði og varð fyrir miklum mænuskaða. Hann er nú ósjálfbjarga í hjólastól og þarf þvaglegg og lyfjaaðstoð til að hafa hægðir.

Héraðsdómur komst að því að merkingum hefði verið ábótavant á bakkanum og voru manninum dæmdar 33 milljónir króna í bætur í héraðsdómi. Hann var þó látinn bera þriðjung kostnaðarins sjálfur enda talinn meðábyrgur fyrir slysinu.

Hæstiréttur ákvað hins vegar að nýta þá heimild í skaðabótalögum að líta fram hjá meðábyrgð hins slasaða, með tilliti til þess að ábyrgð hans var óveruleg, tjónið gríðarlega mikið og að Reykjavíkurborg var tryggð fyrir því.

Ólafur Örn Svansson, lögmaður mannsins, segir dóminn marka tímamót að því leyti að þetta sé í fyrsta sinn sem dómstóll á Íslandi beitir þessari heimild. Þar að auki hafi Íslendingar tekið skaðabótalöggjöf sína svo til beint upp úr dönskum lögum og hann viti ekki til þess að heimildinni hafi nokkru sinni verið beitt þar heldur. **- sh**



**LAUGARDALSLAUG** Maðurinn stakk sér í grynnri enda laugarinnar og beið af varanleg örkuml. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

N1

# LANDS LEIKURINN

## SUMARIÐ 2010

### STIMPLAÐU ÞIG INN Í SUMARIÐ MEÐ N1

Taktu þátt í skemmtilegum leik á ferðalaginu í sumar. Safnaðu stimplum í Vegabréfið þitt hjá þjónustustöðvum N1 um land allt, lærðu meira um landið þitt og fáðu skemmtileg verðlaun. Þú skilar svo inn fullstimpluðu Vegabréfi og átt kost á glæsilegum vinningi! **Vertu með.**

GJAFIR FYRIR DUGLEGA STIMPLA-SAFNARA

### VINNINGAR

1x **FERÐ INNANLANDS FYRIR FJÖLSKYLDUNA**
**Ferð fyrir fjóra:** Flug, gisting, miðar í leikhús, gjafabréf út að borða, afnot af bílaleigubíl frá Bílaleigu Akureyrar og skotskilfur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3x BROIL KING GEM | 3x GARMIN | 3x iPOD NANO | 10x DVD FERÐASPILARI |
| 10x iPOD SHUFFLE | 10x N1 INNKORT | 20x FERÐASPIL | 20x PARTÍPLATTAR (SUBWAY) |
| 20x ÁRSKORT FYRIR FJÖLSKYLDUNA (FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN) | 20x MÁLTÍÐ FYRIR FJÖLSKYLDUNA (serrano) | 20x MÁLTÍÐ FYRIR TVO (ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010) | |
| 200x BÍÓMIÐAR FYRIR TVO (LAUGARÁS BÍÓ) | | | |

340 VINNINGAR

NÁÐU ÞÉR Í VEGABRÉF Á NÆSTU ÞJÓNUSTU-STÖÐ N1

N1 LANDS LEIKURINN SUMARIÐ 2010 VEGABRÉF



Fylgstu með okkur á Facebook. Heppnir Facebook-félagar fá óvæntan glaðning reglulega í sumar.

WWW.N1.IS / Sími 440 1000

Meira í leiðinni

## VEISTU SVARIÐ?

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,89 | 130,51 |
| Sterlingspund | 189,98 | 190,90 |
| Evra | 156,54 | 157,42 |
| Dönsk króna | 21,039 | 21,163 |
| Norsk króna | 19,836 | 19,952 |
| Sænsk króna | 16,343 | 16,439 |
| Japanskt jen | 1,4223 | 1,4307 |
| SDR | 189,53 | 190,65 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,077

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kærunefnd úrskurðar Landsvirkjun brotlega í útboði á Búðarhálsvirkjun:

# Gert að bjóða út verk á EES

**DÓMSMÁL** „Úrskurðurinn er mikil vonbrigði fyrir Landsvirkjun,“ segir Ragna Sara Jónsdóttir, yfirmaður samskiptasviðs.

Verktakafélagið Glaumur ehf. og Árni Helgason ehf. voru saman lægstbjóðendur í upphafsverk Búðarhálsvirkjunar en var synjað af Landsvirkjun sökum þess að fyrirtækin uppfylltu ekki skilyrði útboðsgagna um hæfni. Lægstbjóðendur lögðu fram kæru á hendur Landsvirkjun á þeim grundvelli að bjóða hefði átt verkið út á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Kærunefnd útboðsmála féllst á kröfuna sem Ragna Sara segir orsaka enn frekari tafir í framkvæmdum, en fyrst var áritaður samningur um byrjun framkvæmda í Búðarhálsvirkjun árið 2001.

„Ferlið sem fylgir því að bjóða út verk á Evrópska efnahagssvæðinu er tímafrekt og mun seinka framkvæmdaferlinu á þann hátt að það verður í fyrsta lagi hægt að byrja við Búðarhálsvirkjun á haustmánuðum þessa árs,“ segir hún.

Ekki er vitað um fjárhagslegt tjón Landsvirkjunar vegna málsins að svo stöddu, en öll verk sem uppfylla kröfur verða nú framvegis boðin út til EES. **- sv**



**LANDSVIRKJUN** Dæmt í útboðsmáli á Búðarhálsvirkjun og Landsvirkjun þarf að fresta framkvæmdum.

Bankar fá umhverfisverðlaun:

# Sagðir grænir og sjálfbærir

**UMHVERFISMÁL** Norðurlandaráð veitti nýverið þremur bönkum náttúru- og umhverfisverðlaunin 2010. Merkur Andelskasse, Ekobanken og Cultura Bank fengu verðlaunin fyrir græna og sjálfbæra stefnumótun.

Afhenda á verðlaunin á Norðurlandaráðsþinginu sem haldið verður í Reykjavík í byrjun nóvember, að því er segir í tilkynningu ráðsins. Í fyrra fékk sænska verkefnið „Í öllu veðri“ verðlaunin og íslenska fyrirtækið Marorka árið 2008. **- óká**

Sjúkraliðar krefjast aðgerða:

# Vilja aflétta launafrystingu

**KJARAMÁL** Kjaramálanefnd Sjúkraliðafélagsins krefst þess að frystingu launa sjúkraliða verði aflétt. Launin hafi staðið í stað síðan samningar urðu lausir fyrir 14 mánuðum síðan. Í yfirlýsingu nefndarinnar frá því í gær segir meðal annars að félagsmálaráðherra lýsi opinberum kvennastéttum stríði á hendur með launafrystingu.

Gagnrýnt er að ráðherra skapi hefðbundin karlastörf með byggingu húsa eins og nýs sjúkrahúss og greiði þau störf með frystingu launa og kjaraskerðingu sjúkraliða og annarra láglaunastétta. **- sv**

Nær milljón í bætur:

# Tvö ár fyrir að nauðga stúlku

**DÓMSMÁL Ungur maður hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir nauðgun. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða fórnarlambinu 800 þúsund krónur í miskabætur.**

**Umræddir einstaklingar höfðu verið ásamt fleirum í gleðskap í heimahúsi. Stúlkan, sem nauðgað var, varð ölvuð og sofnaði inni í herbergi. Hún vaknaði við að maðurinn var í rúminu hjá henni og var að koma fram vilja sínum. Stúlkan hrinti honum þá ofan af sér.**

**Hún fór á neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana. Maðurinn og stúlkan þekktust ekki. -jss**

## LEIÐRÉTTING

Í frétt um styrkjamál Sigurðar Kára Kristjánssonar í gær sagði á einum stað að kostnaður við prófkjör hans hefði verið 6,7 milljónir króna. Þar átti að standa að Sigurður hefði þegið styrki fyrir 4,7 milljónir, eins og kom fram á öðrum stöðum í fréttinni.

# Algengast að ungir þjófar komi aftur

**Ísland kemur mjög vel út í samanburðarrannsókn á endurkomum brotamanna í fangelsi, sem gerð var á öllum Norðurlöndunum. Í heildina er það með bestu útkomuna ásamt Noregi. Langalgengast er að ungir þjófar komi aftur.**

**FANGELSISMÁL** Ísland kemur mjög vel út í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir hvað varðar endurkomur brotamanna í fangelsi. Langalgengast er, að ungir þjófar komi aftur.

Þetta sýnir ný norræn samanburðarrannsókn sem Fangelsismálastofnun kynnti í gær. Þá sýna niðurstöður rannsóknarinnar að því er ekki þannig farið, eins og margir telja, að mikill meiri hluti þeirra sem afplána refsingu í fangelsum brjóti af sér á ný og komi fljótlega inn til afplánunar aftur.

Á Íslandi eru um 50 fangar á hverja 100 þúsund íbúa en um 70 á hinum Norðurlöndunum, að því er fram kom í máli Erlends S. Baldurssonar, afbrotafræðings hjá Fangelsismálastofnun, sem kynnti skýrsluna. Kostnaður við hvern fanga á ári er 8.8 milljónir króna.

Rannsóknin fór fram með þeim hætti að mælt var hversu margir af þeim sem látnir voru lausir árið 2005, eftir afplánun fangelsisrefsingar, höfðu fengið nýjan refsidóm innan tveggja ára. Sama athugun var gerð á þeim sem hófu samfélagsþjónustu 2005 eða sættu öðrum úrræðum utan fangelsa eins og rafrænu eftirliti.

Noregur reyndist hafa fæstar endurkomur þeirra sem luku afplánun fangelsisrefsinga. Ísland var þar í öðru sæti. Enn fremur sýndu niðurstöðurnar að færri Íslendingar sem afplánuðu refsingu utan fangelsis hlutu dóm innan tveggja ára. Noregur og Ísland komu best út úr þessum samanburði en Svíþjóð og Finnland verst.

Í máli Erlends kom fram að hluti skýringar á þeim mikla mun sem er á endurkomum þeirra sem afplánað hafa fangelsisrefsingu sé væntanlega sá að fangahóparnir á Norðurlöndum séu misjafnlega samsettir. Erlendur nefndi sem dæmi að um átta prósent fanga í Finnlandi sitji til dæmis inni fyrir hraðakstur. Stærð og gerð fangelsa, framkvæmd refsinga, starfsfólk, meðferðarmöguleikar og fleira hafi einnig áhrif á endurkomu. Rannsóknin leiddi í ljós að þeir sem dæmdir eru fyrir ofbeldisbrot, kynferðisbrot og fíkniefnabrot koma sjaldnar aftur heldur en þeir sem dæmdir hafa verið fyrir þjófnað og umferðarlagabrot. Brotamenn sem koma aftur koma yfirleitt ekki fyrir brot af sama tagi og fyrr. Kynferðisbrotamenn eru ólíklegastir til þess að vera dæmdir að nýju fyrir kynferðisbrot. **jss@frettabladid.is**



**SAMANBURÐARSKÝRSLA KYNNT** Þau kynntu niðurstöður samnorrænu rannsóknarinnar, frá vinstri: Hafdís Guðmundsdóttir skrifstofustjóri, Erlendur S. Baldursson afbrotafræðingur og Páll E. Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar.

### Norðmenn standa sig best

| | Danmörk | Finnland | Ísland | Noregur | Svíþjóð |
|---|---|---|---|---|---|
| *Hlutfall fanga sem fengu dóm innan 2 ára eftir lausn* | 29% | 36% | 27% | 20% | 43% |
| *Fengu dóm innan 2 ára eftir að samfélagsþjónusta hófst* | 22% | 25% | 16% | 21% | 20% |
| Endurkomur alls | 26% | 31% | 24% | 20% | 30% |



**HAÍTÍ** Mikil neyð er enn á Haítí eftir að jarðskjálftinn reið þar yfir fyrir fimm mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rauði kross Íslands:

# Fimm starfsmenn á Haítí

**HEILBRIGÐISMÁL Fimm hjálparstarfsmenn á vegum Rauða krossins eru nú að störfum á Haítí. Alls hefur 21 Íslendingur starfað fyrir Rauða krossinn þar frá því að jarðskjálfti reið yfir fyrir nokkrum mánuðum.**

**Gunnar Helgason hjúkrunarfræðingur bættist í gær í hóp hjálparstarfsmannanna. Þeir starfa allir á sjúkrahúsi á vegum finnska og þýska Rauða krossins. Fyrir í Port-au-Prince eru Margrét Rögn Hafsteinsdóttir, Oddfríður Ragnheiður Þórisdóttir og Elín Jakobína Oddsdóttir hjúkrunarfræðingar, og Kristjón Þorkelsson sendifulltrúi. - þeb**

Brutu lög um olíugjald:

# Dæmd fyrir litaða dísilolíu

**DÓMSMÁL** Hjón voru í gær dæmd til að borga sekt fyrir að hafa notað litaða díselolíu í stað venjulegrar díselolíu. Þau voru dæmd í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að hafa gerst brotleg við lög um olíugjald og kílómetragjald.

Hjónin voru stöðvuð af lögreglu á Hrísmýri á Selfossi í janúar síðastliðnum.

Hjónin voru bæði tvö dæmd til þess að greiða 200 þúsund krónur í sekt eða samanlagt fjögur hundruð þúsund. **- þeb**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**
Frábært veður á Norður- og Austurlandi þessa helgina en þar verður bjart og allt að 18°C. Annars verður ekki hægt að kvarta mikið yfir veðrinu í öðrum landshlutum nema hugsanlega á suðvesturhorninu um tíma á morgun en veður batnar til muna annað kvöld.



**Á MORGUN**
8-13 m/s SV-til, annars hægari.

**SUNNUDAGUR**
3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 31° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 18° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 23° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 18° |
| París | 25° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI
TOYOTA
VERSO
PRIUS
YARIS
Komum öll í afmæli!
Gerið góð kaup á afmælissýningunni
ÍSLENSKA SIA.IS TOY 50567 06/10
AFMÆLISSÝNING - Toyota á Íslandi í 40 ár
Á morgun, laugardag, kl. 12:00 - 16:00 í Kópavogi, Reykjanesbæ, á Selfossi og Akureyri.
GERÐU FRÁBÆR KAUP!
Sölumenn okkar eru í hátíðarskapi og sýna einstaka samningalipurð í tilefni dagsins.
AFMÆLISTERTA
og glaðningur fyrir börnin.
SMELLT TIL VERÐLAUNA
Úrslit í ljósmyndasamkeppninni:
Á afmælishátíðinni verða kynnt nöfn þeirra 5 sigurvegara sem unnu til glæsilegra verðlauna í ljósmyndakeppni Toyota á Íslandi í tilefni af 40 ára afmælinu.
2010 TOYOTA DRIVE
www.toyota.is
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000
Today Tomorrow Toyota

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að fylgjast með HM í knattspyrnu?*

| | |
|---|---|
| Já | 43,6% |
| Nei | 56,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á fjármálastjóri Orkuveitunnar að fá lúxusbíl frá fyrirtækinu?*

Segðu skoðun þína á Vísi. vísir

Þrír karlmenn ákærðir fyrir ofstopa og hótanir í garð lögreglumanna:

# Hrottalegar líflátshótanir

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært þrjá menn í Reykjanesbæ fyrir að hóta lögreglumönnum lífláti, einn þremenninganna fyrir að hóta að skera börn tveggja lögreglumanna á háls og annan þeirra fyrir hrækja í andlit og á höfuð lögreglumanns. Öll áttu brotin sér stað á síðasta ári.

Einum mannanna, sem er á fertugsaldri er gefið að sök að hafa í júní 2009 á skemmtistaðnum Officeraklúbbnum slegið lögreglumann sem þar var við skyldustörf, með báðum höndum í brjóstkassann.

Í lögreglubifreið á leið á lögreglustöð og á stöðinni sjálfri hótaði maðurinn þremur lögreglumönnum ítrekað lífláti.



**LÖGREGLUBIFREIÐ** Mennirnir höfðu uppi hótanir í lögreglubílum.

Hinir tveir sem ákærðir hafa verið eru um tvítugt. Annar þeirra er ákærður fyrir að hafa á akbrautinni við Hringbraut í Reykjanesbæ hótað þremur lögreglumönnum, sem þar voru við skyldustörf, lífláti.

Hinn er ákærður fyrir að hafa á sama stað hrækt tvisvar sinnum í andlit og á höfuð lögreglumanns og hótað honum og öðrum lögreglumanni lífláti. Jafnframt að hafa skömmu síðar, í lögreglubifreið á leið á lögreglustöðina við Hringbraut 130, hótað tveim lögreglumönnum lífláti og að skera börn þeirra á háls, eins og segir í ákæru. **- jss**

Sauðfjárbændur mótmæla:

# Vilja halda í ráðuneytið

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda mótmælir fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um að leggja af landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið.

Í ályktun stjórnar segir að eindregin andstaða hafi komið fram frá þeim sem starfa innan landbúnaðar og sjávarútvegs, en ríkisstjórnin hafi kosið að hafa hana að engu. „Samtökin hljóta að spyrja sig hvort það sé beinlínis stefna ríkisstjórnarinnar að valda þessum grunnatvinnuvegum íslenskrar þjóðar tjóni.“ **- kóp**

CISV iceland
building global friendship

Nokkur sæti laus!

Ert þú 21 árs eða eldri? Viltu taka þátt í ævintýralegu verkefni í sumar? Viltu eignast 75 nýja vini allstaðar að úr heiminu? Hefur þú gaman af því að vinna með börnum og unglingum? CISV á Íslandi (Alþjóðlegar sumarbúðir barna, www.cisv.is ) leitar að sjálfboðaliðum til að taka þátt í því frábæra starfi sem fer fram í sumar frá 25.júní – 22.júlí.

Einnig er laust fyrir stelpu/strák 17 – 18 ára í Seminar búðir sem haldnar verða í Lúxemborg þann 31.júlí – 20.ágúst.

Nánari upplýsingar gefur Arnór Fannar í síma 693 7823 eða Halla í síma 692 6846.

# Telur upptöku evru enn álitlegan kost

**Toomas Ilves, forseti Eistlands, er í opinberri heimsókn hér á landi. Eistar munu taka upp evru í upphafi næsta árs og þrátt fyrir núverandi erfiðleika evrusvæðisins telur Ilves kosti evrunnar vega þyngra en galla hennar.**

**EFNAHAGSMÁL** „Sé horft á vandamálin sem við höfum þurft að glíma við vegna skorts á trausti á gjaldmiðlinum okkar þá, þrátt fyrir erfiðleikana sem evrusvæðið gengur nú í gegnum, er mun betri ákvörðun að vera innan evrusvæðisins en utan þess séu kostir og gallar vegnir,“ sagði Toomas Hendrik Ilves, forseti Eistlands, á blaðamannafundi á Bessastöðum í gær er hann er í opinberri heimsókn á Íslandi.

„Ef við höfum lítið land með fjárfesta sem flýja með fjármagn sitt vegna vantrausts á gjaldmiðlinum og stöðugar fréttir um að gjaldmiðillinn muni veikjast, án nokkurrar sýnilegrar ástæðu, þá verður að skoða aðra möguleika,“ sagði Ilves ennfremur og bætti síðan við að ef litið sé bara á lægri viðskipta- og vaxtakostnað sem upptaka evru hefði í för með sér, sé vænst að landsframleiðsla Eistlands muni aukast um eitt prósent strax við upptöku.

Fjármálaráðherrar Evrópusambandsríkjanna samþykktu á fundi sínum á þriðjudaginn að Eistland taki upp evruna í byrjun næsta árs. Landið gekk í Evrópusambandið árið 2004 en upphaflega var stefnt að upptöku evru árið 2007. Það hefur dregist vegna mikillar verðbólgu í landinu en í kjölfar heimskreppunnar, sem hófst árið 2008, hefur verulega dregið úr verðbólgunni og er hún nú komin vel niður fyrir viðmiðunarmörk evrusvæðisins.

Ilves, eiginkona hans og fylgdarlið komu hingað til lands síðdegis á miðvikudag en þau hverfa af landi brott snemma á laugardaginn.



**TOOMAS ILVES OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Forseti Eistlands ásamt forseta Íslands á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Lánshæfismat hækkaði við fréttirnar**

Í kjölfar staðfestingar þess að Eistland muni taka upp evru í janúar næstkomandi hækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) lánshæfiseinkunn landsins um einn flokk, úr A- í A, í gær. Rökstuðningur S&P fyrir hækkuninni var að upptaka evru ætti að minnka gengisáhættu og auðvelda aðgang Eistlands að fjármagnsmörkuðum í Evrópu. Auk þess þykir Eistland hafa sýnt þann efnahagslega sveigjanleika sem þátttaka í myntbandalagi þarfnast. Búist er við því að matsfyrirtækin Moody's og Fitch fylgi í kjölfarið.

Ilves var kjörinn forseti Eistlands árið 2006 en var áður utanríkisráðherra landsins og seinna Evrópuþingmaður.

Ilves segir Eista tilbúna til að hjálpa Íslendingum á alla mögulega vegu í tengslum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

magnusl@frettabladid.is

2 fyrir 2400




Úrval vinsælla bóka á 2 fyrir 2400 tilboði
Gleðilegt sumarfrí!

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

Óljóst hvaða áhrif eldgosið í Eyjafjallajökli hefur á fiskistofna:

# Áhugi á frekari rannsóknum

**SJÁVARÚTVEGUR** Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa áhuga á að kanna frekar áhrif gossins í Eyjafjallajökli á fiskistofna hér við land. Þó er talið ólíklegt að það takist að einangra þátt gossins frá öðrum áhrifavöldum á vöxt og viðgang fiskistofna við landið.

Eins og Fréttablaðið hefur sagt frá bendir tilraun í eldisstöð Hafró í Grindavík til að mengun vegna hlaupvatns og gosefna hafi dregið úr klaki um 12 prósent í Markarfljótssjónum og 40 prósent í Svaðbælissjónum miðað við ómengaðan sjó úr Faxaflóa.

Björn Gunnarsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir að þar hafi menn áhuga á að gera frekari tilraunir og kanna áhrif ösku á lífið í hafinu. Líklega geti þó ekki orðið af því þetta árið. Alltaf verði erfitt eða útilokað að öðlast vissu um áhrif gossins á fiskistofna. Fjölmargir aðrir óvissuþættir í náttúrunni geti haft áhrif á stofnana. **- pg**



**EYJAFJALLAJÖKULL** Áhugi er á því að gera frekari rannsóknir á áhrifum gossins á fiskistofna. Þó er erfitt að öðlast vissu um áhrifin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Höfum opnað nýja sérverslun
með parket og flísar
Opnunartilboð!
25% afsláttur
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
HEIMA
HÚSIÐ
Síðumúla 30 2. hæð, 108 Reykjavík, sími 562 4242, verslun@gallerygolf.is, www.gallerygolf.is
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er upphæð gjaldmiðlaskiptasamnings Seðlabanka Íslands og Kína?
2. Hvernig fór handboltaleikur Íslendinga og Dana á miðvikudagskvöld?
3. Við hvaða erlenda kvikmynd er íslenska leikkonan Anita Briem orðuð?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Ljóðabók unnin upp úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur á markað:

# Endurspeglun á samtímanum

**MENNING** Ljóðbók sem unnin er upp úr skýrslu Rannsóknanefndar Alþingis er komin út. Ber hún heitið Gengismunur og er eftir skáldið Jón Örn Loðmfjörð. Jón vann ljóðin með hjálp ljóðavélarinnar Gogga, tölvuforrits sem hann þróaði árið 2007 í þeim tilgangi að ná fram og búa til tilviljanakennda texta í rauntíma úr Moggablogginu.



**JÓN ÖRN LOÐMFJÖRÐ**

„Ég vissi að ég varð að gera eitthvað með skýrsluna þegar hún kom út," segir Jón, „Mér finnst hún endurspegla samtímann á áhugaverðan hátt og er búinn að sjá hvert einasta orð í henni að minnsta kosti tvisvar."

Jón er titlaður sem stafrænuskáld á vefsíðu sinni og segir hann að titillinn standi fyrir þann sem notar tölvur og internetið sem innblástur við sköpun og miðil fyrir verkin. Segir hann að þetta sé skemmtileg blanda af bókaútgáfu og Netinu, - sv

**Úr Gengismun**

í skuldaaukningu hlutabréfanna
í mögulegri vaxtagreiðslu veðanna
í áhrifalausum seðlabönkum

vaka milljarðar
og upphæðin aumkvast
yfir þínum krónum

Fjöldamorðin í Bosníu:

## Lífstíð fyrir þjóðarmorð

**HAAG, AP Þrír Bosníuserbar hafa verið dæmdir sekir fyrir þjóðarmorð af Stríðsglæpadómstólnum í Haag. Tveir fengu lífstíðarfangelsi og sá þriðji 35 ára dóm.**

**Glæpirnir voru framdir árið 1995 þegar um átta þúsund múslímar voru myrtir í Srebrenica í Bosníu og eru þetta talin alvarlegustu fjöldamorð í Evrópu síðan í seinni heimsstyrjöldinni.**

**Mennirnir voru allir háttsettir í her Bosníuserba og fylgdu skipunum herforingjans Ratko Mladic, sem er á flótta.** - sv



**LANDSPÍTALINN** Hönnun á nýrri 66 þúsund fermetra byggingu fer á fullt í haust.

Bygging nýs Landspítala:

## Tillögum um nýtt hús skilað

**FRAMKVÆMDIR Gögnum vegna frumhönnunar nýs Landspítala var skilað inn til Ríkiskaupa í gær. Alls vinna fimm hönnunarhópar að tillögum. Niðurstöður samkeppninnar verða gerðar opinberar 9. júlí.**

**Annars vegar taka tillögurnar til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut í heild sinni og hins vegar til nýrrar 66 þúsund fermetra byggingar við spítalann. Þá er hluti verkefnisins að skoða frumhönnun á 10 þúsund fermetra byggingu fyrir Háskóla Íslands. Einungis er um frumhönnun að ræða nú og gert er ráð fyrir að hönnun hefjist af fullum krafti í ágúst. Alls sitja níu í dómnefnd.** - kóp

**KONGÓ**

### Dæmdir til dauða

Herdómstóll í Kongó hefur dæmt tvo Norðmenn til dauða í annað sinn. Dæma þurfti aftur í máli mannanna vegna tæknigalla. Þeir voru sakfelldir fyrir njósnir og morð.

**SAMGÖNGUR**

### Flogið til Þrándheims

Icelandair hóf í gær áætlunarflug til Þrándheims í Noregi. Flogið verður til og frá Þrándheimi tvisvar í viku til 8. október í haust. Á leiðinni til Íslands er komið við í Björgvin. Bókanir í Þrándheimsflugið munu vera framar væntingum.

# Bað þjóðina afsökunar á sjónarspili

**Dylgjur um óeðlileg tengsl við breska lögfræðistofu vöktu hörð viðbrögð þingmanna úr stjórnarandstöðu. Skilyrt afsökunarbeiðni barst frá upphafsmanni umræðu en Þráinn Bertelsson bað þjóðina afsökunar á dapurlegu sjónarspili.**

**ALÞINGI** Þráinn Bertelsson, óháður þingmaður, bað þjóðina afsökunar á því að vera þátttakandi í því dapurlega sjónarspili sem fram hafi farið á Alþingi í gær. Þingið komist ekki úr hjólförum haturs og gagnkvæmra ásakana. Stjórnmálaflokkarnir séu að festa þjóðina í mykjuhaug og staðfesta eigið getuleysi til að bjarga þjóðinni úr ógöngum sem þeir hafi sjálfir komið henni í.

Tilefni þessarar yfirlýsingar Þráins voru hörð orðaskipti þingmanna við upphaf þingfundar. Þau hófust þegar Björn Valur Gíslason, VG, krafði Sigurð Kára Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, svara um hvort hann tengdist á einhvern hátt eða hefði þegið greiðslur frá bresku lögfræðistofunni Mishcon de Reya, en sú fékk 22 milljónir króna greiddar frá Alþingi vegna vinnu við Icesave-málið.

Sigurður Kári sagði svívirðilega aðdróttun felast í orðum Björns Vals. Tengsl sín við þessa stofu væru engin: „Ég skil ekki af hverju íslensk stjórnmál þurfa að vera komin niður á það plan sem [Björn Valur Gíslason] hefur dregið þau niður á," sagði Sigurður Kári. Það væri Birni Val og flokki hans til skammar að fara fram með þessar ásakanir. „Hann ætti að skammast sín og biðjast afsökunar," sagði Sigurður Kári.

Nokkrir þingmenn úr stjórnarandstöðu fóru hörðum og reiðilegum orðum um framgöngu Björns Vals. Fleiri en Þráinn hörmuðu þá umræðusiði sem tíðkast nú á Alþingi. Var þess krafist að forseti þingsins vítti Björn Val. Stjórnarliðar höfðu sig ekki í frammi. Árni Þór Sigurðsson, flokksbróðir Björns, sem sat á forsetastóli, gaf loks þá yfirlýsingu að hann hefði talið að um væri að ræða fyrirspurn Björns Vals til Sigurðar Kára og að ekki hefðu falist í henni dylgjur.

„Ef orð mín hafa misboðið háttvirtum þingmanni þá bið ég afsökunar á því," sagði Björn Valur þegar hann tók á ný til máls, „en þetta voru einfaldar spurningar og ég fékk við þeim svör, er ekki allt í lagi með það?"

peturg@frettabladid.is



**REIÐILEGAR UMRÆÐUR** Aðrir stjórnarþingmenn sátu hjá meðan Björn Valur Gíslason, þingmaður VG, fór mikinn og uppskar reiði stjórnarandstæðinga þegar hann taldi þingmann Sjálfstæðisflokks þurfa að standa skil á tengslum við breska lögfræðistofu.

> Ef orð mín hafa misboðið háttvirtum þingmanni þá bið ég afsökunar á því.
>
> **BJÖRN VALUR GÍSLASON**
> ÞINGMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

> Hann ætti að skammast sín og biðjast afsökunar.
>
> **SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**
> ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS



**LÍK PILTSINS FLUTT BURT** Sergio Adrian Hernandez Huereka féll fyrir byssum lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reiði í Mexíkó:

## Piltur skotinn við landamæri

**MEXÍKÓ, AP** Mexíkóbúar eru reiðir Bandaríkjamönnum vegna atviks í El Paso á mánudag, þegar fjórtán ára piltur lét lífið eftir að hafa fengið skot í sig frá bandarískum landamæravörðum.

Svo virðist sem vörðurinn hafi hleypt af byssu eftir að hópur fólks hóf grjótkast að bandarískum landamæravörðum.

Þetta er í annað skipti á hálfum mánuði sem bandaríska landamæragæslan veldur dauðsfalli í Mexíkó. Í fyrra tilfellinu var það 32 ára maður, Anastasio Hernandez, sem lét lífið eftir að rafbyssa var notuð á hann við landamærahliðið í San Ysidoro. - gb

Ný rannsókn í London:

## Bretum sama um blótsyrði

**LONDON, AP Rannsókn fjölmiðlafyrirtækisins Ofcom í Bretlandi sýnir fram á að flestir Bretar eru tilbúnir til að leiða hjá sér blótsyrði í fjölmiðlum. Þátttakendur í rannsókninni horfðu á valin atriði úr sjónvarpsþáttum, íþróttaviðburðum og á hinn síblótandi sjónvarpskokk, Gordon Ramsay. Niðurstöður sýndu að áhorfendum stóð á sama um vægi blótsyrði en grófari niðurlægjandi orð höfðu neikvæð áhrif.** - sv


# Úrval ríkisskuldabréfasjóða

Enginn munur á kaup- og sölugengi fram til 1. júlí

| Ríkisskuldabréfasjóðir | |
|---|---|
| Reiðubréf ríkistryggð | 7,09%* |
| Sparibréf stutt | 9,56%* |
| Sparibréf meðallöng | 13,24%* |
| Sparibréf löng | 15,05%* |
| Sparibréf verðtryggð[1] | – |
| Sparibréf óverðtryggð[1] | – |

### Sjóðir sem bera ávöxt

Landsbankinn býður upp á sex ríkisskuldabréfasjóði sem fjárfesta nær eingöngu í ríkistryggðum skuldabréfum. Sjóðirnir eru með sömu fjárfestingarstefnu en mismikla vaxtaáhættu. Munurinn felst aðallega í lengd þeirra skuldabréfa sem fjárfest er í og hlutfalli verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisskuldabréfa. Sjóðirnir hafa skilað betri ávöxtun en almennir innlánsreikningar síðasta árið og henta vel fyrir reglubundinn sparnað.

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4040

Landsbankinn

Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbankans eru verðbréfasjóðir samkvæmt lögum nr. 30/2003 og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. og vörslufélag þeirra er NBI hf. (Landsbankinn). Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Nánari upplýsingar um sjóðina má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr þeim á landsbankinn.is og á landsvaki.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna áður en fjárfest er í þeim.

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 28. maí 2010.
1. Sjóðurinn tók til starfa þann 7. maí 2010 og þar af leiðandi liggja upplýsingar um nafnávöxtun ekki fyrir.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM42492

# Sólstöðuhátíð víkinga
# í Hafnarfirði 11.-20. júní 2010

Viking village
Fjörukráin



Viking village
Fjörukráin

# Fjölskylduhátíð

**Víkingamarkaður – Leikhópur – Bardagavíkingar – Erlendir víkingar – Víkingaveitingastaðir í tjöldum Kraftajötnar – Handverksvíkingar – Dansleikir – Víkingasveitin – Glímumenn – Eldsteikt lamb Víkingaveislur öll kvöld, o.fl.o.fl.**

## Dagskrá sólstöðuhátíðar 2010

### Föstudagur 11. júní
17.00 Markarður opnaður. Kynning á viðburðum næstu daga, bardagasýningar, sögumenn, götulistamaður, bogfimi, tónlist, o.s. frv.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
21.00 Lokun markaðar.
23.00 Dansleikur í Fjörukránni. Víkingasveitin, Hermann Ingi, Helgi og Smári, Víkingarokksveitin Gutl hitar upp.
05.00 Lokun.

### Laugardagur 12. júní
13.00 Markarður opnaður.
14.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
14.30 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
15.00 Rósin okkar, þjóðlagasveit verður á svæðinu til kl. 17.30
16.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Harvard Din & Tonics söngflokkurinn frá Bandaríkjunum, www.dins.com
17.30 Bardagasýning.
18.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun markaðar.
23.00 Dansleikur í Fjörukránni. Víkingasveitin, Hermann Ingi, Helgi og Smári, Víkingarokksveitin Gutl hitar upp.
05.00 Lokun.

### Sunnudagur 13. júní
13.00 Markarður opnaður.
14.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
14.30 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
15.00 Rósin okkar, þjóðlagasveit verður á svæðinu til kl. 17.30
15.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Harvard Din & Tonics sönghópurinn frá Bandaríkjunum, www.dins.com
17.30 Bardagasýning.
18.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun markaðar.
23.00 Tónlist í Fjörugarðinum. Trúbador, Ólafur Árni Bjarnason.
02.00 Lokun.

### Miðvikudagur 16. Júní
19.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
23.30 Dansleikur í Fjörukránni. Víkingasveitin, Hermann Ingi, Helgi og Smári, Víkingarokksveitin Gutl hitar upp.

### Fimmtudagur 17. júní
13.00 Markarður opnaður.
14.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
14.30 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
15.00 Rósin okkar, þjóðlagasveit verður á svæðinu til kl. 17.30
16.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Bardagasýning.
18.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
18.30 Sagnakonur í Hellinum.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun markaðar.
22.30 Tónlist í Fjörugarðinum. Trúbador, Ólafur Árni Bjarnason.
02.00 Lokun.

### Föstudagur 18. júní.
13.00 Markarður opnaður. Frítt inn fyrir leikskólahópa.
14.30 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
16.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Bardagasýning.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun markaðar.
23.00 Dansleikur í Fjörukránni. Þjóðhátíðarhljómsveitin Dans á rósum frá Vestmannaeyjum.
05.00 Lokun.

### Laugardagur 19. júní.
13.00 Markarður opnaður.
13.00 Kraftakeppni Magnúsar Ver
14.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
14.20 Kraftakeppni Magnúsar Ver
14.40 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
16.00 Kraftakeppni Magnúsar Ver
16.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Bardagasýning.
18.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
18.30 Sagnakonur í Hellinum.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun markaðar.
23.00 Dansleikur í Fjörukránni. Þjóðhátíðarhljómsveitin Dans á rósum frá Vestmannaeyjum.
05.00 Lokun.

### Sunnudagur 20. júní.
13.00 Markarður opnaður.
14.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
14.30 Víkingaskóli barnanna.
15.00 Bardagasýning.
16.30 Bogfimikeppni víkinga.
17.00 Bardagasýning.
18.00 Hringhorni sýnir forna leiki.
18.30 Sagnakonur í Hellinum.
19.00 Bardagasýning.
20.00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum.
20.00 Lokun hátíðar.
23.00 Tónlist í Fjörugarðinum. Trúbador, Ólafur Árni Bjarnason.
02.00 Lokun.

## Sólstöðuhátíð víkinga er fyrir alla fjölskylduna

### 11. til 20. júní 2010

Nú líður að því að 14. hátíðin verði sett og að vanda verður mikið um fjölbreytni víkinga, dágóður hópur erlendra víkinga kemur til okkar og sumir þeirra eru að koma í fjórtánda skiptið til okkar auk þess sem stór hópur vina okkar Færeyinga láta sig ekki vanta nú auk þess að einn besti handverksmaður Grænlands verður með okkur á hátíðinni.

Tónlist verður í hávegum höfð að venju og sérstakir gestir okkar í tilefni 20 ára afmælisins verður hér heimsfrægur sönghópur The Harvard Din & Tonics sem kemur frá Bandaríkjunum og eiga þeir 13 karl söngvarar það sameiginlegt að vera frá hinum virta háskóla Harvard og koma ótrúlegustu hljóð úr börkum þessara ungu sveina og koma þeir til með að syngja fyrri helgina á hátíðinni,og mun það vera í fyrsta skipti sem þeir syngja saman í víkingaklæðum. Þeir sem áhuga hafa á því að kynna sér getu þeirra geta farið á heimasíðu þeirra www.dins.com

Þjóðlagahljómsveitin Rósin okkar verður hér í fyrsta skipti, eins er búið að endurvekja gamla víkingabandið okkar með þeim bræðrum Hermanni Inga og Helga Hermannssyni ásamt Eggert Smára Eggertssyni en þeir spiluðu hér hjá okkur á annan áratug samfleytt flesta daga og um hverja einustu helgi og áttu ekki neitt lítinn þátt í uppbyggingu Fjörukráarinnar, önnur hljómsveit sem kemur til með að vera hér einnig með dansleiki og þeir eiga líka rætur sínar að rekja til Eyja og það er stórhljómsveitin Dans á Rósum. Upphitunarhljómsveit fyrir þessa kappa er nýstofnuð hljómsveit sem ber nafnið Gutl, þannig að engum ætti að leiðast á dansleikjunum okkar. Nú fyrir utan okkar víkingasveit sem verður að sjálfsögðu hér alla dagana fjöldin allur af öðrum uppistöndurum bæði inn og erlendum.

Sögumenn, götulistamenn allslags handverksmenn sem bæði höggva í steina og tré eða berja glóandi járn, bardagamenn og bogamenn, og víkingahópurinn okkar Rimmugýgur og víkingahópurinn Hringhorni frá Akranesi,verða hér að vanda með sýnar skemmtilegu bardaga og glímutök á hátíðinni og fjöldinn allur af víkingum víðsvegar af landinu hefur boðað komu sína hingað til okkar.

Nánari upplýsingar er að finna á heimsíðu okkar

www.fjorukrain.is


ÍS HESTAR
Elding adventure at sea
FURA MÁLMENDURVINNSLA
Garri
FK FJARÐAR KAUP Ferð til fjár!
emmessís
HAFNARFJARÐARHÖFN
Gull
HAFNARFJÖRÐUR
HREYFILL BÆJARLEIÐIR 5 88 55 22
ATLANTIC AIRWAYS
Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board
HAFNARFJÖRÐUR Suðurbæjarlaug
Rekstrarvörur - vinna með þér
danól
Island ProTravel
BÍLALEIGA AKUREYRAR Europcar
SECURITAS
GARÐAPÓSTURINN
FJARÐARPÓSTURINN
Saga
ESJA KJÖTVINNSLA
ICELANDAIR
prentun.is



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Veiðifélag Breiðdalsár og leigutaki árinnar marka umhverfisstefnu:

# Aðgengi bætt fyrir fatlað fólk

**VEIÐI** Veiðifélag Breiðdalsár hefur einsett sér að bæta aðgengi við ána með lagningu vegslóða og koma í veg fyrir að ökutækjum sé beitt á ósnortið land. Ekki er þetta síst gert til að auðvelda hreyfihömluðu fólki að njóta veiða og samfélags um náttúruskoðun og er það boðið sérstaklega velkomið að ánni.

Þetta er hluti af nýrri umhverfisstefnu sem hefur verið mörkuð af veiðifélaginu og leigutaka árinnar.

Með nýrri umhverfisstefnu leggur veiðifélagið áherslu á að varðveita lífríkið og náttúruna við ána, stuðla að skapandi fiskrækt með seiðasleppingum af stofni árinnar og góðri umgengni þar sem virðing sé í fyrirrúmi. - shá



**BREIÐDALSÁ** Bryggjuhylur er stórkostlegt dæmi um hina fjölbreyttu veiðistaði í Breiðdalsá. MYND/ÞRÖSTUR ELLIÐASON

# Áminningar um skil sendar þrisvar á ári

**Þeir sem trassa að skila ársreikningum eru minntir á skilin í þrígang. Beri það ekki árangur eru þeir sektaðir um 250 þúsund krónur. Skili félag ekki reikningi þrjú ár í röð er kannað hvort það hafi starfsemi og það afskráð ef svo er ekki.**

**FRÉTTASKÝRING**
Hvernig er brugðist við vanskilum á ársreikningum?

Algengt er að fyrirtæki skili ekki ársreikningum til Ársreikningaskrár. Helsta ástæðan er gleymska og trassaskapur, samkvæmt upplýsingum frá skránni. Mörg dæmi eru um að félög, sem jafnvel hafa töluverð umsvif, hafi ekki skilað reikningum svo árum skipti.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur félagið Akurey, sem á 61 prósent í lyfjafyrirtækinu Icepharma í gegnum annað félag, aldrei skilað ársreikningi frá stofnun árið 2007. Stjórnarformaður þess og prókúruhafi, Kristján Jóhannsson, er lektor í viðskiptafræði og situr jafnframt í stjórn Arion banka sem fulltrúi Bankasýslu ríkisins.

Kristján sagðist koma af fjöllum þegar Fréttablaðið ræddi við hann. Hann hefði einfaldlega ekki vitað af vanskilunum.

Samkvæmt upplýsingum frá Ársreikningaskrá hafa öllum þeim sem hafa vanrækt að skila ársreikningum verið sendar þrjár áminningar vegna þess fyrir árið 2007 og tvær fyrir árið 2008. Kristján ætti því að hafa fengið sendar samtals fimm áminningar um að skila reikningum fyrir árin 2007 og 2008.

Ársreikningum ber að skila í síðasta lagi í lok ágúst að loknu reikningsári. Skömmu eftir að sá frestur líður sendir Ársreikningaskrá áminningu, ítrekar hana í tvígang og sendir að lokum sektarboðun. Sé reikningi þá ekki skilað innan mánaðar leggst 250 þúsund króna sekt á félagið, og tvöföld sú upphæð fyrir ítrekuð vanskil. Þessari sektarheimild var bætt í lög um ársreikninga árið 2006.

Öðru máli gegnir um félög sem uppfylla tvö af þremur lögbundnum stærðarskilyrðum tvö ár í röð; eigi 230 milljóna eignir, hafi 460 milljóna rekstrartekjur eða fjöldi ársverka sé 50. Vanskilum fyrirtækja sem uppfylla þau skilyrði er vísað til skattrannsóknarstjóra til frekari skoðunar. Ólíklegt verður þó að teljast að eignarhaldsfélagið Akurey uppfylli nema eitt þessara skilyrða.

Ef félag trassar að skila reikningum þrjú ár í röð kannar Ársreikningaskrá hvort það sýni einhver merki þess að það sé enn starfandi. Ef svo er ekki er félagið tekið af skrá í samræmi við 83. grein laga um einkahlutafélög og er þá rekið á ábyrgð eigandans.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri lýsti þeirri skoðun sinni síðasta haust í viðtali við Fréttablaðið að hann teldi að réttast væri að hann hefði heimild til að afskrá félög á grundvelli vanskilanna einna og hefði látið fjármálaráðuneytið vita af því. Úr því hefur ekki verið bætt.

stigur@frettabladid.is



**ÁRSREIKNINGAR** Á annað þúsund fyrirtækja eru í vanskilum með ársreikninga. Sum þeirra eru nokkuð umsvifamikil. Fyrirtæki mega búast við sektum ef þau bregðast ekki við áminningum um skil. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Fyrsti neminn frá Úganda útskrifast við Háskólann á Akureyri frá háskóla SÞ:

# Nýjar leiðir í gæðamati á fiski

**MENNTUN** Fyrsti nemandinn frá Úganda við Háskólann á Akureyri, Lillian Chebet, lauk meistaranámi í auðlindafræði síðasta miðvikudag. Lillian hefur stundað nám sitt síðastliðin tvö ár á Akureyri fyrir tilstuðlan Sjávarútvegsskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-FTP) eftir sex mánaða þjálfun í Reykjavík.

Meistaraverkefni Lillian ber heitið Rapid (alternative) methods for evaluation of fish freshness and quality og fjallaði um þróun á nýjum aðferðum til að meta fiskgæði.

Verkefnið tengist einnig gæðamati á Nílarkarfa sem veiðist í Viktoríuvatni, stærsta vatni Afríku, en það þekur landsvæði sem er um 65 prósent af flatarmáli Íslands. Um 200 fisktegundir lifa í vatninu og segir Lillian að námsfyrirkomulag sem þetta sé afar nauðsynlegt:

„Ég veit að ég á eftir að verða mikilvæg viðbót í starfsemina í Úganda þegar ég sný aftur heim,“ segir Lillian, en hún segist hafa öðlast ómetanlega reynslu og þekkingu í náminu sem muni koma heimalandi hennar til góða. Lillian vinnur hjá fiskveiðiþjálfunarstofnun í Entebbe, Úganda. - sv



**VIÐ ÚTSKRIFT** Dr. Tumi Tómasson forstöðumaður Sjávarútvegsskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna, Dr. Guðrún Ólafsdóttir andmælandi, Lillian Chebet og Dr. Hjörleifur Einarsson prófessor við HA. MYND/BJARNI EIRÍKSSON




# Esjudagurinn!

## Viltu kynnast Esjunni betur?

Næstkomandi laugardag, 12. júní verður árlegur Esjudagur Ferðafélags Íslands og VISA haldinn í Esjuhlíðum. **Dagskráin hefst kl 13:00** þegar nýtt og glæsilegt Esjuskilti verður afhjúpað, þar sem fjölmargar gönguleiðir vísa veginn upp fjallið.

Boðið verður upp á gönguleiðir sem mörgum eru ókunnar. Efnt verður til hópgöngu undir leiðsögn reyndra fararstjóra meðal annars verður unnt að velja á milli fjögurra miserfiðra leiða upp eftir Esjuhlíðum, efnt verður til skógargöngu um skógræktarsvæði Mógilsár og farið verður í ratleik.

### Annað í boði:

- Trjálfarnir mæta á svæðið og bregða á leik með börnum
- Ferðaáætlun Ferðafélags barnanna kynnt
- Allir krakkar fá HM sundpoka*
- Allir fá nýtt kort af gönguleiðum á Esjuna



### Fyrir reynda og óreynda!

Esjudagurinn er tilvalið tækifæri til að upplifa afar skemmtilegt umhverfi í faðmi fjölskyldunnar og kynnast nýjum gönguleiðum upp fjallið undir leiðsögnfararstjóra Ferðafélags Íslands. Formlegri dagskrá lýkur upp úr kl. 16.00. Sjá nánar á www.fi.is.

Leið 57 hjá Strætó fer frá Háholti, Mosfellsbæ og upp að Esju 6 sinnum yfir daginn. Hægt að kynna sér það nánar á www.straeto.is. Í Esjustofu er hægt að kaupa útigrillaða og gómsæta fjallarétti allan daginn.

*á meðan byrgðir endast

Gönguleiðir á Esju
Menningarsjóður VISA Íslands styrkti Ferðafélag Íslands
við gerð skiltis með gönguleiðum á Esju

FÍ VISA VALITOR



**GERÐUR ÚR HERÐATRJÁM** Þessi ófrýnilega vera ku vera gerð úr herðatrjám eingöngu, en er partur af sumarsýningu Konunglega listaháskólans í London. NORDICPHOTOS/AFP

Efnahagshrun og ólöglegt niðurhal hafa ekki áhrif á plötusölu hérlendis:

# Ein plata á hvert mannsbarn

**VERSLUN** Nærri lætur að ein íslensk plata hafi verið seld á hvert mannsbarn hér á landi í fyrra, samkvæmt tölum frá Félagi hljómplötuframleiðanda. Er það litlu minna en árið áður og hljómplötusala virðist halda velli, þrátt fyrir árferðið.

Alls seldust 310 þúsund íslenskar hljómplötur 2009, en árið 2008 voru þær um 317 þúsund. Samdráttur milli ára nemur um 2 prósentum, hvað eintök varðar, en 5 prósentum í verðmæti. Einkaneysla hefur dregist saman í kjölfar bankahrunsins, um 7,8 prósent árið 2008 og 14,6 prósent í landans. Heildarsöluverðmæti íslenskra hljómplatna árið 2009 var um 407 milljónir, en var 428 milljónir árið áður.



**PLÖTUBÚÐ** Um það bil ein íslensk plata var seld á hvert mannsbarn hér á landi á árinu 2009.

Í tilkynningu frá Félagi hljómplötuframleiðenda segir Ásmundur Jónsson, formaður félagsins, að þetta séu mjög jákvæð tíðindi fyrir íslenskt tónlistarlíf og gefi vonandi fyrirheit um gott íslenskt tónlistarsumar. Það sé nú þegar hafið með útgáfu fjölda hljómplatna.

Ólíkt er á komið hvað varðar sölu á erlendum plötum, en hún hefur dregist verulega saman síðastliðin ár. Það virðist hins vegar ekki hafa haft áhrif á hljómplötukaup fyrra. - kóp

Hætta á þörungaeitrun:

# Vara við neyslu á skelfiski

**HEILBRIGÐISMÁL Mælingar Matvælastofnunar og Hafrannsóknastofnunar á eitruðum þörungum í sjó sýna að talsverð hætta er á þörungaeitrun við neyslu á skelfiski úr Hvalfirði.**

**Á svæðum þar sem eiturþörungar greinast í sjó er ávallt hætta á að skelfiskur innihaldi þörungaeitur. Fólki er því ráðlagt að forðast neyslu á skelfiski, til dæmis kræklingi, frá þeim svæðum þar sem mælingar sýna að eiturþörungar eru yfir viðmiðunarmörkum.** - jss

Tuttugu ár frá sjálfstæði:

# Íslandsdagur í Eistlandi

**MENNING Eistar ætla að halda Íslandsdag hátíðlegan 21. ágúst 2011. Þetta kom fram í máli Toomas Ilves, forseta Eistlands, á Bessastöðum í gær en hann er í opinberri heimsókn á Íslandi.**

**Á næsta ári verða liðin tuttugu ár síðan Eistar endurheimtu sjálfstæði sitt. Af því tilefni verða mikil hátíðahöld í landinu sem ná hámarki 20. ágúst, daginn sem Eistar lýstu formlega yfir sjálfstæði. Íslendingar viðurkenndu sjálfstæði landsins strax daginn eftir, fyrstir þjóða.**

**Þetta tilefni og sú staðreynd að Tallinn, höfuðborg Eistlands, verður ein af menningarborgum Evrópu á næsta ári, verður haldinn Íslandsdagur í borginni. Íslenskri tónlist, list og menningu verður gert hátt undir höfði.** - mþl

## EGYPTALAND

### Banna reykingar

Borgarstjórnin í Alexandríu ætlar að banna reykingar í opinberum byggingum og á opnum svæðum í borginni. Þetta er í fyrsta sinn sem Egyptar setja reykingabann. Egyptar reykja mest arabaþjóða eða um 19 milljarða af sígarettum á degi hverjum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Framlengja varðhald

Óskað verður eftir framlengingu gæsluvarðhalds yfir Ellert Sævarssyni sem grunaður er um að hafa banað karlmanni á sextugsaldri í maí. Gæsluvarðhald yfir Ellert rennur út 14. júní.

## VESTFIRÐIR

### Arnarungi kemst á legg

Útungun í arnarhreiðri sem Arnarsetur Íslands fylgist með tókst í ár. Fylgst hefur verið með hreiðrum í Reykhólahreppi með vefmyndavél í tvö ár, en í fyrra misheppnaðist útungunin.

# Wilders vill í stjórn en mætir andstöðu

**Stjórnarmyndun verður erfið í Hollandi eftir kosningarnar í gær. Stærstu tíðindin eru stórsigur þjóðernisflokks Geerts Wilders, sem vill ólmur í stjórn landsins þótt aðrir flokkar vilji helst ekki hafa hann með. Rutte er með umboðið.**

**HOLLAND** „Hið ómögulega gerðist,“ sagði Geert Wilders, leiðtogi þjóðernissinna í Hollandi. „Við unnum stærsta sigur kosninganna. Við viljum í stjórn.“

Wilders hefur boðað harða stefnu gegn innflytjendum, einkum þó múslímum, og hefur hvað eftir annað lýst trúarritum múslíma sem fasískum. Ljóst er að aðrir flokkar vilja helst ekki hafa hann með sér í stjórn.

Stærsti flokkur þingsins eftir kosningarnar er Þjóðarflokkur frjálslyndra íhaldsmanna. Mark Rutte, leiðtogi flokksins, lýsti því yfir í gær að hann fengi umboð til stjórnarmyndunar.

Verkefnið verður þó ekki auðvelt. Þriggja flokka hægristjórn næði til dæmis ekki meirihluta á þingi, auk þess sem stefna Wilders er of umdeild til að slík stjórn stæði sterk að vígi.

Líklegasta niðurstaðan virðist sem stendur vera sú, að stærstu flokkarnir tveir, Kristilegir demókratar og Verkamannaflokkurinn, reyni að mynda breiða miðjustjórn með þátttöku Vinstri grænna og Demókrata 66. Samtals hefði sú stjórn 81 þingmann.

Leiðtogi Kristilega demókrataflokksins, Jan Peter Balkanende forsætisráðherra, sagði af sér strax á miðvikudagskvöld þegar ljóst var orðið að flokkurinn hefði beðið afhroð í kosningunum. Í gær tók síðan Maxime Verhagen við leiðtogaembættinu af honum. gudsteinn@frettabladid.is



**GEERT WILDERS** Leiðtogi þjóðernissinna fagnar sigri og vill ólmur í stjórn. NORDICPHOTOS/AFP



**MARK RUTTE** Líklega næsti forsætisráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

## Úrslit þingkosninganna í Hollandi

| Flokkur | Stefna | Leiðtogi | Þingsæti | Fylgi |
|---|---|---|---|---|
| Þjóðarflokkur | Frjálslyndur íhaldsflokkur | Mark Rutte | 31 | 20,4 |
| Verkamannaflokkurinn | Sósíaldemókratar | Job Cohen | 30 | 19,6 |
| Frelsisflokkurinn | Þjóðernisflokkur | Geert Wilders | 24 | 15,5 |
| Kristilegir demókratar | Kristilegir demókratar | Maxime Verhagen | 21 | 13,7 |
| Sósíalistaflokkur | Lýðræðislegur sósíalismi | Emile Roemer | 15 | 9,9 |
| Demókratar 66 | Frjálslynd félagshyggja | Alexander Pechtold | 10 | 6,9 |
| Vinstri-græn | Umhverfisstefna | Femke Halsema | 10 | 6,6 |
| Kristilegt bandalag | Kristilegir demókratar | André Rouvoet | 5 | 3,2 |
| Endurbætti flokkurinn | Flokkur kalvinista | Kees van der Staaij | 2 | 1,8 |
| Flokkur í þágu dýra | Dýravernd | Marianne Thieme | 2 | 1,3 |

## Áhrif á Ísland

Óvíst er hvaða áhrif kosningaúrslitin hafa á Icesave-málið, sem hefur að mestu verið í biðstöðu frá því að Íslendingar höfnuðu samningnum við Breta og Hollendinga í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars. Ný stjórn gæti haft aðra stefnu í málinu en sú fyrri sem vildi ljúka málinu á svipuðum nótum og gert var í samningnum sem Íslendingar felldu.

Afgreiðsla ráðs Evrópusambandsins á aðildarumsókn Íslands hefur einnig dregist, meðal annars vegna þingkosninganna í Bretlandi í síðasta mánuði og síðan Hollandi í gær. Eftir helgi kemur í ljós hvort afgreiðsla umsóknarinnar verður sett á dagskrá fundar leiðtogaráðs ESB næstkomandi fimmtudag, sem er 17. júní. Þótt ný stjórn verði hugsanlega ekki tekin til starfa í Hollandi fyrir 17. júní er almennt reiknað með að málið verði afgreitt á fundi ráðsins þann dag. Næsti fundur leiðtogaráðsins verður ekki fyrr en í haust.







Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí

Beint leiguflug með Icelandair allan næsta vetur!



## Flugsæti

**Verð frá 89.000 kr***
og 15.000 Vildarpunktar

4. jan. Tenerife
5. jan. Kanarí

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 99.000 kr.

## Flugáætlun

### Tenerife
7.,16. og 28. okt.
13. og 27. nóv.
11. og 21. des.
4. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
16. apr.

### Kanarí
30. okt.
27. nóv.
11. og 21. des.
5. og 18. jan.
1. feb – 5. apr. vikulegt flug
17. apr.



## Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

# Tenerife



Nýtt hjá VITA

## Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldufólk og ungt fólk á öllum aldri unir sér í frábærum sundlaugargörðum við ströndina.

**13. nóv.-27. nóv.**

**Verð frá 128.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna og tvö börn (2-12) í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 154.100 og 15.000 Vildarpunktar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 138.500 kr.

# Kanarí



Aðeins hjá VITA

## Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

**29. mars.-5. apr.**

**Verð frá 108.000 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 3 fullorðna í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 115.500 og 15.000 Vildarpunktar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 118.000 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50614 06/10

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR Í BÓNUS



1259 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM




998 KR.KG

KS FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR




1398 KR.KG

KJARNAFÆÐI FERSKT
KRYDDAÐ HEIÐALAMB
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
30% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR
FRÁBÆR KAUP




599 KR. PK

FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G
4 STK M/BRAUÐI *MERKT VERÐ 798 KR/KG.*




565 KR.KG

KJÖRFUGL ***FERSKUR*** HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG ***15% AFSLÁTTUR***




198 KR. DS

BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270 ML

**Sérskorið ferskt lambalæri**
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt á lærinu og minna bein !



1259 KR.KG

BÓNUS FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI




259 KR. PK

PRINGLES 165g



298 KR. PK

MYLLU SKÚFFUKAKA 380g

14 KR. PINNINN !




198 KR. PK

BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.
GULIR OG GRÆNIR



395 KR.KG

HOLLENSK PAPRIKA- GUL & RAUÐ




179 KR.2 LTR.

149 KR.2 LTR.




159 KR. DS

BÓNUS HRÁSALAT 350g

BEST FYRIR JÚLÍ 2010



29 KR. DS

ES MAÍSKORN 340g

**SÆLGÆTISBARINN Í BÓNUS**
*Enginn afsláttur.*
Bara lágt verð alla daga !
*898 KR.KG.*

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Ertu á leið út á land?




Ísland er *eitt* landssvæði
í verslunum Bónus

***Sama verð*** um land allt.
Bónus býður betur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju læra þingmenn svona lítið á milli þinga?

## Virðing Alþingis

Engin leið hefur verið að sjá nokkur merki þess á Alþingi undanfarna daga að gömlu stjórnmálaflokkarnir fjórir séu nýkomnir úr sveitarstjórnarkosningum þar sem þeir fengu skell allir sem einn. Kjósendur reyndust ginnkeyptir fyrir nýjungum, jafnvel þótt þær væru settar fram undir merkjum gríns fremur en alvöru. Gestkomandi gætu reyndar haldið að gömlu flokkarnir hefðu brugðizt við með því að setja á svið gamanleikrit á þjóðþinginu, en vanir kjósendur vita að það er því miður sami lélegi farsinn og í fyrra – og árið þar áður.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta gerist alltaf með sama hætti. Ríkisstjórnin stendur ekki sína plikt og kemur alltof seint með stór mál inn í þingið. Að þessu sinni er ágætt dæmi frumvarpið um endurskipulagningu stjórnarráðsins, sameiningu og fækkun ráðuneyta.

Stjórnarandstaðan fellur í freistni málþófsins þegar nokkrir dagar eru eftir af þinginu. Að þessu sinni var það frumvarpið um stjórnlagaþing, sem varð fórnarlamb hótana um málþóf og nokkurra sýnishorna af leiðindunum og þruglinu, sem koma skyldi ef ríkisstjórnin léti ekki undan. Enda var málið tekið af dagskrá og enn er óljóst hvernig stjórnmálaflokkarnir telja sig geta náð samkomulagi um lýðræðisumbætur. Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn telja enn að Alþingi eigi ekki að vísa frá sér því verkefni að endurskoða stjórnarskrána, þótt því hafi mistekizt það ítrekað undanfarin 65 ár eða svo.

Svo byrja kvöld- og næturfundirnir, þar sem þingmenn eru orðnir þreyttir og gera alls konar mistök í vinnunni. Mörg dómsmál hafa verið flutt vegna galla í lagasetningu á lokasprettinum fyrir þinglok, sum hver skattgreiðendum dýr. Og auðvitað upphófst hefðbundið en innihaldsrýrt rifrildi um það hvort halda eigi næturfundi á Alþingi eða ekki.

Þegar svona stutt er til þingloka er líka eins og þingmenn fari upp til hópa á taugum, kannski yfir því að þingið sé að verða búið og þeim hafi ekki tekizt að vekja athygli á sér sem skyldi, og verði þá óvenjulega aðgangsharðir, ósanngjarnir og orðljótir. Ágætt dæmi birtist í gær þegar Björn Valur Gíslason missti út úr sér órökstuddar dylgjur um tengsl Sigurðar Kára Kristjánssonar við útlenda lögfræðistofu og neyddist til að biðja afsökunar – eftir fremur vanstillta umræðu, sem var ekkert mjög þörf svona á síðustu dögum þingsins þegar fjöldi mála bíður afgreiðslu. Sama má segja um rifrildin um styrkjamál flokkanna og launamál Seðlabankastjórans. Þetta eru ekki málin sem brýnast er að ræða í þingsölum nákvæmlega núna.

Sumar uppákomurnar eru hlægilegri en aðrar, eins og þegar þingmaður Sjálfstæðisflokksins bað fjármálaráðherrann að hlutast til um að Evrópusambandið tæki ekki ákvörðun um aðildarviðræður við Ísland á 17. júní af því að það væri svo niðurlægjandi.

Svo skilja þingmenn ekkert í því að virðing Alþingis og traust almennings á löggjafarsamkundunni er í algjöru lágmarki samkvæmt könnunum. Dettur þeim ekki í hug að læra af reynslunni, skipuleggja sig betur, gæta orða sinna og vinna í sæmilegri eindrægni að því að leysa úr þeim brýna vanda, sem blasir við þjóðinni?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

FRÁBÆRT VERÐ

Mjög öflugt grill fyrir íslenskar aðstæður



- Mikil orka 16,5 kw/h
- Ryðfrítt lok og takkaborð
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Sterk viðargrind
- Neistakveikja í rofa
- Skúffa fyrir fitu
- Hitamælir
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð:136 x 106 x 62cm

16,5 kw/h

49.900
FULLT VERÐ 69.900

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Verðhjöðnun

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur greint frá því að Sjálfstæðisflokkurinn muni endurgreiða 55 milljóna króna styrki frá FL Group og Landsbankanum á sjö árum án vaxta og verðbóta. Reiknað hefur verið út að miðað við stýrivexti síðan 2006 og núvirtar endurgreiðslur á sjö árum miðað við sjö prósent vexti sé flokkurinn í raun að spara 48,7 milljónir króna.



### Lætur verkin tala

Þetta rímar svo sem ágætlega við fyrri yfirlýsingar formanns Sjálfstæðisflokksins. Fyrir landsfund 2009 lýsti Bjarni Benediktsson því yfir að hann vildi afnema verðtrygginguna. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar nú greinilega að láta verkin tala og afnema hana einhliða af eigin skuld.



### Þráast við

Jón Bjarnason er mótfallinn hugmyndum um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti verði sameinuð í eitt atvinnuráðneyti. Það er eins og Jón trúi að landbúnaðarráðuneytið verði lagt niður við þessa breytingu. Nú er það svo að í stjórnarsáttmála er kveðið á um sameiningu ráðuneyta. Af hverju sagði Jón ekki nei þá?

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Opið bréf til dómsmálaráðherra

Lög um kynferðisofbeldi



Þórdís Elva Þorvaldsdóttir
höfundur Ofbeldi á Íslandi: Á mannamáli

Kæra Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra

Síðastliðið haust átti ég frumburð minn í tvennum skilningi. Fyrst gaf ég út mína fyrstu bók, um ofbeldi á Íslandi. Hálfum öðrum sólarhring síðar fæddist sonur minn. Fyrsti dagurinn í lífi mínu sem móðir, 18. september 2009, hófst á kaffibolla og Fréttablaðinu á fæðingardeild Landspítalans. Þar las ég viðtal við þig vegna gagnrýni sem birtist í bók minni. Haft var eftir þér að vel kæmi til greina að endurskoða lög um kynferðisbrot gegn börnum. Því fylgdi góð tilfinning að horfa á annað barnið sofa vært í vöggu og lesa um leið að hitt afkvæmið væri byrjað að velta við steinum. Meðbyr frá dómsmálaráðherra spillti ekki fyrir.

Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Áherslur í íslenskum stjórnmálum hafa tekið nær jafn hröðum breytingum og sonur minn á undanförnum níu mánuðum. Hjá báðum hafa átt sér stað merkir áfangar og fýlusprengjur. Einmitt þess vegna er mikilvægt að gleyma sér ekki í glundroðanum og standa vörð um þá sem minnst mega sín.

Í nýlegu viðtali sagðir þú um mansal: „Við erum fámenn þjóð og við eigum að ráða við þetta. Við þurfum bara að gera upp við okkur hvaða aðferðum við ætlum að beita og við þurfum að gæta mannréttinda. Það er alveg skýrt.“ Mansal er vissulega alvarlegt ofbeldi. Kynferðisofbeldi gegn börnum er þó mun útbreiddari vandi á Íslandi og snertir langtum fleiri. Hvað mannréttindi varðar er umhugsunarvert misræmi að finna í lögum, eins og fram kemur í bók minni. Faðir sem misnotaði 17 ára dóttur sína kynferðislega, ætti t.d. yfir höfði sér tvöfalt þyngri refsingu en fyrir að misnota 14 ára gamla systur hennar, þótt báðar séu þær börn í lagalegum skilningi. Þetta er aðeins eitt af mörgum atriðum sem mætti endurskoða.

Eftir útgáfu bókarinnar fannst mér að ég hlyti að geta lagt meira af mörkum til baráttunnar. Ég stofnaði fræðslu- og fjáröflunarátakið Öðlinginn 2010 (www.odlingurinn.is) og fer allur ágóði af sölu bókarinnar í baráttuna gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Þannig nær annað afkvæmið mitt vonandi að skapa örlítið betra samfélag fyrir hitt. Mig langar til að forvitnast um meðbyrinn. Hafa orðið breytingar sem snúa að kynferðisbrotamálum? Hefur endurskoðun á lögum komið aftur til tals frá því ég fletti blaðinu á fæðingardeildinni? Tíminn sem liðið hefur síðan þá blasir við mér á hverjum degi í formi barns sem öðlast sífellt meira sjálfstæði. Á það raunar við um bæði afkvæmi mín. Vonandi vex meðbyrinn með þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lýðveldið, stjórnskipun og staða forseta

**Stjórnmál**

Ágúst Þór Árnason
aðjúnkt við Háskólann á Akureyri



Í grein í Fréttablaðinu í gær (9. júní) eftir Svavar Gestsson, fyrrverandi þingmann og ráðherra, birtast vangaveltur manns sem lengi sat á Alþingi um synjunarvald forseta lýðveldisins. Tilefnið sem Svavar notar til að fjalla um efnið er ný út komið hefti tímaritsins Sögu en í því eru greinar nokkurra valinkunnra einstaklinga sem hugsaðar eru sem svör við spurningu Sögu (spyrjandi er Ragnheiður Kristjánsdóttir, sagnfræðingur) vorið 2010 um sögulegar rætur 26. greinar íslensku stjórnarskrárinnar.

Sérstaka athygli Svavars vekur grein Helga Bernódussonar skrifstofustjóra Alþingis en hann rekur tilurð 26. greinarinnar og þátt Bjarna Benediktssonar í því verki. Nú má margt segja um grein Helga en ætlunin hér er þó fyrst og fremst að skoða nálgun Svavars Gestssonar við efni sem, eins og hann orðar það í Fréttablaðinu (bls. 10), „heitast hefur verið í umræðu á þessum vetri.“

### Tilurð 26. greinar

Svavar fullyrðir að Helgi reki það hvernig 26. gr. varð til, hvernig hún var skrifuð á árinu 1940 og hvernig umræðan var um greinina á Alþingi. Einnig beri hann saman 26. grein Lýðveldisstjórnarskrárinnar og sambærilega grein stjórnarskrárinnar í konungsríkinu Íslandi.

Áður en ég sný mér frekar að grein Svavars sem slíkri þá leyfi ég mér að fullyrða að ekki sé hægt að fullyrða með réttu að Helgi reki það hvernig 26. greinin varð til og hann gerir nær enga grein fyrir umræðunni um hana á Alþingi. Samanburðurinn við „sambærilega“ grein í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands er líka bæði veigalítill og vafasamur og ætti bæði Svavar og aðrir þeir sem áhuga hafa á íslenskri stjórnskipan að kynna sér efni viðfangsefninu. Umfjöllun Svavars um 26. greinina er í sjö liðum álíka knöppum og hinir þrír. Tilgangurinn með þessu niðurbroti virðist vera sá að tilgreina hvað sé óbreytt og hvað sé nýtt í 26. greininni frá þeirri grein konungsstjórnarskrárinnar sem fjallaði um neitunarvald þjóðhöfðingjans. Þarna er augljóslega grundvallar misskilningur á ferð því Svavar virðist ekki átta sig á því lykilatriði að 26. greinin er einfaldlega ný. Forsetinn er ekki konungsígildi heldur þjóðhöfðingi lýðveldis.

> Miðað við greinina í heild sinni er ekki hægt að álykta annað en að Svavar hafi látið hjá líða að fletta upp í Alþingistíðindum áður en hann settist við skriftir.

greina Sigurðar Líndal sem hann skrifaði fyrir Skírni 1992 (Stjórnskipuleg staða forseta Íslands) og 2004 (Forseti Íslands og synjunarvald hans) um stöðu þjóðhöfðingjans.

### Grundvallar misskilningur

Í grein sinni brýtur Svavar niður efnisatriði þeirra greina þessara tveggja stjórnarskráa sem fjalla um neitunarvald konungs og synjunarvald forseta. Umfjöllun Svavars um efnisatriði umræddrar greinar konungsstjórnarskrárinnar er í þremur örstuttum liðum og auka varla á skilning lesandans á

### Rökin sem koma ekki fyrir

Þá er komið að umfjöllun Svavars um hlut Bjarna Benediktssonar að málinu en kjarninn í grein Helga Bernódussonar er að sýna fram á (örugglega með réttu) að Bjarni hafi verið aðalhöfundur texta 26. greinarinnar (í samvinnu við Einar Arnórsson, Gizur Bergsteinsson og Þórð Eyjólfsson) og drög að þeim texta hafi legið fyrir í síðasta lagi í janúar 1940.

Í þessum hluta greinar Svavars, sem hann kallar Mörgum spurningum ósvarað, segir hann Bjarna hafa sagt að ekki væri fært að veita forsetanum algert synjunarvald og nýja greinin væri því málskotsréttur til þjóðarinnar. Þetta telur Svavar nægja sem skýringu en aðeins á ákvæðinu um þjóðaratkvæði og í framhaldinu telur hann upp fimm atriði sem enn sé ósvarað í þessu sambandi.

Ekki verður auðveldlega séð hvert Svavar er að fara með fyrstu fjórum atriðunum en þegar hann spyr „Af hverju er valdið tekið af Alþingi og flutt í þjóðaratkvæðið ef forseti vill?“ (5) skýrist málið. Svavar segir það merkilegt að rök fyrir þessari breytingu komi ekki fram í umfjöllun Alþingis um stjórnskrána. Miðað við greinina í heild sinni er ekki hægt að álykta annað en að Svavar hafi látið hjá líða að fletta upp í Alþingistíðindum áður en hann settist við skriftir.

### Ákalli svarað

Í lokahluta greinar sinnar (Þingræði og þjóðaratkvæðagreiðsla) segir Svavar að „Fróðlegt væri að sjá ítarlegri skrif um þessi mál ekki síst þar sem menn velta því nú fyrir sér [ ]að halda stjórnlagaþing.“ Mig langar til að bregðast við þessari ósk Svavars og senda honum grein mína „Lýðveldið, stjórnskipun og staða forseta“ sem birtist í tímaritinu Lögfræðingi í vor en þar kemst ég að þeirri niðurstöðu að með samþykkt 26. greinar stjórnarskrárinnar hafi Íslendingar gengist stjórnarskrárfestunni á hönd og tryggt nauðsynlega takmörkun á ákvörðunarvaldi pólitísks meirihluta. Þetta ber að hafa í huga þegar þjóð og þing sameinast um að endurskoða stjórnarskrána með verðugum hætti.

**AF NETINU**

## Alls konar fyrir aumingja

Að venju hitti ég fína félaga í KR í hádeginu í dag, svo er alla fimmtudaga. Vonbrigðin með liðið okkar leyndu sér ekki. Menn voru daprir. Einhver sagði leikmenn og þjálfara vera aumingja, að geta ekki betur.

Allir voru sammála um að allt sé gert til að létta leikmönnum og þjálfurum lífið. Fínasta aðstaða, margir áhorfendur, fín laun, mikill stuðningur og allt það. Niðurstaðan var því sú að KR geri allskonar fyrir aumingja.

http://eyjan.is/goto/sme

**Sigurjón Egilsson**

## Dráp á stórlaxi

Ennþá er mannskepnan söm við sig. Við útrýmdum geirfuglinum og við erum að útrýma stórlaxinum í ánum okkar. Þetta vita allir veiðimenn sem kasta flugu og renna fyrir með maðki í árnar, en engu síður geta menn ekki hamið sig og drepa stórlaxinn eingöngu vegna þess að egóið þeirra er svo stórt að það rænir þá allri skynsemi. Siðferðið er ekki með í veiðiferðinni líkt og myndir sem hafa birst í blöðum af opnunum í Blöndu þar sem þjóðþekktir veiðimenn eru brosandi með dauðan stórlax í höndunum. Það sem vekur sorg mína er að allir þessir einstaklingar vita vel hvaða vá vakir yfir laxinum.

http://www.pressan.is/pressupennar/Lesa_Bubba/drap-a-storlaxi-er-sidferdislega-rangt

**Bubbi Morthens**

ECCO GOLFSKÓR



Nú höfum við opnað golfdeild í Toppskónum Vinalandsleið 6
Um helgina munu Toppskór Golf og Ecco í Kringlunni bjóða
10% afslátt!

M.Flexor
38804 01001
Stærðir: 39 - 47




Casual Cool II Premium
39404 55360
Stærðir: 39 - 47



Casual Cool II GTX
39484 52570
Stærðir: 39 - 47






Comfort Swing GTX
38483 52569
Stærðir: 36 - 42




Casual Cool Hydromax
38593 01007
Stærðir: 36 - 41




Casual Cool Hydromax
38593 01007
Stærðir: 36 - 41




Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
ecco
KRINGLAN
Sími: 553 80 50
the most comfortable place on earth
ecco

# Ekki skera niður lífeyri

Kjör aldraðra

Björgvin Guðmundsson
fulltrúi í launanefnd Landssambands eldri borgara



Hugmyndir félagsmálaráðherra um að frysta laun ríkisstarfsmanna og lífeyri aldraðra og öryrkja hafa vakið hörð viðbrögð. Samtök ríkisstarfsmanna hafa mótmælt ráðagerðum ráðherrans og samtök aldraðra og öryrkja hafa einnig brugðist hart gegn hugmyndum ráðherra.

Félagsmálaráðherra hefur ekki aðeins verið með hugmyndir um að frysta lífeyri aldraðra og öryrkja heldur hefur hann einnig verið með ráðgerðir um að skera lífeyri þessara hópa niður. Honum dugar sem sagt ekki að hafa ráðist gegn kjörum lífeyrisþega 1. júlí á sl. ári. Hann vill enn höggva í sama knérunn. Ríkisstjórnin ætlaði að koma hér á norrænu velferðarsamfélagi. Félagsmálaráðherrann á að hafa forgöngu um að efla almannatryggingar og önnur velferðarmál til þess að við stöndum jafnfætis frændum okkar á hinum Norðurlöndunum á þessu sviði. En ráðherrann gerir ráðstafanir, sem ganga í þveröfuga átt. Við erum að fjarlægjast norræna velferðarsamfélagið.

**Skiptir ekki sköpum**

Hvers vegna er svona brýnt að skera niður kjör aldraðra og öryrkja. Skiptir það sköpum fyrir jafnvægi í ríkisbúskapnum að kjör lífeyrisþega séu skert? Ég held ekki. Í fyrra voru kjör lífeyrisþega skert um 4 milljarða. Ég fullyrði, að það skipti engu máli í baráttunni við hallann í ríkisbúskapnum.

Ég tel, að lífeyrir aldraðra og öryrkja eigi að vera undanskilinn niðurskurði. Kjör lífeyrisþega eru það slæm að þau þola enga skerðingu. Það er ekki verið að lækka laun í þjóðfélaginu. Þvert á móti hafa laun verið að hækka. Sl. rúma 12 mánuði voru laun verkafólks með laun undir 220 þús. á mánuði hækkuð um 23 þús. á mánuði eða um 16%. Kaup ríkisstarfsmanna hækkaði jafnmikið í krónutölu, þ.e. hjá þeim sem voru með laun undir 180 - 220 þús. á mánuði. Lífeyrir aldraðra og öryrkja er ígildi launa. Lengst af hefur lífeyrir hækkað í samræmi við hækkanir launa. Þannig var það eftir gerð kjarasamninga 2003 og 2006. Lífeyrir hækkaði þá nákvæmlega jafnmikið og nam hækkun launa. Við gerð kjarasamninga 1. febrúar 2008 hækkuðu laun um 16% við undirritun samninga en lífeyrir aldraðra hækkaði þá aðeins um 7,4%. Aldraðir fengu síðan frekari hækkun í september á sama ári. En það er alveg nýtt í sögunni, að þegar laun hækka hjá verkafólki og ríkisstarfsmönnum hækki lífeyrir ekkert. Og ekki nóg með það þá sé lífeyrir aldraðra lækkaður og félagsmálaráðherrann vilji lækka lífeyrinn enn meira.

**Vantar 140 þús. á mánuði**

Lífeyrir aldraðra einhleypinga, sem aðeins hafa tekjur frá almannatryggingum, er aðeins 157 þús. kr. á mánuði eftir skatt. Ef eldri borgarinn er í sambúð lækkar lífeyrir hans í 140 þús. á mánuði eftir skatt. Það lifir enginn mannsæmandi lífi af þetta lágum launum. Þetta er tæplega nóg fyrir mat og húsnæði. Það verða margir eldri borgarar að greiða 100-120 þús á mánuði í leigu eða húsnæðiskostnað. Þá er lítið eftir fyrir öðru. Það er ekkert unnt að veita sér af þetta lágum lífeyri.

Eldri borgarar vilja geta keypt ódýrar gjafir handa barnabörnum sínum. Það er ekki unnt af þetta lágum lífeyri. Ríkið heldur kjörum aldraðra og öryrkja svo mjög niðri, að það er til skammar. Hagstofan kannar neysluútgjöld fjölskyldna í landinu. Síðast var niðurstaða slíkrar könnunar birt í desember sl. Samkvæmt henni nema meðaltalsneysluútgjöld einhleypra einstaklinga 297 þús. á mánuði. Engir skattar eru innifaldir í þessari tölu, hvorki tekjuskattar né fasteignagjöld. Það vantar því 140 þús. kr. á mánuði upp á, að lífeyrir aldraðra einhleypinga dugi fyrir þessum útgjöldum. Ýmsir liðir í neyslukönnun Hagstofunnar eru vantaldir að því er aldraða varðar. Það á t.d. við um lyfjakostnað og lækniskostnað. Kostnaður aldraðra vegna þessara liða er mikið meiri en nemur meðaltalinu í neyslukönnun Hagstofunnar.

**Frysting launa dauðadæmd**

Það á ekki að koma til greina að skerða kjör lífeyrisþega á meðan ekki er verið að lækka kaup launafólks. Ég á ekki von á því að stjórnvöld muni grípa til þess að lækka almenn laun verkafólks og ríkisstarfsmanna með lögum. En það hafa þau gert gagnvart lífeyrisþegum. Viðbrögð við hugmyndum um frystingu launa ríkisstarfsmanna leiða í ljós, að ekki þýðir að reyna lækkun almennra launa ríkisstarfsmanna. Og sennilega verður félagsmálaráðherra að falla frá hugmyndum sínum um frystingu launa ríkisstarfsmanna miðað við þá miklu andstöðu sem hugmyndir hans sæta. Ef til vill lætur hann sér þá duga að lækka lífeyri aldraðra og öryrkja á ný!




# Hvað tekur við?

Samfélagsmál

Haukur Sigurðsson
sagnfræðingur



Nú er fólk vonandi búið að átta sig á hvað úrslit sveitarstjórnakosninganna segja. Fleiri sátu heima á kjördag en setið hafa æðilengi áður. Gömlu flokkarnir voru rassskelltir heldur hart en þó munu flumbrur þeirra mismiklar. Forystumenn þeirra bera sig allir vel og ættu því að hafa hugrekki til að endurskoða tilvist sína og sækja fram með nýjum hætti. Framboðin sem höfðu „alls konar" stefnu komu vel út og hafa náð sterkri stöðu svo að næsta verkefni fjórflokkanna virðist vera að laga sig að nýju framboðunum. Við lifum tíma gerjunar og vonandi endurnýjunar. Hin mikla reiði, hneykslun og vantrú á stjórnmálamönnum sem ríkt hefur í samfélaginu fékk nokkra útrás í þessum kosningum.

En öll læknisverk eru eftir og almenningur mun ekki sætta sig við annað en rækilega verði tekið til hvarvetna í þjóðfélaginu. Það mun taka langan tíma. Fólk vill heiðarleika, hreinskiptni, ábyrgð, orðheldni og ferska hugsun sem skoðar mál án flokksgleraugna. Umræða um málefni samfélagsins þarf að verða almenn, virkja þarf þann áhuga sem vaknað hefur og áður lá í láginni. Margir eru efluast vantrúaðir á allt tal um stjórnmál og bólusettir til einhvers tíma. Sú inngjöf getur hætt að virka verði umræða ekki öll í höndum stjórnmálamanna. Gera verður ráð fyrir miklum málaferlum gegn hugsanlegum sökudólgum vegna bankahrunsins. Fundir um ákveðin efni sem fram koma í sakarannsókn ættu að taka mein þjóðfélagsins til athugunar og benda á hvað þurfi að lækna og koma í staðinn. Sakarefnin blasa við í öllu fjármálakerfinu og víða í stjórnkerfi.

Hrunveturinn 2008-9 var nokkuð rætt að setja bæri lýðveldinu nýja stjórnarskrá. Þetta var ósk almennings um nýtt upphaf, nýjan grundvöll fyrir þjóðina til að standa á. Til þess ætti að halda stjórnlagaþing sem yrði sjálfstætt þing, kosið til þess í almennum kosningum óháðum Alþingi og sem semdi nýja stjórnarskrá sem atkvæði yrðu síðan greidd um í almennum kosningum. Þetta þing setti sér starfsreglur og tæki allt til endurmats sem í stjórnarskránni er og bætti við efnisbálkum sem þar vantar. Nú er strax búið slíta fjaðrir af þessum fugli þar sem Alþingi hefur tekið sér óeðlilegan íhlutunarrétt með því að svipta það löggjafarvaldi og þá verður það líkt og ráðgjafarþing. Þannig er það í frumvarpinu sem nú er rætt á þingi og virðist hinn svokallaði „fjórflokkur" ekkert tillit ætla að taka til óska almennings sem segir okkur að hann hafi ekki lært að endurmeta sig af hruninu, rannsóknarskýrslu Alþingis né af kosningunum. Auk þess er bent á í frumvarpinu hvað stjórnlagaþingið eigi einkum að fjalla um líkt og því sé ekki treyst til að setja sér verkefnaskrá.

Þjóðfélag okkar er fámennt og við verðum að skilja það. Það verður ekki stórveldi á neinu sviði. En hér er hægt að stunda mannrækt sem gæti gefið margt af sér. Við þurfum að læra upp á nýtt hvað er að ræða um mál og leggja niður þann ósið að gera upphrópanir að kjarna umræðu. Hugsa um hvað er að athuga mál frá ýmsum hliðum, meta þau frá sjónarhóli þeirra sem eru annarrar skoðunar og skjóta okkur ekki undan ábyrgð. Hefja ætti til vegs uppeldi í stjórnmálum sem byggt verði á þjálfun í meðferð hugtaka, hugmynda og orðræðu sem gefur af sér nýtt siðferði á þessu sviði. Stjórnmálaflokkarnir verða að setja sér siðareglur og ættu ekki að þrífast án þeirra. Þeir bera mikla ábyrgð á því hvernig komið er fyrir þjóðinni og undarlegt er að heyra af ríkisstjórn þar sem ráðherrar vita ekki hvað aðrir þar í bæ ræða um og kæra sig jafnvel ekki um að vita það. Það bendir til að fundir ríkisstjórnar séu ómarkvissir og þar sé oft geðþóttastjórnun að verki. Það er líkt og það hljómi sem einkunnarorð um þær hrellingar sem dunið hafi yfir Íslendinga á síðustu árum.

# Hver ábyrgist þinn iðnaðarmeistara?

Iðnaðarmál

Ágúst Pétursson
formaður Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði – MIH



Í aprílmánuði 2009 var stofnuð deild allra meistarafélaga sem aðild eiga að Samtökum iðnaðarins. Deild þessi hlaut nafnið Meistaradeild Samtaka iðnaðarins (MSI). Meðal stefnumála MSI var að koma á ábyrgðarsjóði iðnmeistara sem nú er orðinn að veruleika.

**Hvað er ábyrgðarsjóður iðnmeistara?**

Með tilkomu ábyrgðarsjóðsins aukast kröfur á þá iðnmeistara sem að honum standa varðandi verk og verkskil. Að sama skapi eykst réttur og öryggi neytenda svo framarlega sem viðskipti eiga sér stað við aðildarfélaga MSI. Telji verkkaupi að sú þjónusta sem samið var um í upphafi verks sé ekki viðunandi, getur hann skotið máli sínu til úrskurðarnefndar Meistaradeildarinnar en þar eiga meðal annars sæti fulltrúar frá Húseigendafélaginu og Neytendasamtökunum.

Skilyrði fyrir því að verkkaupi geti skotið máli sínu til úrskurðarnefndar MSI er að skrifleg verksamningur hafi verið gerður milli málsaðila og falli úrskurður verkkaupa í vil fær hann bætur úr ábyrgðarsjóðnum.

Einungis einstaklingar og húsfélög eiga þess kost að njóta bóta úr ábyrgðarsjóðnum. Ekki fást bætur úr sjóðnum ef greiðslur fást úr öðrum tryggingum, s.s. byggingarstjóratryggingu eða verktryggingu.

Þá fjallar úrskurðarnefnd ábyrgðarsjóðs MSI ekki um mál þar sem samningsupphæðin er undir 100 þúsund krónum og yfir 25 milljónir; báðar upphæðir innifela virðisaukaskatt.

**Hverjir standa að ábyrgðarsjóði MSI?**

Meistarafélög iðnmeistara í SI standa að sjóðnum. Þessi félög eru:

- Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði
- Málarameistarafélagið
- Meistarafélag Suðurlands
- Meistarafélaga byggingamanna á Norðurlandi
- Félag blikksmiðjueigenda
- Félag skrúðgarðyrkjumeistara

Innan raða þessara félaga starfa um 500 iðnmeistarar og nær starfsemi þeirra yfir alla verkþætti í mannvirkjagerð.

Nánar má kynna sér ábyrgðarsjóð MSI á heimasíðu Samtaka iðnaðarins, www.si.is.

Lesandi góður, ef þú hyggur á framkvæmdir, stórar sem smáar, er ljóst að það felst mikil trygging í að velja sér iðnmeistara sem er aðili að ábyrgðarsjóði MSI. Því hvet ég þig til að kynna þér málið áður en lengra er haldið og spyrja: Hver er meistari minn og hver ábyrgist verkin hans?




VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI



Grand

Ferðagasgrill
ER8108

SPARIÐ 3000.-

9.999.-
v.á. 12.999.-



Bistro
borð & stólar
vnr. 821078
14.999kr

grisport

Gönguskór
st. 36-47
vnr. 607451
14.999kr



Gildir til 13. júní á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Gelert

Tryfan classic 300DL
svefnpoki
4.999kr



weather report

Flíspeysa
st. S-3XL
vnr. 790195
3.999kr

# Gelert ÓDÝRT Í ÚTILEGUNA



NEW

6 person | 10.65kg | 69x23 x23cm | 3000

Gelert

CADIZ
6 manna tjald
39.999kr



QUICKPITCH SS

2 person | 2.05kg | 75x75 x3cm | 2000 | LiteWEIGHT

UPGRADE

NEW

Gelert

QUICK PITCH
2 manna tjald
9.999kr



NEW

4 person | 5.85kg | 2000

Gelert

TORNADO
4 manna tjald
19.999kr

Útileguborð
4.999kr



Útilegustóll
2.999kr



Fótpumpa
1.499kr



Vasaljós
799kr



Tjaldlukt
1.999kr



Útilegu brauðrist
999kr



Vatnskútur 8 ltr.
999kr



Vindsæng
3.499kr



Drykkjarflaska
999kr



Tjaldlukt
2.499kr



24 Hagkaup OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 13. júní á meðan birgðir endast.



**FJÖLBREYTT DAGSKRÁ**, hestasýning, tónleikar, tískusýning, pyluspartí og fleira, verður í Reykholti í Biskupstungum og nágrenni á morgun, laugardaginn 12. júní. Nánar á www.sveitir.is.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447





4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

**Verð aðeins 7.290 kr.**

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki




Íslendingar með heimþrá sækja sérstaklega í snúðana. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Rúgbrauð og snúðar fyrir Íslendinga í Drammen

**Óskar Þorsteinsson og Soffía Hreinsdóttir eiga bakarí og kaffihús í Drammen. Þau hafa hleypt ferskum vindum inn í brauðmenningu Norðmanna og bjóða Íslendingum með heimþrá upp á rúgbrauð og snúða.**

Hjónin Óskar Þorsteinsson og Soffía Hreinsdóttir fluttu til Drammen í Noregi árið 1996 og opnuðu bakaríið Brödgalleriet fjórum árum seinna. Þau héldu upp á tíu ára afmæli bakarísins í febrúar á þessu ári með því að opna kaffihúsið Cafe Grua í miðbæ Drammen.

„Þegar við opnuðum bakaríið langaði okkur að láta reyna á ýmsar nýjungar en þá var afar lítill fjölbreytileiki í brauðmenningu Norðmanna en þeir voru með heilhveitibrauð, franskbrauð og nokkrar aðrar tegundir. Við byrjuðum að prófa ítölsk brauð með hvítlauk og sólþurrkuðum tómötum og nokkrar tegundir af grófari brauðum og féll það vel í kramið. Þá höfum við alltaf verið með rúgbrauð og íslenska snúða en það eru helst Íslendingar með heimþrá sem kaupa það,“ segir Óskar. Hann segir Norðmennina yfirleitt halda að rúgbrauðið sé kaka.

Á kaffihúsinu er boðið upp á alls kyns létta rétti auk þess sem það er búið ekta ítölskum pitsuofni sem er sá eini sinnar tegundar í bænum. „Pitsuofninn trekkir sannarlega að. Það eru á bilinu þrjátíu til fjörutíu pitsustaðir í Drammen en enginn þeirra er með svona ofn,“ segir Óskar.

Mágkona hans, Signý Jóna Hreinsdóttir, flutti til Drammen fyrir hálfu ári og sér um rekstur kaffihússins en konan hans sér um bókhaldið. „Þetta er því sannkallað fjölskyldufyrirtæki.“ Reksturinn gengur vel og til marks um það má nefna að bakaríið hefur hlotið sérstakt lof fyrir góða napóleonsköku, sem er eins konar þjóðarréttur Norðmanna. „Gæði norskra bakaría eru að miklu leyti metin eftir því hvernig napóleonskakan þeirra er og hefur okkar sem betur fer fengið góða dóma.“

vera@frettabladid.is

## NAPÓLEONSKÖKUR

Þjóðarréttur Norðmanna **Fyrir 6**



2 smjördeigsplötur
5 dl rjómi, léttþeyttur
2 dl vatn
75 g vanillubúðingur (duft)

*Fletjið smjördeigsplöturnar frekar þunnt út á smjörpappír og bakið þær í ofni við 220 gráðu hita í 15-20 mínútur, eða þangað til deigið hefur blásið út og náð fallegum lit.*

*Blandið vatninu saman við vanillubúðingsduftið og þeytið saman við léttþeytta rjómann. Smyrjið blöndunni á aðra smjördeigsplötuna og leggið hina ofan á. Dreifið glassúr (flórsykri og vatni) síðan jafnt yfir í þunnu lagi. Skerið í um það bil 6-8 bita. Kælið og berið fram.*


NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899 • www.nings.is



Sumar tilboð
3190 kr. fyrir tvo
Sumartilboð Nings fyrir tvo og fleiri
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Karrýnúðlur með sesam, edamame og grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með drekasósu
Hrísgrjón og 2 x 0,5L Appelsín

**ÞINGVELLIR Í FÓKUS** er yfirskrift ljósmyndasýningar sem verður opnuð í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík í dag. Þar gefur að líta ljósmyndir eftir áhugaljósmyndara sem eru flestar teknar í þjóðgarðinum.








Jóhannes Viðar Bjarnason hefur slegið upp tjaldborg í kringum Fjörukrána og er þar sannkallað víkingaþorp. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ísland er mekka víkinga

**Sólstöðuhátíð víkinga hefst í víkingaþorpinu við Fjörukrána í dag. Þar koma saman víkingar til að höggva í steina, berja glóandi járn, berjast með sverðum og skemmta landslýð í sönnum víkingaanda.**

„Víkingasagan drýpur af hverju strái í Hafnarfirði því hér var þeirra fyrsti viðkomustaður til forna og hér hafði Hrafna-Flóki vetursetu. Íslendingum er svo mikilvægt að rækta víkingauppprunann því víkinganafnið hefur borið skaða af tilvísun sinni til útrásarvíkinga og það þarf að leiðrétta,“ segir Jóhannes Viðar Bjarnason eigandi Fjörukráarinnar sem í fjórtánda sinn kallar víkinga til sín á Sólstöðuhátíð sem hefst í dag og stendur næstu níu daga.

„Víkingar voru engin lömb að leika við en þeir voru líka bissnessmenn þeirra tíma og landkönnuðir sem sigldu sem víðast til að sjá heiminn. Víkingar voru færustu siglingamenn heimsins og fáir sem stóðu þeim framar í bardagalistinni. Það sem stendur þó upp úr er hversu miklir listamenn þeir voru og það viljum við draga fram á Sólstöðuhátíðinni sem er fyrst og fremst fjölskylduhátíð þar sem gnótt er af skemmtun og fræðslu fyrir börnin, meðal annars barnavíkingaskóli,“ segir Jóhannes, en á hátíðinni verða einnig víkingamarkaðir, bardagavíkingar, leikhópar, handverksvíkingar, dansleikir, víkingaveislur og fleira.



Víkingar munu skemmta landslýð í sönnum víkingaanda á Sólstöðuhátíð Víkinga sem hefst við Fjörukrána í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ATNON

„Fyrstu árin urðum við að flytja inn víkinga, en hátíðin hefur vakið upp samfélag íslenskra víkinga sem nú telur á annað hundrað manns í Hringhorni og Rimmugýgi, sem báðir verða á hátíðinni,“ segir Jóhannes um hátíðina sem nýtur mikillar virðingar. „Víkingar á heimsvísu skipta tugþúsundum, en Ísland er mekka víkingaheimsins og sagan öll hér. Því langar alla að koma, og á þessum fjórtán árum hafa orðið til bestu sendiherrar Íslands sem dásama landið og hvetja aðra til að heimsækja þetta helsta vígi víkinga. Íslendingar eru svo allir komnir af víkingum og hver sem geymir góðan mann getur orðið virkur í samfélagi víkinga.“

*thordis@frettabladid.is*






Lagt verður af stað í létta fjölskyldugöngu frá Nonnahúsi frá klukkan 14. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fetað í fótspor Nonna

**Fjölskyldan getur gert sér glaðan dag á morgun með léttri göngu um slóðir Jóns Sveinssonar.**

Minjasafnið á Akureyri stendur fyrir göngu á morgun þar sem fetað verður í fótspor rithöfundarins Jóns Sveinssonar eða Nonna eins og hann er betur þekktur.

Þetta er létt og þægileg ganga sem hentar allri fjölskyldunni. Stuttlega verður farið yfir lífshlaup Nonna, lesið upp úr bókum hans og staðir skoðaðir sem tengjast lífi hans og stöðum. Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, leiðir gönguna sem hefst á morgun klukkan 14 og tekur rúmlega klukkustund. Gangan er þátttakendum að kostnaðarlausu.

*- rve*



Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir listmálari og Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins. MYND/ATHYGLI

# Gjörningur til sölu

**Spor þúsunda kvenna nefnist listaverk sem varð til í Kvennahlaupinu 2009 og er til sýnis í göngugötunni á Garðatorgi í Garðabæ.**

Verkið varð þannig til að við startlínuna hlupu þúsundir kvenna yfir renninga sem lagðir voru saman með málningu á milli. Þannig mótuðu þær með sporum sínum listaverk sem skiptist í tvo 10x2 metra striga sem endurspegla hvor annan. Hluti verksins hefur verið bútaður niður í litlar myndir sem verða til sýnis og sölu til 20. júní og allur ágóði rennur óskipt-ur til Krabbameinsfélags Íslands. Hinn hlutinn hefur verið keyptur af Garðabæ.

Hugmyndina að verkinu átti Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir listmálari en fleiri úr hennar stétt lögðu sitt af mörkum. Hrafnhildur telur að um fjölmennasta listgjörning sé að ræða sem gerður hafi verið á Íslandi því um 5.500 konur hafi hlaupið yfir renninguna. „Þátttaka í hlaupinu sýnir hina miklu samstöðu kvenna sem aftur endurspeglast í verkinu," bendir hún á. Myndirnar eru 40x40 og 45x45 sentimetrar að stærð.

*- gun*

# Kótelettan

**Vegleg bæjar-, fjölskyldu- og tónlistarhátíð hefst á Selfossi í dag og stendur yfir helgina.**

Kótelettan er nafnið sem hátíðin á Selfossi hefur hlotið. Ástæðan er sú að hluti af henni er svokallað „kjötfestival" þar sem heilgrillað naut, svín og lamb verður á boðstólum og bændur og sunnlensk fyrirtæki kynna vörur sínar.

Viðamikil barnadagskrá verður á morgun þar sem fram koma Björgvin Franz, íþróttaálfurinn og Skoppa og Skrítla. Frítt verður inn á svæðið að degi til og fjölskyldufólk fær að tjalda endurgjaldslaust á tjaldstæðinu alla helgina. Einnig er frítt í Sundhöll Selfoss.

Á kvöldin verða stórtónleikar og dansleikir, bæði í kvöld og annað kvöld. Þar koma fram Sálin hans Jóns míns, Dikta, Páll Óskar, Mánar og Karma.

*- gun*



Páll Óskar kemur fram.













# ÚTILEGA

**FYRSTA TÖLUBLAÐ AF ÚTIVERU** er komið út. Þar er meðal annars fjallað um Fimmvörðuháls og Víetnam og slegist í för með hjólagörpum um Evrópu. Útivera fæst á sölustöðum N1 um land allt, í Hagkaupsverslunum og í Pennanum Eymundsson.







Börn hafa gaman af útilegum og getur stundum verið alveg nóg að útilegurnar fari fram heima í garði ef annað reynist ekki vera í boði. Í vondu veðri má jafnvel tjalda innandyra og þá nota sængur og teppi til að útbúa tjaldið ef hið ósvikna kemst ekki fyrir.



ALLT HELGIN
**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



Þegar veðrið er gott þarf ekki langan fyrirvara til að skella sér í tjaldútilegu.

# *Tjaldaðu öllu til nú í sumar*

**Sumarið er tími útileganna og fallega staði til að tjalda á er að finna um allt land. Fátt jafnast á við að sofna við rigninguna, lemja tjaldið að utan að kveldi og vakna við hlýja morgunsólina. Maturinn fær annað bragð þegar hans er notið undir berum himni svo gott er að gera vel við sig bæði í mat og drykk áður en lagst er á meltuna á teppi í sólinni.**



High Peak Ancona, fjögurra og fimm manna tjald. Fjögurra manna: Verð 42.990. Fimm manna er á 52.990 krónur.



Coleman Primus hella í Ellingsen á 10.990 krónur.



Röndótt sæng eða teppi í útileguna frá IKEA, á krónur 9.990.



Deuter Futura Pro 38 bakpoki frá Útilífi. Verð er 23.990 krónur.



Camping ferðaeldavél í Ellingsen. Verð er 17.990 krónur.



Hitabrúsi úr stáli undir kakóið úr IKEA, á krónur 1.190.



# HM blaðið

FÖSTUDAGUR 11. JÚNÍ 2010


## Var á föstu með Dunga

**Jaqueline Cardoso da Silva fylgist vel með varamannabekk Brasilíu.**

SÍÐA 4





**Logi Bergmann Eiðsson og Ragna Lóa Stefánsdóttir hafa umsjón með þættinum HM 4 4 2 sem verður á dagskrá alla daga meðan á HM stendur.** MYND/SVEINN SPEIGHT

# HM 4 4 2 sýndur alla leikdaga

**Hvergi verður að finna eins yfirgripsmikla umfjöllun um HM í fótbolta og á Stöð 2 Sport 2.**

Einn mikilvægasti liðurinn í því verður þátturinn HM 4 4 2 sem verður á dagskrá alla daga meðan á keppninni stendur. Þar munu þau Logi Bergmann Eiðsson og Ragna Lóa Stefánsdóttir fjalla um nákvæmlega allt sem viðkemur HM, frá öllum mögulegum og ómögulegum sjónarhornum. Þau munu gera upp leikdaginn, sýna öll mörkin og varpa skýrara ljósi á annað markvert sem gerðist í leikjunum með aðstoð skarpra og vel valinna sparkspekinga.

Hér verður fyrst og fremst um skemmtiþátt að ræða sem miðar að því að draga fram allt það skemmtilegasta við heimsviðburð á borð við HM.

HM 4 4 2 verður sýnt alla leikdaga klukkan 21. Hægt verður að horfa á þættina á Vísir.is hvenær sem er.



● **HÁSKERPA Á STÖÐ 2 SPORT 2** Áhorfendur á Íslandi munu geta séð alla leikina á HM 2010 í háskerpu á Stöð 2 Sport HD. Þeir munu hafa tækifæri til að njóta HM í allt að fjórum sinnum meiri myndgæðum en í annarri útsendingu. Leikir sem sýndir eru hjá RÚV eru endursýndir á öllum hliðarrásum Stöð 2 Sport, allan sólarhringinn með sjónvarpsþulum Stöðvar 2 Sport.

● **LITLI HLÉBARÐINN** Zakumi er lítill hlébarði sem er lukkudýr HM í Suður-Afríku. Hann er gulur og klæddur í grænt og með grænt hár, en gulur og grænn eru einmitt litir suðurafríska knattspyrnusambandsins. Litli hlébarðinn leggur áherslu á að menn sýni háttvísi innan sem utan vallar og umgangist hver annan með virðingu. Nafn hans er samsett úr orðunum za, sem táknar Suður-Afríku og kumi sem þýðir tíu.








● **VUVUZELA** er nafn á hljóðfæri úr plasti, sem er sambland af loftflautu og trompeti. Vuvuzelur urðu mjög vinsælar í Suður-Afríku upp úr 1990 og eru ríkjandi á íþróttaviðburðum þar. Hávaðinn getur orðið ærandi þegar þúsundir manna blása í flauturnar samtímis og margir hafa gert athugasemdir við notkun þeirra á HM. Sérstaklega eru lætin mikil síðasta stundarfjórðung leikjanna þegar áhangendur blása nánast samfellt af öllum kröftum til að setja gestaliðið út af laginu í lok leiksins. Það er þó löngu ljóst að stemningin á leikvöngum Suður-Afríku yrði ekki sú sama án þessara hljóðfæra og þegar hafa hundruð þúsunda vuvuzela í litum allra liða selst fyrir keppnina.

# Landslið sparklýsenda

Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Guðmundur Benediktsson mynda teymi sparklýsenda á HM á Stöð 2 Sport. Þeir hafa samtals 59 ára reynslu af lýsingu boltaleikja fyrir ljósvakamiðla. Arnar hefur lengstu reynsluna, 25 ár, en Guðmundur er hálfgerður nýliði í hópnum, með sex ára reynslu að baki.

Við báðum þá um að spá fyrir um hverjir verði heimsmeistarar og hver verði stjarna keppninnar.



**HÖRÐUR MAGNÚSSON** spáir því að titillinn endi í höndum Spánverja og að Xavi verði valinn maður mótsins.



**ARNAR BJÖRNSSON** spáir Brasilíu sigri í HM og að stjörnur keppninnar verði Lionel Messi og Wayne Rooney. Hann spáir þó hvorugum þeirra í úrslitaleikinn en telur að Spánverjinn Xavi verði valinn bestur þó að Brasilía muni vinna leikinn gegn Spánverjum.



**GUÐJÓN GUÐMUNDSSON** spáir því að Þjóðverjar vinni úrslitaleik við Englendinga 3-1 og verði heimsmeistarar, en Wayne Rooney verði maður mótsins.



**GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON** spáir Argentínu sigri og að stjarna keppninnar verði þjálfari Argentínu, Diego Maradona, og hann muni ekki eiga í vandræðum með að skyggja á stjörnur keppninnar inni á völlunum.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Einar Skúlason esk@365.is



**Júlíus Fjeldsted ætlar að grila með félögunum í kvöld þegar Frakkland etur kappi við Úrúgvæ.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# HM-veisla í Mávahlíðinni

**Í tilefni af HM 2010 ætlar Júlíus Fjeldsted að bjóða heim í grillveislu.**

„Við erum nokkrir gamlir skólafélagar sem höfum haft fyrir sið að slá upp veislu í kringum stórmót í knattspyrnu. Það vill svo skemmtilega til að mitt lið, Frakkland, spilar á móti Úrúgvæ um kvöldið en einn úr hópnum heldur með Úrúgvæ. Ég hef reyndar trú á að Hollendingar fari langt þar sem þeir eru á hálfgerðum heimavelli sínum.“

Júlíus hefur haldið með Frakklandi frá því á HM 1982 þegar Platini, Giresse og Tigana léku listir. „Frakkar hafa alltaf spilað heillandi knattspyrnu. Þeir eru til dæmis ein fárra þjóða sem hafa tak á Brasilíumönnum. Leikurinn árið 1986 var til dæmis ógleymanlegur sem og úrslitaleikurinn 1998. Svo eru Frakkar bara mjög kúltíverað og flott fólk.“

Þrátt fyrir Frakklandsáhugann verður samt ekki boðið upp á andalifur og grillaðar froskalappir. Júlíus ætlar að grilla humar í forrétt og hafa hrefnusteik á teini í aðalrétt. „Ég var að spá í „surf-and-turf“-máltíð, en það er kannski full langsótt að segja að hvalir hafi eitt sinn gengið á landi! Svo hafa félagarnir leyfi til þess að fá að henda einhverju öðru á grillið sjálfir.“

Það er mikil stemning á heimilinu þegar stórmót í knattspyrnu eru annars vegar. „Þegar ég bjó í lítilli kjallaraíbúð í miðbænum fyrir nokkrum árum datt mér í hug að fara með sjónvarpið út í garð til að horfa á leikinn. Ég stillti allt í botn og bjóst kannski við að nágrannarnir kæmu út brjálaðar. Þess í stað mættu þeir á svæðið og horfðu á leikinn með mér í glampandi sól og stemningu. Og það var að sjálfsögðu kveikt á grillinu.“

**Matseðillinn í HM partýinu**

**Forréttur:** Humar penslaður með smjöri, kreistum hvítlaukssafa og steinselju dreift yfir.
**Aðalréttur:** Hrefnusteik skorin í ræmur, vafin á tein og pipruð.
**Meðlæti:** Saxaðar, sætar kartöflur, sveppir, paprika, rauðlaukur og piparostur. Sett í álpappír og hrist reglulega yfir grillinu.
Vín: Chablis, Les Deux Rives 2007 með humrinum.
Bjór með steikinni.
Perdomo-vindill með sigrinum.

● **LEIKIR Í BEINNI ÚTSENDINGU OG ALLIR LEIKIR SÝNDIR**
Stöð 2 Sport 2 sýnir 18 leiki af 64 í beinni útsendingu. Hinir 46 leikirnir verða einnig sýndir á Stöð 2 Sport 2 með bestu þulum okkar. Þeir verða sýndir á öllum hliðarrásum stöðvarinnar, allan sólarhringinn. HM 442 verður síðan á dagskrá kl. 21 alla leikdagana á Stöð 2 Sport 2, þar sem Logi Bergmann og Ragna Lóa fjalla um allt sem við kemur HM.



HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

Í HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLANUM ERU FJÓRAR SAMNINGSBUNDNAR IÐNGREINAR

Gott nám með mikla möguleika

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Viltu vera bakari, framreiðslumaður, kjötiðnaðarmaður eða matreiðslumaður?
Nám í skóla og nám á vinnustað.

Nemendum stendur til boða að byrja á að fara í eins árs grunnnám eða hefja námið beint á starfsnámsstað.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR!

www.mk.is

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000




Skódagar
20%
afsláttur
af öllum skóm
Gildir til sunnudags.
Allir gönguskór • Allir hlaupaskór • Allir fótboltaskór • Allir götuskór
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500



# Leikirnir á HM 2010

## RIÐILL A

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Föstudagur 11. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Suður-Afríka | | : | Mexíkó |
| Föstudagur 11. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Úrúgvæ | | : | Frakkland |
| Miðvikudagur 16. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Suður-Afríka | | : | Úrúgvæ |
| Fimmtudagur 17. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Frakkland | | : | Mexíkó |
| Þriðjudagur 22. júní | 14:00 | SPORT 2 | Mexíkó | | : | Úrúgvæ |
| Þriðjudagur 22. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Frakkland | | : | Suður-Afríka |

## RIÐILL B

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugardagur 12. júní | 11:30 | SPORT 2 | Suður-Kórea | | : | Grikklanc |
| Laugardagur 12. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Argentína | | : | Nígería |
| Fimmtudagur 17. júní | 11:30 | SPORT 2 | Argentína | | : | Suður-K |
| Fimmtudagur 17. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Grikkland | | : | Nígería |
| Þriðjudagur 22. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Grikkland | | : | Argentín |
| Þriðjudagur 22. júní | 18:30 | SPORT 2 | Nígería | | : | Suður-K |

## RIÐILL C

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugardagur 12. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | England | | : | Bandaríkin |
| Sunnudagur 13. júní | 11:30 | SPORT 2 | Alsír | | : | Slóvenía |
| Föstudagur 18. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Slóvenía | | : | Bandaríkin |
| Föstudagur 18. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | England | | : | Alsír |
| Miðvikudagur 23. júní | 14:00 | SPORT 2 | Bandaríkin | | : | Alsír |
| Miðvikudagur 23. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Slóvenía | | : | England |

## RIÐILL D

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sunnudagur 13. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Serbía | | : | Gana |
| Sunnudagur 13. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Þýskaland | | : | Ástralía |
| Föstudagur 18. júní | 11:30 | SPORT 2 | Þýskaland | | : | Serbía |
| Laugardagur 19. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Gana | | : | Ástralía |
| Miðvikudagur 23. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Gana | | : | Þýskalanc |
| Miðvikudagur 23. júní | 18:30 | SPORT 2 | Ástralía | | : | Serbía |

## RIÐILL E

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mánudagur 14. júní | 11:30 | SPORT 2 | Holland | | : | Danmörk |
| Mánudagur 14. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Japan | | : | Kamerún |
| Laugardagur 19. júní | 11:30 | SPORT 2 | Holland | | : | Japan |
| Laugardagur 19. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Kamerún | | : | Danmörk |
| Fimmtudagur 24. júní | 18:30 | SPORT 2 | Danmörk | | : | Japan |
| Fimmtudagur 24. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Kamerún | | : | Holland |

## RIÐILL F

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mánudagur 14. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Ítalía | | : | Paragvæ |
| Þriðjudagur 15. júní | 11:30 | SPORT 2 | Nýja-Sjáland | | : | Slóvakía |
| Sunnudagur 20. júní | 11:30 | SPORT 2 | Slóvakía | | : | Paragvæ |
| Sunnudagur 20. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Ítalía | | : | Nýja-Sjála |
| Fimmtudagur 24. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Slóvakía | | : | Ítalía |
| Fimmtudagur 24. júní | 14:00 | SPORT 2 | Paragvæ | | : | Nýja-Sjála |

## RIÐILL G

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þriðjudagur 15. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Fílabeinsstr. | | : | Portúgal |
| Þriðjudagur 15. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Brasilía | | : | Norður-Kórea |
| Sunnudagur 20. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Brasilía | | : | Fílabeinsstr. |
| Mánudagur 21. júní | 11:30 | SPORT 2 | Portúgal | | : | Norður-Kórea |
| Föstudagur 25. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Portúgal | | : | Brasilía |
| Föstudagur 25. júní | 14:00 | SPORT 2 | Norður-Kórea | | : | Fílabeinsstr. |

## RIÐILL H

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Miðvikudagur 16. júní | 11:30 | SPORT 2 | Hondúras | | : | Chile |
| Miðvikudagur 16. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Spánn | | : | Sviss |
| Mánudagur 21. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | Chile | | : | Sviss |
| Mánudagur 21. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Spánn | | : | Hondúra |
| Föstudagur 25. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | Chile | | : | Spánn |
| Föstudagur 25. júní | 18:30 | SPORT 2 | Sviss | | : | Hondúra |

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

11. júní 2010




# BARÁTTUKONA Í BORGINNI

Félagsmálakonan Eva Einarsdóttir, nýkjörinn borgarfulltrúi Besta flokksins, hefur brennandi ástríðu fyrir mat og mannréttindum.

+ NÝJA LÍNAN FRÁ KRÍU + ÓÐUR TIL HEITU LAUGANNA + B-RUFF Á AKUREYRI
KRÚTTLEGUR HRYLLINGUR + UPPÁHALDSHLUTIR HJÚKRUNARNEMANS


ÓDÝR OG GÓÐUR LASERPRENTARI

SAMSUNG



Samsung ML-1640

A4 prentari með 1200 x 600 punkta upplausn. Prentar allt að 16 blaðsíður á mínútu. 8mb minni og USB 2. Toner Save Mode sparar allt að 30% af prentaradufti en skilar samt góðri útprentun. Windows og Mac.

Kr. 16.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ Listin og lífið



## BJÖRGVIN FRIÐGEIRSSON, GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Í kvöld mæti ég klárlega á Bjúddarann, skemmtikvöld KF Mjaðmar, Í Iðnó, og hvet einnig alla aðra til að mæta. Svo tekur við útskrift úr Listaháskóla Íslands á laugardaginn. Í kjölfarið á því fylgir án efa eitthvert djammbrjálæði fram á sunnudagseftirmiðdag með bekkjarfélögunum.

### Röff helgi á Akureyri



Plötusnúðurinn DJ B-Ruff mun leika listir sínar á skemmtistaðnum 101 Akureyri um helgina. B-Ruff hefur gert það gott undanfarið með Pabbahelgum á Kaffibarnum, en þar þeytir hann skífum ásamt félaga sínum DJ Gísla Galdri. B-Ruff mun leika hiphop, dubstep og house á 101 Akureyri annað kvöld og hefst skemmtunin klukkan 01.00.

þetta HELST

### Bræðingur í bókabúð



Rithöfundurinn Ingibjörg Hjartardóttir mun lesa upp úr skáldsögu sinni Hlustarinn í Bókabúð Máls og menningar á morgun. Starfsfólk Ókeibóka verður einnig með sérstaka kynningu á Íslandskorti sem Hugleikur Dagsson teiknaði og jafnframt verða kynntir nýir bolir með teikningum úr hinni vinsælu bók Popular Hits. Að lestrinum loknum verður boðið upp á lifandi tónlist, Jóhann Kristinsson mun flytja lög af plötunni sinni Tropical Sunday.

Jóhanna Metúsalemsdóttir sendir frá sér aðra skartgripalínu:

# INNBLÁSTUR FRÁ LIST

„Nýja línan er undir áhrifum frá „tribal“ málverkum eiginmanns míns, listamannsins Pauls Weil. Við vörpuðum meðal annars einu verka hans á fyrirsætuna fyrir myndatökuna í staðinn fyrir að klæða hana í föt eða nota farða,“ segir skartgripahönnuðurinn Jóhanna Metúsalemsdóttir um nýja skartgripalínu sína, en hún hannar undir nafninu Kría.

Þetta er önnur línan frá Kríu og var Jóhanna í um þrjá mánuði að vinna hana. „Þetta er önnur línan mín en annars bý ég bara til nýtt skart þegar mér er mál að gera eitthvað. Það mætti eiginlega segja að fyrsta línan hafi komið út í þremur hollum og það er ekki ólíklegt að það verði eins með þessa línu, að ég bæti við hana ef mér dettur eitthvað sniðugt í hug,“ útskýrir Jóhanna.

Fyrri línan hefur verið fáanleg á vefnum, í Aurum á Bankastræti, Icelandicmarket.com og í vel völdum verslunum í Bandaríkjunum. „Það er ekki búið að reyna mikið á sölu á nýju línunni þar sem hún er bara rétt komin inn á heimasíðu Kríu. Eitthvað hefur borist af persónulegum pöntunum beint til mín en ég er mjög vongóð um að línan muni seljast vel þar sem „lookbook“ sem ég gerði hefur vakið mikla lukku.“

Skart frá Kríu var notað í tískuþátt í marshefti tískutímaritsins Purple Magazine og var það hinn heimsþekkti ljósmyndari Terry Richardson sem tók myndirnar. Að sögn Jóhönnu er það mikil viðurkenning að fá hönnun sína birta í tímariti sem þessu. „Þetta eykur umtal og forvitni og vonandi leiðir þetta svo til þess að fleiri verslanir vilji kaupa Kríu skartið. Þetta helst allt voða mikið í hendur, það er að segja ef þú ert í vinsælu blaði í tískuþætti sem myndaður er af þekktum ljósmyndara þá er maður í góðum málum,“ segir Jóhanna að lokum kampakát. *- sm*



**Jóhanna Metúsalemsdóttir** Hannar skemmtilegt skart undir heitinu Kría.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Tribal** Nýja línan frá Kríu er innblásin af tribal málverkum eiginmanns Jóhönnu.
MYND/ELÍSABET DAVÍÐSDÓTTIR

Kolbrún Vaka Helgadóttir opnar ljósmyndasýningu:

# Óður til lauganna

Ljósmyndarinn Kolbrún Vaka Helgadóttir opnar í dag sýningu á Hótel Plaza í Aðalstræti 4 til 8.

Myndirnar á sýningunni eru hluti af meistaraverkefni Kolbrúnar þar sem hún fjallaði um sundlaugamenningu Íslendinga, en hún útskrifaðist nýverið frá Goldsmiths University í London með M.A. gráðu í ljósmyndun og borgarmenningu.

Ljósmyndirnar tók Kolbrún í náttúrulegum laugum síðastliðið sumar. „Ég var búin að vera lengi með þessa hugmynd í kollinum. Ég elska sjálf sundlaugar og þegar ég bjó í London áttaði ég mig á því hvað þær eru mikill fjársjóður fyrir okkur Íslendinga. Ég fór að velta því fyrir mér hvað það væri magnað ef maður kæmist í svona náttúrulegar laugar nálægt London.“

Nafn sýningarinnar, Swim Zone (Out) – In the Thermal Pools of Iceland, vísar til þeirrar sterku upplifunar, þegar fólk losnar undan skarkala borgarlífsins og dýfir sér í náttúrulega laug.



Nám Kolbrúnar snerist að hluta til um félagsfræði borgarinnar. Hún horfði því á sundmenninguna með augum borgarbarnsins, sem byggir ósýnilegan vegg í kringum sig til að verjast áreiti. Í ljósmyndunum endurspeglast hvernig varnir þess falla þegar það fer úr fötunum, skynjar sjálft sig og náttúruna.

Opnun sýningarinnar verður í kvöld á milli klukkan 18 og 20 en hún mun standa í allt sumar. *- hhs*

### ✻ augnablikið



**ALEXA CHUNG** Alveg eins og allt annað sem hún klæðist vakti síður og húðlitaður kjóll sjónvarpskonunnar Alexu Chung á verðlaunahátíð bandarískra tískuhönnuða í vikunni mikla athygli. Kjóllinn er úr sumarlínu Marc Jacobs.




föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Papasan stóll
pullur einnig til
í rauðu og brúnu
áður 19.900,-
nú 15.920,-
Hawaii sett
4 stykki
áður 39.900,-
nú 31.920,-
495,-
áður 6.490,-
nú 5.192,-
190,-
Bakkaborð
og trillur
40%
afsláttur
fylgir frítt með
bastvörum
á með birgðir endast.
verð frá 190,-
áður 34.900,-
nú 27.920,-
áður 13.990,-
nú 8.394,-
Basthúsgögn
og körfur
20%
afsláttur
áður 8.990,-
nú 7129,-
áður 790,-
nú 632,-
áður 890,-
nú 712,-
áður 690,-
nú 552,-
áður 5.990,-
nú 4.792,-
áður frá 1.990,-
nú frá 1.592,-
áður 29.900,-
nú 23.920,-
áður 19.900,-
nú 15.920,-
Stól og skemill áður 39.900,-
nú 31.920,-
verð frá
590,-
the
PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
afsláttur gildir til 17. Júní
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# NÝ BARÁTTUKONA Í BORGARPÓLITÍKINNI

**Eva Einarsdóttir, nýkjörinn borgarfulltrúi Besta flokksins, er félagsmálakona, matarbloggari og baráttukona um mannréttindi.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason

Eva Einarsdóttir er fædd í Sundahverfinu í Reykjavík og hefur frá unga aldri verið mikil félagsmálakona. Hún æfði fótbolta með Þrótti á sínum yngri árum, vann á leikjanámskeiðum frá fimmtán ára aldri og var formaður nemendaráðs á skólaárum sínum. Eva vann um árabil í tónlistariðnaðinum þar sem hún starfaði meðal annars fyrir tónlistarhátíðina Iceland Airwaves og Útón, útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar. Hún stundaði nám í tómstunda- og félagsmálafræði og alþjóðlegri verkefnastjórnun fyrir borgarsamfélagið og frjáls félagasamtök í Gautaborg. Eva segir dvölina í Svíþjóð hafa verið góða og ber Svíum vel söguna. „Árin í Gautaborg hafa án efa mótað mig mikið. Ég heillaðist mikið af landinu og þar náum við Jón Gnarr vel saman,“ segir Eva og hlær. „Sænska samfélagið átti mjög vel við mig. Þar var fólk mjög meðvitað um allt sem viðkemur umhverfinu, mannréttindum og almennt að því sem snýr að fólki.“

## SJÁLFBOÐALIÐI Í PALESTÍNU

Eva er virkur meðlimur félagsins Ísland-Palestína og hefur meðal annars gegnt stöðu varaformanns auk þess sem hún starfaði sem sjálfboðaliði í Palestínu í mánuð. „Þegar ég byrjaði með manni mínum, Eldari Ástþórssyni, fyrir þrettán árum síðan var hann mjög virkur meðlimur í félaginu og ég eiginlega smitaðist af þessum krafti í honum. Maður reynir að sinna þessu eins vel og maður getur, en stundum virðist ástandið í Palestínu svo vonlaust að það getur verið erfitt að halda í vonina. Það væri samt alveg glatað ef við sem búum í hinum vestræna heimi missum vonina þegar það er svona ótrúleg þrautseigja í fólkinu sem býr á svæðinu.“

Eva segir ástandið í Palestínu hræðilegt og að þar alist nú upp ný kynslóð barna sem búi við mjög slæm skilyrði og vaxandi reiði vegna ástandsins. Árið 2004 dvaldi Eva í mánuð á Vesturbakkanum þar sem hún vann meðal annars með Palestínsku læknasamtökunum og kenndi ensku. „Dvölin í Palestínu er eitthvað sem ég mun búa að alla ævi. Ég varð vör við sprengingar og byssuskot næstum á hverri nóttu og fólk var slegið tilefnislaust af hermönnum við eftirlitsstöðvar, eins var verið að reisa aðskilnaðarmúrinn á þessum tíma og það fór ekki framhjá manni. En það sem kom mér hvað mest á óvart var harkan sem ísraelsku hermennirnir sýndu fólki þrátt fyrir að alþjóðlegir sjálfboðaliðar væru viðstaddir, það var eins og þeim væri alveg sama. En það er mikilvægt að muna að á þessu svæði starfa einnig margir Ísraelsmenn við hjálparstarf og eru mótfallnir hernámi Palestínu, maður má ekki detta í þá gryfju að halda að þeir styðji allir stefnu ísraelskra yfirvalda og hersins því það er svo fjarri sannleikanum,“ segir Eva. Aðspurð segist hún aldrei hafa upplifað sig í mikilli hættu á meðan hún dvaldi á Vesturbakkanum, heldur hafi óttatilfinningin komið eftir á. „Maður óttaðist, en manni fannst svolítið eins og maður væri kominn inn í kvikmynd því þetta er allt svo óraunverulegt. Maður gaf sér lítinn tíma til að vera hræddur en í fluginu á leiðinni heim til Svíþjóðar helltust tilfinningarnar yfir mann og það tók mig smá tíma að vinna úr því sem ég hafði upplifað þarna. Það vildi líka svo til að það var skotsvæði nærri heimili okkar í Gautaborg og í hvert sinn sem ég heyrði skotið af byssu upplifði ég eins konar afturhvarf.“

Í gegnum sjálfboðavinnunna kynntist Eva mörgu góðu fólki sem hún heldur enn sambandi við. Þegar hún er spurð út í árásina sem ísraelski herinn gerði nýverið á alþjóðlega skipalest á leið til Palestínu segist hún hafa þekkt þó nokkra um borð á skipunum. „Gamall kennari minn var meðal annars um borð á einu skipinu og var handtekinn og það er auðvitað mikið áfall þegar maður þekkir einhvern sem á í hlut. “

*„Maður reynir að sinna þessu eins vel og maður getur, en stundum virðist ástandið í Palestínu svo vonlaust að það getur verið erfitt að halda í vonina. Það væri samt alveg glatað ef við sem búum í hinum vestræna heimi missum vonina þegar það er svona ótrúleg þrautseigja í fólkinu sem býr á svæðinu.“*



**Barn undir belti** Eva Einarsdóttir á von á sínu öðru barni um miðjan júlí. Henni þykir erfitt að missa af fyrstu mánuðum Besta flokksins í borgarstjórn, þótt hún ætli að fylgjast vel með af hliðarlínunni. Hún hlakkar að sjálfsögðu líka mikið til fæðingarorlofsins.



## bak við tjöldin

**Uppáhaldsborgin?**
Það fer dálítið eftir því hverju maður er að sækjast eftir. Reykjavík fær hjartað til að slá en ég væri alveg til í rómantíska helgi í París með betri helmingnum.



**Besti tími dags?**
Ég er mikil kvöldmanneskja, en fyrsta spjallið við dóttur mín á morgnana er líka dásamlegt.

**Stjörnumerki?**
Ég er og þyki víst týpískur hrútur.



**Uppáhaldsmatur?**
Ítalskur matur.

**Uppáhaldsbókin?**
Engin sérstök, en ég hef gaman af bókum eftir Milan Kundera og Nick Hornby … og matreiðslubókum.

### BLOGGAR UM MAT

Evu er margt til lista lagt og hefur hún meðal annars mikinn áhuga á matargerð og veit fátt skemmtilegra en að halda matarboð fyrir vini og vandamenn. Eva heldur einnig úti vinsælu matarbloggi á Miðjunni.is þar sem hún kennir lesendum hvernig má elda holla og skemmtilega grænmetisrétti. „Á Gautaborgarárunum ákváðum við hjónin að hætta að borða kjöt og fisk og þurftum þá að finna nýjar hugmyndir um hvað ætti að hafa í matinn. Í kjölfarið fékk ég mikinn áhuga á að þefa uppi ýmsa grænmetisrétti sem væru bæði hollir og afskaplega bragðgóðir,“ segir Eva sem hóf fyrst að blogga stuttu eftir fæðingu dóttur sinnar. „Ég er þannig manneskja að mér þykir best að hafa alltaf nóg fyrir stafni. Ég ákvað því að byrja með matarblogg á meðan ég var í fæðingarorlofi. Fólk tók mjög vel í það og mér þótti sjálfri mjög skemmtilegt að sjá hvað öðrum þótti gaman að fá nýjar hugmyndir að grænmetisréttum.“ Hún viðurkennir þó að í óléttunni og framboðinu hafi hún haft lítinn tíma til að sinna matarástinni.

### ÝMISLEGT OG ALLS KONAR

Eva segir Heiðu Kristínu Helgadóttur, kosningastjóra Besta flokksins, hafa leitað til sín þegar verið var að skipa á lista fyrir kosningarnar og beðið sig að leggja flokknum lið. Að sögn Evu þótti henni tilboðið spennandi og tækifærið of gott til að sleppa því. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á samfélagsmálum og málefnum Reykjavíkur. Þess utan finnst mér fólkið sem leiðir listann líka spennandi og skemmtilegt og hlakka mikið til þess að vinna með því,“ segir Eva, sem á von á öðru barni sínu um miðjan júlí og viðurkennir að henni þyki erfitt að missa af þessum fyrstu mánuðum Besta flokksins í borgarstjórn. „Þó ég hlakki mikið til fæðingarorlofsins þá viðurkenni ég að mér finnst mjög leiðinlegt að missa af þessum fyrstu mánuðum. Þetta verða örugglega mjög spennandi og mótandi tímar fyrir starf flokksins, en við erum flott og samrýnd þannig að ég fæ að vera með á kantinum eins og maður segir. Ég vil þó nýta tækifærið og taka fram að ég fer ekki strax á spenann sem óléttur borgarfulltrúi eins og sumir virðast hafa áhyggjur af, því fæðingarorlof tekur mið af síðustu tveimur starfsárum manns.“

Eva vann áður á öðrum vettvangi fyrir Reykjavíkurborg, sem atvinnuráðgjafi fyrir ungt fólk í Hinu húsinu, og þó hún sé ekki kvíðin fyrir því að hefja nýtt starf segist hún kveðja gamla vinnustaðinn og fólkið í Hinu húsinu með söknuði. „Ég hlakka mikið til að byrja í nýju starfi þó það sé auðvitað margt sem við eigum eftir að læra. En svona almennt er ég bjartsýn á framtíðina og ég trúi því að jákvætt hugarfar muni koma ýmsum góðum breytingum til leiðar.“

Prjóna- og hekllistakonan Patricia Waller sýnir með íslenskum listamönnum:

# KRÚTTLEGUR HRYLLINGUR

Listakonan Patricia Waller er væntanleg hingað til lands um helgina en hún tekur þátt í prjónalistahátíðinni Lykkjur: Norræn prjónalist dagana 17. júní til 4. júlí. Um er að ræða alþjóðlega sýningu á listaverkum þar sem nær eingöngu er notast við hekl- og prjónatækni.

Heklverk Patriciu eru einstök blanda af krúttskap og hryllingi sem vekur mismunandi viðbrögð hjá fólki að hennar eigin sögn. „Hekl hefur þetta sakleysislega yfirbragð og ull kallar fram hlýjar tilfinningar hjá fólki. Heklað blóð fær fólk oft til að fara að hlæja, jafnvel þó það sé að horfa á einhverja skelfilega senu,“ segir Patricia.

Hún hefur unnið listaverk úr ull frá því hún lauk námi í höggmyndalist snemma á tíunda áratugnum. „Mig langaði þá að vinna með efnivið sem væri enn ekki búinn að ná fótfestu í listum. Svo ég fór að hekla mín verk úr ull. Kollegar mínir gerðu mikið grín að mér fyrir að vinna með svo gamaldags efnivið. Og það var í raun erfitt, sem kona, að vinna með efni sem var svo rækilega tengt við húsfreyjulist.“

En Patricia gafst ekki upp á ullinni og var fljótlega komin með algjörlega sérstöðu. Sýning hennar á Íslandi verður unnin í samstarfi við átta íslenska listamenn, þau Melkorku Huldudóttur, Kristínu Evu Rögnvaldsdóttur, Charlie Strand, Juliu Staples, Vigdísi Þormóðsdóttur, Hildi Hermanns, Jóa Kjartans og Magnús Helgason. Hvert þeirra hefur fengið stórt heklað skordýr frá Patriciu til að skapa sögu í kringum og taka ljósmyndir af í náttúrulegum híbýlum þeirra. Dýrunum verður svo stillt upp á sýningu, eins og á náttúrugripasafni, ásamt ljósmyndum og sögum. **- hhs**



**Dýr úr smiðju Patriciu** Eitt dýranna sem verða á sýningu Patriciu og íslenskra listamanna á alþjóðlegu prjónalistahátíðinni Lykkjur.

MYND/PATRICIA WALLER









DIESEL FOR SUCCESSFUL LIVING

...FÆST Í :

retro

Deres

gallerí sautján

* miðað við verð gefið á heimasíðu diesel.com og evru gengi 157

www.ntc.is | erum á FACEBOOK

# tíðin

* hlutir sem gleðja



**SUMARLEGUR OG SÆTUR** Þegar sólin tekur syrpu er gott að eiga flottan hatt til að verja andlitið og bæta útlitið. Þessi klassíski stráhattur fæst í Topshop.

## TOPP 10



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## LILJA HRÖNN HELGADÓTTIR

**hjúkrunarnemi við HÍ**



**KJÓLL** úr Sumarlínunni 2008 frá Soniu Rykiel. Mig dreymdi um hann í marga mánuði áður en ég fékk hann loksins á 50% afslætti sumarið 2009.



**HJÓL** sem ég keypti núna á sumardaginn fyrsta. Í fyrsta lagi virka allir sætari á fínu hjóli og í öðru lagi hef ég einungis notað strætó tvisvar sinnum eftir að ég fékk það, er algjörlega orðin háð því.



**SKÓR ÚR SÖMU LÍNU FRÁ SONIU RYKIEL,** sem fullkomnuðu drauminn og keypti ég þá einnig á 50% afslætti í mars síðastliðnum. Núna þarf ég bara að komast aftur til Parísar til að geta leyft dressinu að njóta sín til fulls.



**ÉG ER ALGJÖRT SKISSUBÓKA-SNOBB** og vil helst einungis nota Moleskine, sem er mjög óhentugt þar sem þær kosta nánast handlegg og hálfan hér á landi.


FULLT AF NÝJUM VÖRUM



Kjólar frá 7.990 kr.

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU AF STUTTUM JÖKKUM, KVART-BUXUM OG SKOKKUM STÆRÐIR 40-54

Allir sem versla fyrir 8.000 kr. eða meira fá hálsklút í kaupbæti.

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11-16

FJÖRÐUR
www.fjordur.is




**SPEGILL** sem langamma mín átti og amma mín gaf mér. Ég var nú ekki alveg sátt við hann á sínum tíma, enda á hápukti gelgjunnar, en er mjög fegin að mamma mín píndi mig til að þiggja hann, því núna elska ég hann.



**NÆSTUM ALLAR BÆKUR EFTIR UPPÁHALDSRITHÖFUNDINN MINN**, David Sedaris, komnar í safnið. Fékk þær líka allar áritaðar á bókmenntahátíð síðasta haust, sem skemmir alls ekki fyrir.



**LADY DANGER VARALITUR** frá MAC. Besti og fallegasti rauði varalitur sem til er, alveg peninganna virði, endist vel og lengi þrátt fyrir þráláta notkun.



**IPHONE-INN** minn hefur hægt og rólega þróast yfir í þriðja handlegg minn, sem ég get ekki lifað án. Vinur minn reddaði mér honum frá Bandaríkjunum.



**MYNDIR** sem vinkona mín Sunna málaði handa mér og gaf mér í jólagjöf 2008, sú efri er af mér og henni saman og sú neðri af mér.



**HRINGUR** sem afi minn frá Patró gaf mér í stúdentsgjöf, amma mín átti hann áður. Ég held alveg hrikalega mikið upp á hann.



**ÞETTA GULLFALLEGA HANDGERÐA SJAL**
frá Farmers Market heitir Öxl og fæst nú í tveimur litasamsetningum.
Verð kr.17.400

**FARMERS MARKET**
Eyjarslóð 9
www.farmersmarket.is



**HEIÐI** heitir þessi sumarlegi silkikjóll frá Farmers Market. Hlýrarnir eru stillanlegir þannig að ein stærð hentar flestum. 100% silki. Verð kr.26.500



**KRISTÍN**
Taskan er búin til úr Hlýraroði en höldur og hliðar úr leðri. Fóðruð með 100% silki. Fáanleg í mörgum litum.

**HULD VERSLUN**
Skólavörðustíg 4, 101 Reykjavík
Sími: 551-1701
www.huld.is



**NÍNA**
Taskan er búin til úr Karfaroði . Höldur og líningar úr leðri. Fóðruð með 100% silki. Fáanleg í mörgum litum.

**ADDÝ**
Taskan er búin til úr Laxaroði og fóðruð með 100% silki. Fáanleg í mörgum litum.



# EINSTAKT OG ÍSLENSKT

## Íslensk tískuhönnun hefur aldrei verið eins lifandi, hvort sem litið er til fata eða fylgihluta.



**ÁTTANN**
Frábær flík sem hægt er að nota á átta mismunandi vegu. Margar stærðir og litir.

**EVUKLÆÐI – ÍSLENSK HÖNNUN.**
www.facebook.com/evuklaedi.svava
Gallerí Thors – Thorsplani, Hafnarfirði.
Gallerý Dunga, Geirsgötu 5, 101 Rvk.



**SKOKKUR OG ERMAR**
Fallegur sumarskokkur úr bómullarblöndu sem hægt er að fá í mörgum litum. Ermarnar eru í stíl og einnig hægt að fá einar sér.



**VÆNGJA PEYSA.**
Prjónað bómullarnet með röndum úr þæfðri ull. Fæst í mörgum litum t.d. svart á svörtu. Verð 41,200 kr

**HANNA**
Laugavegi 20b,
Inngangur við Klapparstíg
www.hanna.is



**KJÓLL**
Glæsilegu kjóll úr hrásilki og bómull með þunnri slæðu úr þæfðri ulll. Verð 46,200



**ERMASLÁ**
Ermasláin er fjölhæf flík. Hægt er að fara í hana á ótal vegu og hún er til í 20 litum og litasamsetningum. Möguleikarnir með Ermaslánna eru endalausir. Hún er einnig til án erma og í fleiri útfærslum. Ermasláin fæst í ullarvöruverslunum um land allt.

**M-DESIGN**
www.cold.is



**UNISEX PEYSA.**
Þessi hlýja og góða peysa er ómissandi fyrir útivistarfólk. Hvort sem þú ætlar að standa við grillið í golunni í sumar, spila golf, veiða eða fara í útilegu, er peysan tilvalin. Peysan er fóðruð með flís og með þéttprjónaðri ull að utan. Hlý og góð og hedur rigningunni úti. Einnig til með kvennasniði og kraga. Fæst í ullarvöruverslunum um land allt.



**ELM**
Laugavergur 1,
s: 511-0991,
www.elm.is

**GULLFALLEG SILKISKYRTA** með rómantískum blæ. Fæst einnig í svörtum lit.



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Helga Arnardóttir, fréttakona á Stöð 2**

1 Engin ástæða að byrja daginn of snemma. Sef aðeins út, klæði mig í snatri og kem við á Kaffismiðjunni á Kárastíg. Fæ mér kaffi latte, les blöðin og vefmiðlana og spjalla við skemmtilegt fólk.



2 Draumurinn væri að geta farið í „löns“ með tólf manna vinkonuhópnum mínum á Vox þar sem yrði slúðrað og hlegið langt fram á dag. Alltof langt síðan við vorum allar saman.



3 Ef það væru sýndar gamlar bíómyndir í einhverju kvikmyndahúsi í Reykjavík myndi ég fara með nokkrum útvöldum vinum og horfa á ástarvellumyndir með Audrey Hepburn eða Marilyn Monroe.



4 Færi svo í hot yoga fyrir helgina en af því að ég er með ímyndað aukið fjármagn myndi ég bæta við nuddi í baðstofunni til að slaka aðeins á og ekki væri leiðinlegt að fá fótsnyrtingu líka.

5 Keyri út í sumarnóttina með góðum vinum. Stoppum á Arnarstapa á Snæfellsnesi í geggjuðu veðri, tjalda og grilla mér lambakótelettur og drekk rauðvín í plastglasi við heitan prímus.


## Syrusson Hönnunarhús

### óskar Matís til hamingju með nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar



*„Sýrusson Hönnunarhús uppfyllti allar kröfur Matís um glæsilega alíslenska hönnun og framleiðslu á hagstæðu verði.“* Guðlaug Þóra Marinósdóttir, skrifstofustjóri Matís.

### Syrusson Hönnunarhús og Matís: frumkvöðlar í nýsköpun













Við hjá Syrusson Hönnunarhúsi bjóðum upp á heildarlausnir í öllu sem viðkemur húsgögnum og merkingum fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili.

SYRUSSON

**Syrusson Hönnunarhús**

Ármúla 34 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is



**Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan**

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**
**Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is**

**föstudagur**

**Fylgstu með**



## 16 LIÐA ÚRSLIT

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Laugardagur 26. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | A1 | : | B2 |
| 2 | Laugardagur 26. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | C1 | : | D2 |
| 3 | Sunnudagur 27. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | D1 | : | C2 |
| 4 | Sunnudagur 27. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | B1 | : | A2 |
| 5 | Mánudagur 28. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | E1 | : | F2 |
| 6 | Mánudagur 28. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | G1 | : | H2 |
| 7 | Þriðjudagur 29. júní | 14:00 | SPORT 2 HD | F1 | : | E2 |
| 8 | Þriðjudagur 29. júní | 18:30 | SPORT 2 HD | H1 | : | G2 |

## 8 LIÐA ÚRSLIT

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | Föstudagur 2. júlí | 14:00 | SPORT 2 HD | S5 | : | S6 |
| 10 | Föstudagur 2. júlí | 18:30 | SPORT 2 HD | S1 | : | S2 |
| 11 | Laugardagur 3. júlí | 14:00 | SPORT 2 HD | S4 | : | S3 |
| 12 | Laugardagur 3. júlí | 18:30 | SPORT 2 HD | S7 | : | S8 |

## UNDANÚRSLIT

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 13 | Þriðjudagur 6. júlí | 18:30 | SPORT 2 HD | S10 | : | S9 |
| 14 | Miðvikudagur 7. júlí | 18:30 | SPORT 2 HD | S11 | : | S12 |

## ÞRIÐJA SÆTI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Laugardagur 10. júlí | 18:30 | SPORT 2 HD | T13 | : | T14 |

## ÚRSLIT

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sunnudagur 11. júlí | 18:30 | SPORT 2 HD | S13 | : | S14 |


X 97.7

**Sport og Rokk á X-inu 977**

- ☑ Fótbolti
- ☑ Handbolti
- ☑ Körfubolti
- ☑ Golf
- ☑ Margt fleira

*Allar stóru fréttirnar í sportinu, hellingur af skúbbi og Mín skoðun!*

MÍN SKOÐUN

Valtýr Björn Valtýsson
alla virka daga kl. 13–15



**Þó að Ísland eigi ekki landslið í úrslitakeppni HM, þá eiga margir íbúar landsins sín lið í keppninni. Við báðum Jaqueline Cardoso da Silva frá Brasilíu, Ian Jeffs frá Englandi og Aart Schalk frá Hollandi um að meta möguleika sinna liða og stemninguna fyrir keppninni.**



Jaqueline er viss um að Brasilíumenn eigi eftir að bera sigur úr býtum á HM 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Við erum best

Jaqueline Cardoso da Silva, sem hefur búið á Íslandi í 20 ár, fylgist meira með varamannabekknum hjá Brasilíu en margir aðrir sjónvarpsáhorfendur á Íslandi. Hinn knái þjálfari Brasilíumanna, Dunga, var nefnilega kærastinn hennar um eins árs skeið á unglingsaldri. „Hann er rosalega skemmtilegur og fyndinn, en þótti ekki með fallegustu drengjum og var kallaður Álfur eftir ljótasta dvergnum af dvergunum sjö hennar Mjallhvítar.“

Þegar Jaqueline, eða Jackie, er spurð um sigurmöguleika Brasilíu á HM, þá stendur ekki á svari: „Við erum best og munum vinna þessa keppni. Mér finnst bara leiðinlegt hvað hinar þjóðirnar ná varla að vinna þessa keppni af því að við erum svo góð.“

Jackie ætlar að fylgjast með keppninni ásamt nokkrum Brasilíumönnum sem eru búsettir hér á landi. „Við hittumst og pössum upp á það að hafa nóg af tequila til að fagna eða gráta saman. Allir koma í brasilískum búningum og við verðum líka með fána. Þetta verður mjög gaman.“

# Ýktara en þátttaka Íslands í Eurovision-söngvakeppninni

Aart Schalk hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1999. Hann vinnur við ráðgjöf, er giftur Sóleyju Tómasdóttur borgarfulltrúa og á með henni tvö börn.

„Bert van Marwijk, þjálfari hollenska landsliðsins, er búinn að gera góða hluti. Spilaði sjálfur í landsliðinu á sínum tíma og búinn að þjálfa síðan 1980. Van Marwijk leggur mikla áherslu á að klára riðlakeppnina og til að tryggja fulla einbeitingu, þá hefur hann bannað eiginkonum og fjölskyldum leikmanna að koma til Suður-Afríku fyrr en þeir eru komir upp úr riðlakeppninni. Þá verður þeim boðið til Suður-Afríku.“

Sú staðreynd að Mark van Bommel, leikmaður hollenska liðsins, sé tengdasonur Van Marwijks hefur mikið verið milli tannanna á fólki. Aart segir þó að spilamennska Van Bommels bæði með Bayern München og landsliðinu réttlæti fyllilega veru hans í landsliðinu. Raunar telur Aart hann vera einn af lykilmönnum landsliðsins sem muni binda saman leik liðsins á miðjunni ásamt Van Sneijder. „Aðrir lykilmenn verða Van der Vaart, hinn vinnusami Dirk Kuyt og eldfljóti sóknarmaðurinn Van Persie, sem hefur að fullu jafnað sig á meiðslunum sem héldu honum frá keppni lengst af í vetur. Hvað varðar unga leikmenn þá eiga menn að fylgjast vel með Gregory van der Wiel í vörninni. Þessi 22 ára leikmaður Ajax verður kominn til einhvers stórliðs í Evrópu fyrir haustið.“

Hvernig verður stemningin í Hollandi meðan á keppninni stendur? „Stemningin í Hollandi verður eins og á Íslandi þegar Ísland er að taka þátt í Eurovision, bara ýktari. Allir eru klæddir appelsínugulu þegar hollenska liðið spilar, húsin skreytt og fólk kemur saman út um allt til að fylgjast með leikjunum. Það hefur miklar væntingar og heldur að það sé bara formsatriði að komast í gegnum riðlakeppnina.“ Aart segist vera með hollenska fánann tilbúinn og ætlar að horfa á leikina með Hollendingum búsettum hér. Hann býst við að Hollendingar komist í fjórðungsúrslit, það sé lágmarkskrafa eins og liðið hefur spilað að undanförnu.


Aart reiknar með að Hollendingar eigi eftir að komast í fjórðungsúrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vona að þeir æfi vítaspyrnur

Ian Jeffs hefur búið hérlendis síðan 2003. Hann er hóflega bjartsýnn á gengi Englendinga í keppninni þrátt fyrir mikla sigurgöngu í undankeppninni, en þeir unnu þar níu af tíu leikjum og skoruðu 34 mörk. Hann spáir þeim sæti í undanúrslitunum, en telur að Brasilía eða Spánn fari alla leið og hampi heimsmeistaratitlinum.

„Capello hefur komið sterkt inn, er agaður þjálfari og ákveðinn og ekki spillir góður árangur hans í fortíðinni. Hann hefur góð áhrif á leikmenn.“ Ekki kemur á óvart að Ian telur Wayne Rooney mikilvægasta leikmanninn, miðað við hvernig hann hann hefur spilað með United og landsliðinu á síðustu mánuðum. „Steven Gerrard mun einnig reynast mikilvægur og þá verður John Terry mjög mikilvægur.“ Ian er ánægður með hversu reynslumikið enska liðið er, en flestir leikmanna eru á aldrinum 27 til 31 árs og minnir á góðan árangur Frakka þegar þeir voru með reynslumikinn mannskap.

Spurður um þau hneykslismál sem hafa tengst leikmönnum enska liðsins segir Ian að þau muni ekki hafa áhrif á spilamennskuna. „Það er svo mikil pressa hvort sem er á þessa leikmenn og þeir eru vanir því að vera í sviðsljósinu og munu bara standa sig á vellinum.


Anna Sigurbjörg segir mestu erfiðleikana vera fólgna í því ef menn gangi fram og taki tíma fyrir þetta áhugamál eins og ekkert sé sjálfsagðara. Og hún bendir HM-fíklunum á að þráðurinn sé ögn styttri í fólki núna en áður vegna álagsins af efnahagshruninu. „Ef mönnum finnst þeir hafa sjálfkrafa rétt á þessu þá eru þeir að valta yfir hinn aðilann," segir Anna. Áhugamenn um HM þurfi því að vera tilbúnir að slá af sínum kröfum. „Það er mjög mikilvægt að menn forgangsraði og pæli svolítið í því hverju þeir vilji alls ekki missa af og hverju þeir telji sig geta misst af," segir Anna. Mikilvægast sé hins vegar að fólk tali saman um hvernig þessu skuli háttað. „Fólk er oft með í maganum af því að þessir hlutir hafa ekkert verið ræddir og það veit ekki hverju það á að kvíða."





**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 4 - 5D - 7 - 8D - 10 - 11D | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 8D - 10D | 12 |
| THE LOSERS | kl. 6 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5 - 7:30 | 10 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE LAST SONG | kl 6 | L |
| PRINCE OF PERSIA | kl 9 | 10 |

**SAMBÍÓIN SELFOSSI**

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5:30 - 8:30 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 8 | L |
| COPS OUT | kl. 10:10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ!







**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM FOIRSÝNING | kl. 10.30 | 12 |
| THE A-TEAM LÚXUS | kl. 10.30 | 12 |
| STREETDANCE 3D | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK LÚXUS | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 8 | 16 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 | 12 |

facebook.com/smarabio

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| STREETDANCE 3D | kl. 6 - 9 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| OCEANS | kl. 5.45 | L |
| SNABBA CASH | kl. 8 - 10.30 | 16 |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 8 - 10 | 14 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STREET DANCE 3-D | 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50, 5.50, 8 og 10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 | 12 |




EIN AÐSÓKNARMESTA
MYND ÁRSINS
LOKSINS Á DVD!
ALICE IN WONDERLAND
betra verð
2.599.-
SHERLOCK HOLMES
2.899.-
BJARNFREÐARSON
2.899.-
TOY STORY 2
SPECIAL EDITION
2.899.-
TOY STORY
SPECIAL EDITION
2.899.-
PLANET 51
2.299.-
Gildir til 13. júní á meðan birgðir endast.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## HM BYRJAR Í DAG

**Brasilíumaðurinn Pele** er eini leikmaðurinn sem hefur náð því að verða þrisvar sinnum heimsmeistari. Pele varð yngsti heimsmeistari sögunnar og sá yngsti til að skora í úrslitaleik þegar hann vann titilinn með Brasilíu 1958 (17 ára og 249 daga). Pele spilaði fyrstu leikina þegar Brasilía varði titilinn á HM 1962 en var meiddur í úrslitaleiknum. Pele skoraði síðan eitt mark og lagði upp tvö þegar Brasilía vann 4-1 sigur á Ítalíu í heimsmeistarakeppninni 1970.





**STURLA ÁSGEIRSSON:** LEIKUR MEÐ VAL Í N1-DEILD KARLA Á NÆSTU LEIKTÍÐ

# *Tel að ég geti bætt mig í íslensku deildinni*



Sturla Ásgeirsson gerði í gær eins árs samning við Val og leikur því með félaginu í N1-deild karla á næstu leiktíð. Sturla lék síðast með Düsseldorf í þýsku úrvalsdeildinni og þar áður með Árósum í Danmörku.

„Ég er núna búinn að vera úti lengi og hef prófað ýmislegt,“ sagði Sturla í samtali við Fréttablaðið. „Ég tilkynnti svo forráðamönnum Düsseldorf að ég hefði ekki áhuga á að vera áfram með liðinu ef það myndi falla úr deildinni sem svo gerðist. Aðrir kostir sem mér stóðu til boða voru ekki nægilega spennandi og því ákvað ég að koma heim,“ bætti hann við. „Þar að auki var ýmislegt hjá Düsseldorf ekki eins og gott og ég bjóst við.“

Sturla segir þó að dvölin í Þýskalandi hafi verið góð. „En ég nenni þó ekki að vera í útlöndum bara til þess eins að vera í útlöndum. Ég tel mig vera betur settan heima í alvöru félagi með flotta aðstöðu og þjálfara sem ég þekki vel. Ég hef lítinn áhuga á að vera fastur í litlu þorpi í slöku liði.“

Hann hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu og tók þátt í Ólympíuævintýrinu í Peking sem og á Evrópumeistaramótinu í Austurríki. Hann stefnir á að halda áfram að spila með landsliðinu.

„Ég er alls ekki hættur og er enn stórhuga. Ég vil enn spila fyrir landsliðið og taka þátt í þeim verkefnum sem eru framundan hjá því. Ég held að það skemmi ekki fyrir mér að koma heim, þó svo að ég verði ekki að spila við bestu leikmenn heims í hverri viku. Ég á möguleika á að vera í stóru hlutverki hjá Val sem er afar metnaðarfullt félag sem ætlar sér langt á næstu leiktíð. Ég sé fyrir mér að ég geti bætt mig í íslensku deildinni,“ sagði Sturla sem ætlar að halda áfram að mennta sig hér á landi.

„Ég var í háskólanámi í Danmörku og hef hug á að halda áfram í því. Ég er allavega búinn að sækja um og vona að ég komist inn.“

## Pepsi-deild karla: Staðan eftir sex umferðir

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **6** | **4** | **1** | **1** | **6-6** | **13** |
| Breiðablik | 6 | 3 | 2 | 1 | 11-6 | 11 |
| **Fram** | **6** | **3** | **2** | **1** | **12-8** | **11** |
| Valur | 6 | 3 | 2 | 1 | 12-9 | 11 |
| **Stjarnan** | **6** | **2** | **3** | **1** | **15-9** | **9** |
| ÍBV | 6 | 3 | 2 | 1 | 10-7 | 8 |
| **Fylkir** | **6** | **2** | **2** | **2** | **13-13** | **8** |
| FH | 6 | 2 | 2 | 2 | 9-10 | 8 |
| **Selfoss** | **6** | **2** | **1** | **3** | **10-10** | **7** |
| KR | 6 | 1 | 3 | 2 | 9-10 | 6 |
| **Haukar** | **6** | **0** | **2** | **4** | **6-15** | **2** |
| Grindavík | 6 | 0 | 0 | 6 | 3-13 | 0 |

**7. umferð Pepsi-deildarinnar:**
**13. júní:** ÍBV-Fylkir (16.00)
**14. júní:** Fram-Stjarnan (19.15)
**14. júní:** Valur-Selfoss (19.15)
**14. júní:** Breiðablik-Grindavík (19.15)
**14. júní:** Keflavík-Haukar (19.15)
**14. júní:** FH-KR (20.00)

**Markahæstu leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Halldór Orri Björnsson (Stjarnan) | 5 mörk |
| Albert Brynjar Ingason (Fylkir) | 5 mörk |
| Ívar Björnsson (Fram) | 4 mörk |
| Danni Casero König (Valur) | 4 mörk |
| Atli Viðar Björnsson (FH) | 4 mörk |







# Kveikir þetta í KR-ingum?

**KR er komið á blað í Pepsi-deild karla. Loksins, loksins segja stuðningsmenn liðsins sem sáu liðið vinna sinn fyrsta sigur í gær. Endurkoma KR var frábær en heimamenn í Fram komust í 2-0 áður en Vesturbæjarliðið tryggði sér sigur.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar unnu fyrsta sigurinn í Pepsi-deild karla með dramatískum hætti á Laugardalsvellinum í gær þegar liðið skoraði þrjú mörk á síðustu fjórtán mínútum leiksins og tryggði sér 3-2 sigur á Fram.

„2-0 undir og 16 mínútur eftir. Miðað við hvernig tímabilið var búið að vera hjá okkur þá var ekki líklegt að við myndum hafa heppnina með okkur á útivelli á móti Frömurum sem eru mjög góðir í vörn og að pakka. Þetta leit ekki vel út en við sýndum þvílíkan karakter og þetta er frábær sigur,“ sagði hetja KR-inga, Björgólfur Takefusa, sem skoraði tvö mörk með sex mínútna millibili á lokakaflanum og tryggði KR 3-2 sigur á Fram.

„Það kom viss kraftur með fyrsta markinu og það gaf okkur bensín. Eftir annað markið þá kom ekkert annað til greina en að klára þetta,“ sagði Björgólfur en þremur mínútum áður en hann jafnaði leikinn hafði Grétar Sigurðarson minnkað muninn með skalla eftir hornspyrnu.

„Við áttum þetta inni því mér finnst við búnir að vera ótrúlega óheppnir í byrjun mótsins,“ sagði Björgólfur og nú segir hann að KR-liðið sé mætt í mótið.

„Þetta eru virkilega skemmtilegir sigrar og þetta getur kveikt í okkur. Við þurfum bara að nýta þennan sigur og í rauninni var mótið að byrja hjá okkur í dag. Nú verðum við að passa það að fylgja þessum leik eftir,“ sagði Björgólfur.

Framarar voru örugglega farnir að sjá fyrir sér stöðutöfluna þegar leið að lokum leiksins í Laugardalnum í gær. Fram var 2-0 yfir og með ágæt tök á leiknum þegar aðeins sextán mínútur voru eftir. Liðið var því á leiðinni á toppinn í fyrsta sinn í 18 ár en á tíu mínútna kafla breyttist allt.

Logi Ólafsson, þjálfari KR, tók þá mikla áhættu. Ekki með því að senda Gunnar Kristjánsson inn á völlinn heldur með því að fækka um einn í vörninni og spila bara með þrjá varnarmenn. KR-liðið jafnaði leikinn eftir fimm mínútur og skoraði síðan sigurmarkið sex mínútum síðar við mikinn fögnuð stuðningsmanna sinna.

„Það er fátt sem maður getur sagt eftir svona endakafla. Maður er bara drullusvekktur og pirraður,“ sagði Framarinn Jón Guðni Fjóluson sem átti góðan leik á miðjunni og kom Fram í 2-0 á 56. mínútu.

„Við höfum verið að gera þetta sjálfir en erum ekki vanir að fá þetta á okkur. Ég veit ekki hvað gerist því mér fannst við vera komnir með tökin á leiknum eftir að við komust í 2-0,“ segir Jón Guðni sem setur sökina á Framliðið.

„Þetta var okkar klúður og við getum sjálfum okkur um kennt. Við hefðum samt getað komist á toppinn og það er leiðinlegt að nýta það ekki,“ sagði Jón Guðni.

**ooj@frettabladid.is**



**FRÁBÆR ENDURKOMA** KR-ingar sóttu sinn fyrsta sigur í sumar í Laugardalinn í gær. Stuðningsmenn liðsins hreinlega ærðust af fögnuði enda sigurinn langþráður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Fram 2-3 KR**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1.562 Þóroddur Hjaltalín Jr. (6)

*1-0 Ívar Björnsson (45.+1.)*
*2-0 Jón Guðni Fjóluson (56.)*
*2-1 Grétar Sigfinnur Sigurðarson (74.)*
*2-2 Björgólfur Takefusa (79.)*
*2-3 Björgólfur Takefusa (85.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark): | 10-14 (5-6) |
| Varin skot: | Hannes 3 - Lars 3 |
| Horn: | 7-1 |
| Aukaspyrnur fengnar: | 16-10 |
| Rangstæður: | 3-0 |

| **FRAM** 4–3–3 | | **KR** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þ. Halldórss. | 5 | Lars Ivar Moldsked | 4 |
| Daði Guðmundsson | 5 | Eggert R. Einarsson | 4 |
| Jón Orri Ólafsson | 6 | (74. Gunnar Kristjáns. | -) |
| Kristján Hauksson | 6 | Skúli J. Friðgeirsson | 5 |
| Sam Tillen | 5 | Grétar S. Sigurðsson | 5 |
| Halldór H. Jónsson | 6 | Guðmund. Gunnarss. | 6 |
| (88. Guðm. Magnúss. | -) | Óskar Örn Hauksson | 5 |
| Jón G. Eysteinsson | 6 | Baldur Sigurðsson | 6 |
| Jón Guðni Fjóluson | 7 | Bjarni Guðjónsson | 6 |
| Almarr Ormarsson | 6 | Jordao Diogo | 7 |
| Ívar Björnsson | 6 | ***Björgólfur Takefusa** | **7** |
| (88. Tómas Leifsson | -) | Kjartan Finnbogason | 5 |
| Hjálmar Þórarinsson | 5 | **Maður leiksins* | |
| (57. Joseph Tillen | 4) | | |

Landsliðskonan Hanna Guðrún Stefánsdóttir er farin frá Haukum:

# Sú besta semur við Stjörnuna

**HANDBOLTI** Hanna Guðrún Stefánsdóttir hefur skrifað undir tveggja ára samning við Stjörnuna í Garðabæ. Hanna Guðrún er frábær styrkur fyrir liðið en hún var valin besti leikmaðurinn á síðasta tímabili í N-1 deild kvenna.

Hanna er margreynd og hefur spilað tæplega 100 landsleiki fyrir Íslands hönd og verður lykilmaður Íslands á EM í desember.

Hanna ákvað að breyta til en hún hefur spilað með Haukum allan sinn feril, utan eitt tímabil árið 2003 þegar hún lék með Team Tvis Holstebro í Danmörku.

Í fréttatilkynningu kemur fram að Stjarnan bindi miklar vonir við Hönnu sem er hvalreki fyrir liðið. Gústaf Adolf Björnsson stýrir Stjörnunni á næsta tímabili en hann tók við af Atla Hilmarssyni sem kominn er á handboltavertíð á Akureyri. Hann mun þjálfa karlalið félagsins.

Þetta er að sama skapi mikið áfall fyrir Hauka sem hafa nú misst tvo bestu leikmenn sína á skömmum tíma. Auk Hönnu er Ramune Pekarskyte farin til Levanger í Noregi, þjálfari þess liðs er Ágúst Jóhannsson. **- hþh**



**ÁNÆGÐ** Hanna Guðrún og Gústaf Adolf við undirskriftina í gær. MYND/STJARNAN



**VONGÓÐIR** Heimamenn gera sér vonir um gott gengi gestgjafanna. NORDICPHOTOS/GETTY

Suður-Afríka byrjar veisluna:

## Gestgjafar tapa aldrei fyrsta leik

**FÓTBOLTI** Í 80 ára sögu heimsmeistaramótanna í knattspyrnu hafa gestgjafarnir aldrei tapað fyrsta leik sínum í mótinu. Í átján leikjum á átján stórmótum hafa gestgjafarnir þrettán sinnum unnið opnunarleik sinn og fimm sinnum gert jafntefli.

Suður-Afríka mætir Mexíkó í fyrsta leik HM í dag. Ekki hafa margir trú á því að Suður-Afríka geri stóra hluti þrátt fyrir að vera á heimavelli. „Það hefur enginn trú á okkur og það er gott, þannig viljum við hafa það. Við getum alveg komið á óvart með fólkið okkar á bak við okkur. Ýmislegt getur gerst,“ segir Steven Pienaar, stjarna Suður-Afríku sem er í riðli með Mexíkó, Frakklandi og Úrugvæ.

**- hþh**



**SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON** Á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kvennalandsliðið í fótbolta:

## Sigurður valdi þrjá nýliða

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson kvennalandsliðsþjálfari er með þrjá nýliða í 22 manna landsliðshópi sínum fyrir heimaleiki á móti Norður-Írlandi og Króatíu. Nýliðarnir eru Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, miðjumaður Stjörnunnar, Sylvía Rán Sigurðardóttir, varnarmaður Þór/KA, og Katrín Ásbjörnsdóttur, framherji KR.

„Þetta eru mjög mikilvægir leikir fyrir okkur. Við setjum þá kröfu á okkur sjálf að vinna báða þessa leiki því við viljum búa til úrslitaleik á móti Frökkum á Menningarnótt. Við munum því fara í báða þessa leiki og sækja til sigurs,“ sagði Sigurður. **- óój**

### Landsliðshópurinn:

**Markmenn:**
Þóra Björg Helgadóttir, Malmö
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Djurgården
Sandra Sigurðardóttir, Stjörnunni

**Varnarmenn:**
Katrín Jónsdóttir, Val
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, Örebro
Sif Atladóttir, Saarbrücken
Málfríður Erna Sigurðardóttir, Val
Silvía Rán Sigurðardóttir, Þór/KA

**Miðjumenn**
Edda Garðarsdóttir, Örebro
Dóra María Lárusdóttir, Val
Hólmfríður Magnúsdóttir, Philadelphia
Katrín Ómarsdóttir, Kristianstad
Sara Björk Gunnarsdóttir, Breiðabliki
Rakel Logadóttir, Val
Guðný Björk Óðinsdóttir, Kristianstad
Hallbera Guðný Gísladóttir, Val
Dagný Brynjarsdóttir, Val
Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Stjörnunni

**Sóknarmenn:**
Margrét Lára Viðarsdóttir, Kristianstad
Rakel Hönnudóttir, Þór/KA
Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Breiðabliki
Katrín Ásbjörnsdóttir, KR

Fréttablaðið fékk þjálfara Pepsi-deildar karla til spá fyrir um hvaða þjóð lyftir heimsbikarnum eftir mánuð:

# Flestir þjálfarar spá Spánverjum sigri á HM

**FÓTBOLTI** Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu hefst í dag með tveimur leikjum. Opnunarleikur mótsins er milli Suður-Afríku og Mexíkó og hefst klukkan 14.00. Liðin eiga það sameiginlegt að hafa ekki náð að vinna íslenska landsliðið á undanförnum átta mánuðum. Klukkan 18.30 hefst síðan leikur Frakklands og Úrúgvæ.

Fréttablaðið leitaði til þjálfara Pepsi-deildar karla og fékk þá til að spá fyrir um hvaða þjóð lyftir heimsbikarnum í Jóhannesarborg 11. júlí næstkomandi. Fimm þjóðir fengu atkvæði frá þjálfurunum tólf, þar á meðal fengu Svisslendingar óvænt atkvæði frá Heimi Hallgrímssyni, þjálfara ÍBV.

Fjórir þjálfarar spá Spáni heimsmeistaratitlinum en þrír hafa trú á því að Diego Maradona geri Argentínumenn að heimsmeisturum og bjóði heiminum síðan upp á nektarhlaup í miðborg Búenos Aíres. Tveir þjálfarar hafa mesta trú á Englandi og aðrir tveir velja Brasilíu. **- óój**

### Hverjir vinna HM 2010?

**Hér fyrir neðan er spá þjálfaranna tólf í Pepsi-deild karla:**

| | |
|---|---|
| Willum, Keflavík | Argentína |
| Ólafur, Breiðabliki | Spánn |
| Þorvaldur, Fram | Argentína |
| Gunnlaugur, Val | Brasilía |
| Heimir, ÍBV | Sviss |
| Bjarni, Stjörnunni | Spánn |
| Ólafur, Fylki | England |
| Heimir, FH | Brasilía |
| Guðmundur, Selfossi | Argentína |
| Logi, KR | England |
| Andri, Haukum | Spánn |
| Ólafur Örn, Grindavík | Spánn |



**BROSIR HANN 11. JÚLÍ?** Spánverjinn Fernando Torres er til alls líklegur á HM í Suður-Afríku. MYND/AP




> **Julia Roberts**

„Þegar kemur að kossum í bíómyndum þá finnst mér minna vera meira.“

*Julia Roberts leikur í rómantísku gamanmyndinni Notting Hill sem sýnd er kl. 21.45 á Stöð 2 í kvöld.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SKÁLAR VIÐ SJÁLFAN SIG

# *Húrra fyrir pylsugerðarmanninum og HM*

HM hefst í dag, það er að segja heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Mótið er heimsviðburður af mörgum ástæðum; það er haldið í landi þar sem við lýði var ógeðfelld aðskilnaðarstefna. Norður-Kórea keppir á mótinu og heimsbyggðin mun fylgjast með liðinu af mikilli athygli þótt íbúar Norður-Kóreu fái ekki að sjá einn leik ef marka má síðustu fréttir. Því miður lentu Norður-Kórea og Bandaríkin ekki í sama riðli, slíkur leikur hefði farið í sögubækurnar.

HM hefur haft gríðarleg áhrif á poppkúltúr mannkynssögunnar. Og það er engin tilviljun að heilu samfélögin skuli stöðvast á meðan mótið fer fram; í Suður-Ameríku er knattspyrnan trúarbrögð, Maradona er dýrkaður sem guð í Maradona-kirkjunni eftir einstaka frammistöðu í Mexíkó árið 1986. Stóra spurningin í Argentínu er hvort hinum smávaxna Messi tekst að steypa honum af stóli og vinna hug og hjörtu landa sinna sem kalla hann ekkert annað en litla Katalónann í höfuðið á heimahéraði Barcelona. Brasilíumenn gera að sjálfsögðu þá kröfu að gulklæddir menn Dunga færi þeim styttuna. Í þeirra huga á hún heima í Rio de Janeiro.

Í Evrópu hafa menn það hugfast að engu liði þaðan hefur tekist að sigra þessa keppni utan heimsálfunnar. Englendingar hugsa sér þó gott til glóðarinnar með sína gullkynslóð, Þjóðverjar eru í hálfgerðum sárum eftir brotthvarf Ballacks en Ítalir eru ólseigir eins og aldur liðsins gefur vísbendingu um. Spánverjar gætu brotið blað í tvennum skilningi þeirra orða; þeir hafa aldrei getað neitt á HM en eftir sigurinn á Evrópumótinu fyrir tveimur árum trúa þeir og aðrir því að fáir geti stöðvað sóknarleik liðsins. Og ég? Ég ætla að fara á kostum í sófanum heima.



**STÓRKOSTLEGT** HM í knattspyrnu er veisla fyrir augu og eyru sófaíþróttamannsins.

## FÖSTUDAGUR



▶ **14.00** S-Afríka gegn Mexíkó SJÓNVARPIÐ



▶ **18.00** Shrek 2 STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Wipeout USA STÖÐ 2



▶ **21.05** Bráðavaktin- lokaþáttur SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** The Bachelor SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

▶**14.00 HM í fótbolta** Suður-Afríka - Mexíkó, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**16.00 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**16.30 Fyndin og furðuleg dýr** (15:26)

**16.35 Manni meistari** (1:13)

**17.00 Leó** (12:52)

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** Úrúgvæ - Frakkland, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.

**21.00 Veðurfréttir**

▶**21.05 Bráðavaktin – Lokaþátturinn** (ER XV) Það er komið að lokaþættinum í síðustu syrpu Bráðavaktarinnar og hann er í bíómyndarlengd. Við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum.

**22.30 Barnaby ræður gátuna – Húsið í skóginum** (Midsomer Murders: The House in the Woods). Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og John Hopkins.

**00.05 Setningartónleikar HM í fótbolta** (e)

**03.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Annie**

**10.05 Yours, Mine and Ours**

**12.00 Shrek 2**

**14.00 Annie**

**16.05 Yours, Mine and Ours**

▶**18.00 Shrek 2**

**20.00 High Fidelity**

**22.00 Mr. Woodcock**

**00.00 Crónicas**

**02.00 Vlad**

**04.00 Mr. Woodcock**

**06.00 My Girl**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Elías, Hvellur keppnisbíll, Lalli, Kalli litli Kanína og vinir

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 The Moment of Truth** (17:25)

**11.00 Extreme Makeover: Home Edition** (22:25)

**11.50 Chuck** (17:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Project Runway** (1:14) (e)

**13.45 La Fea Más Bella** (184:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (185:300)

**15.30 Wonder Years** (4:6)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli Kanína og vinir

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Auddi og Sveppi**

▶**20.00 Wipeout USA**

**20.50 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að láta dáleiða sig og taka upp á ýmsum kostulegum hlutum – og stundum ansi vandræðalegum.

**21.20 Steindinn okkar**

**21.45 Notting Hill** Rómantísk gamanmynd. William Thacker er bóksali í Notting Hill í Lundúnum en Anna Scott er bandarísk kvikmyndastjarna. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en þegar þau hittast fyrir tilviljun taka hlutirnir óvænta stefnu. Ástin er vissulega óútreiknanleg en getur þetta samband virkilega gengið?

**23.45 The Lost City** Áhrifamikil mynd með Andy Garcia í aðalhlutverki og gerist í Havana þegar Fidel Castro leiddi byltinguna á Kúbu.

**02.05 Eternal**

**03.50 Wipeout USA** (e)

**04.35 The Power of One**

**05.00 The Simpsons**

**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA körfuboltinn. Boston - LA Lakers** Útsending frá fjórða leik Boston og Lakers í lokaúrslitum NBA körfuboltans.

**18.00 PGA Tour Highlights** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**19.00 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

**19.30 NBA körfuboltinn: Boston - LA Lakers** Útsending frá leik Boston og Lakers í lokaúrslitum NBA körfuboltans.

**21.20 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

**21.50 World Series of Poker 2009** Sýnt frá aðalmótinu, sjötta degi, en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**22.40 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**23.25 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Ariel Ortega** Þættir um marga bestu knattspyrnumenn heims. Að þessu sinni verður fjallað um Ariel Ortega, fyrrverandi landsliðsmann Argentínu.

**16.25 HM 4 4 2 - upphitun**

**17.10 S-Afríka - Mexíkó** Útsending frá opnunarleik HM þar sem mættast Suður-Afríka og Mexíkó í Jóhannesarborg.

**19.05 S-Afríka - Mexíkó** Útsending frá leik Suður-Afríku og Mexíkó á HM 2010.

**21.00 HM 4 4 2** Leikir dagsins á HM krufnir til mergjar en þau Logi Bergmann og Ragna Lóa Stefánsdóttir ásamt góðum gestum og sérfræðingum fara yfir leiki dagsins af sinni alkunnu snilld.

**21.45 Úrúgvæ - Frakkland** Útsending frá leik Úrúgvæ og Frakklands á HM 2010.

**23.40 S-Afríka - Mexíkó** Útsending frá leik Suður Afríku og Mexíkó á HM 2010.

**01.35 Úrúgvæ - Frakkland** Útsending frá leik Úrúgvæ og Frakklands á HM 2010.

**03.30 HM 4 4 2**

**04.15 HM 4 4 2**

**05.00 HM 4 4 2**

**05.45 HM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Three Rivers** (1:13) (e)

**19.00 Being Erica** (5:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.

**19.45 King of Queens** (6:22)

**20.10 Biggest Loser** (7:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið.

▶**21.35 The Bachelor** (3:10)

**22.25 Parks & Recreation** (6:24) (e)

**22.50 Law & Order UK** (5:13) (e)

**23.40 Life** (8:21) (e)

**00.30 King of Queens** (6:22) (e)

**00.55 Big Game** (8:8)

**02.35 Girlfriends** (2:22) (e)

**02.55 Jay Leno** (e)

**03.40 Jay Leno** (e)

**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN: Jón Kristinn Snæhólm, Guðlaugur Þór Þórðarson og gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.

**21.00 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.

**21.30 Grínland** Alvöru íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SALORA FLATSKJÁR MEÐ INNBYGGÐU DVD

Í SUMARBÚSTAÐINN, HJÓLHÝSIÐ, HERBERGIÐ ...



full HD 1080P

*Salora 24" LCD flatskjár með innbyggðu DVD og Full HD*

• 1920x1080 punkta upplausn og innbyggður DVD spilari • HDMI tengi • Háglans áferð (svart eða hvítt) • 220/12V • Einnig fáanlegt án DVD spilara.



*Salora 19" LCD með innbyggðu DVD*

• 1366x768 punkta upplausn • Háglans áferð • HDMI tengi • 220/12V • Einnig fáanlegt án DVD spilara.



*Salora 16" LCD með innbyggðu DVD*

• 1366x768 punkta upplausn • Háglans áferð • HDMI tengi • 220/12V • Einnig fáanlegt án DVD spilara.

PIPAR\TBWA • SÍA • 100938

Salora fæst á eftirtöldum stöðum: N1 Ellingsen Skagfirðingabúð Árvirkinn Eyjatölvur ehf. Verslun og tölvuþjónusta LJÓSGJAFINN

Eyravegi 32 Selfossi | Strandvegi 52 Vestmannaeyjum | Glerárgötu 34 Akureyri

SALORA

Hátækni 25 ára 1985 - 2010 Verslun Ármúla 26

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### Steindinn okkar



Drepfyndinn sketsaþáttur sem slegið hefur rækilega í gegn. Nýstirnið Steindi Jr. sér um grínið en nýtur einnig stuðnings margra þjóðþekktra Íslendinga, jafnt þeim sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hinum sem þekktir eru fyrir allt annað en að leika og grínast. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Notting Hill**

**Stöð 2 kl. 22.10**

Rómantísk gamanmynd. William Thacker er bóksali í Notting Hill í Lundúnum en Anna Scott er bandarísk kvikmyndastjarna. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en þegar þau hittast fyrir tilviljun taka hlutirnir óvænta stefnu. Ástin er vissulega óútreiknanleg en getur þetta samband virkilega gengið? Með aðalhlutverk fara Hugh Grant og Julia Roberts.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hraustir sveinar og horskar meyjar
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** List og losti
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

### 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Lois and Clark: The New Adventure** (16:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet þar sem hann tekur að sér mörg verkefni og leysir af hendi, bæði sem blaðamaður og Ofurmennið.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS** (23:25)
**22.35 Fringe** (17:23)
**23.20 The Wire** (2:10)
**00.20 Auddi og Sveppi**
**00.55 Steindinn okkar**
**01.25 The Doctors**
**02.10 Lois and Clark: The New Adventure** (16:21)
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### BBC entertainment

**12.20** My Hero **12.50** My Hero **13.20** Absolutely Fabulous **13.50** Absolutely Fabulous **14.20** The Weakest Link **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** My Family **18.00** Benidorm **18.25** Hustle **19.15** Dalziel and Pascoe **20.05** Benidorm **20.30** The Jonathan Ross Show **21.20** The Weakest Link **22.05** Dalziel and Pascoe **22.55** Benidorm **23.20** The Jonathan Ross Show

### DR 1

**12.00** Rabatten **12.30** Dyrehospitalet **13.00** VM 2010 studiet **14.00** Fodbold-VM **16.00** VM Studiet **16.25** VM magasinet ved Krabbe & Mølby **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Susan Boyle special **18.55** På vej til VM **19.00** TV Avisen **19.30** Musik fra hjertet **21.25** Fangelejrens helte **23.15** Boogie Mix

### NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Elixir **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Dei blå hav. Middelhavet **18.55** 20 sporsmål **19.20** Detektimen. Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** En velutstyrt mann **21.45** Maskefall. Den usminka historien om Kiss **22.45** Brura blei lura **23.40** Country jukeboks u/chat

### SVT 1

**12.25** Landet runt **13.10** Vi är alla Abrahams barn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Det kungliga slottet **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hugo Alfvén 1872-1960 **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Fotbolls-VM **20.30** Fotbolls-VM. Höjdpunkter **21.15** Fotbolls-VM. Invigningskonsert **00.00** Sverige!





Leið I (18–40) | Leið II (40–50) | Leið III (50–60) | Leið IV (60+) | Leið V (60+) | Leið VI (Lífeyrisþegar)

Nafnávöxtun FramtíðarAuðar sl. 12 mánuði m.v. 31. maí 2010.

Athugið að ávöxtun í fortíð gefur hvorki vísbendingu um né tryggingu fyrir ávöxtun í framtíð.

**Þess vegna er ég með séreignarsparnaðinn hjá Auði. Ég treysti engum betur.**

Óháð staða, áhættumeðvitund og gagnsæi hafa skilað viðskiptavinum Auðar góðum árangri. Vertu með, saman getum við byggt upp heilbrigða fjármálaþjónustu með áherslu á ábyrga arðsemi.

Auður býður einnig tvo góða eignastýringarkosti til ávöxtunar sparifjár, **SpariAuði** og **Auðlegð**. Kynntu þér málið!

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er fiskur á spjóti hjá Sægreifanum.“*

Vera Sölvadóttir, söng- og kvikmyndagerðarkona.

# Þorsteinn Joð með soninn í vinnu

„Jú, hann hefur alveg vit á þessu. Hefur náttúrulega reynslu af því að sjá um svona stórmót og svo er hann duglegur að mæta á leiki. Við hittumst líka oft í mat meðan á ensku úrvalsdeildinni stendur og ræðum um hvað er að gerast,“ segir Tómas J. Þorsteinsson, sonur Þorsteins Joðs Vilhjálmssonar. Hann verður föður sínum innan handar í HM-þáttum RÚV en keppnin hefst í dag. Tómas segir einfaldast að útskýra starf sitt þannig að hann sé aðstoðarmaður Þorsteins. „Ég hringi í fólk til að koma í þáttinn og fylgist síðan með leikjum og kem með einhverja punkta úr þeim.“

Tómas er leikmaður með meistaraflokki Fylkis í Pepsi-deildinni. Hann hefur verið fastamaður það sem af er tímabils og meðal annars leikið í stöðu vinstri bakvarðar en það er einmitt sama staða og Þorsteinn lék í á árum áður með Fram. „Ég er meira fyrir að hlaupa upp og niður kantinn og gefa fyrir, mér skilst að pabba hafi meira verið plantað þarna til að stoppa leikmenn og tuddast aðeins.“

Það vekur óneitanlega athygli að Tómas skuli leika með Fylki þar sem pabbi hans er gallharður Framari. Tómas segir þetta eiga sér landfræðilega skýringu, hann hafi einfaldlega átt heima í hundrað metra fjarlægð frá Fylkisvellinum í Árbænum. Tómas kláraði annað árið í umhverfis- og byggingarverkfræði við Háskóla Íslands í sumar en segir að hann sé um þessar mundir í draumastarfinu. „Þetta getur ekki verið betra fyrir knattspyrnumann, að horfa á fótbolta og fjalla um fótbolta, ég gæti hreinlega ekki hugsað mér betri vinnu.“ **- fgg**



**FEÐGARNIR SAMAN** Þorsteinn Joð hefur góðan aðstoðarmann í syni sínum, Tómasi. Hann er leikmaður meistaraflokks Fylkis og mun hjálpa til við útsendingar HM-þáttarins í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT 2.** úrgangur, **6.** tónlistarmaður, **8.** slagbrandur, **9.** spíra, **11.** tveir eins, **12.** kryddblanda, **14.** hrista, **16.** hæð, **17.** taug, **18.** kvenkyns hundur, **20.** vörumerki, **21.** engi.

**LÓÐRÉTT 1.** tafl, **3.** í röð, **4.** sambandsríkis, **5.** lögg, **7.** sígild list, **10.** struns, **13.** flan, **15.** svara, **16.** beita, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hrat, **6.** kk, **8.** slá, **9.** ála, **11.** rr, **12.** karrí, **14.** skaka, **16.** ás, **17.** sin, **18.** tík, **20.** ss, **21.** akur.

**LÓÐRÉTT: 1.** skák, **3.** rs, **4.** alríkis, **5.** tár, **7.** klassík, **10.** ark, **13.** ras, **15.** ansa, **16.** áta, **19.** ku.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 66 milljarðar króna sem eru 500 milljónir dala eða 3,5 milljarðar kínversk júön.
2. Danir unnu 29-28.
3. Myndina Escape to Donegal.






ANDRI FREYR: ALLTAF GOTT AÐ KOMA HEIM

# Það er heiður að vinna með Ómari Ragnarssyni

„Við félagarnir verðum „krúsandi“ um landið alla föstudaga og verðum með innslög sem heita Ómar og Andri á flandri. Við ætlum að kíkja í heimsókn í smábæina og dýfa tánum í sumarhátíðirnar og ég ætla meðal annars að draga karlinn með mér á Eistnaflug og í heimsókn til pabba. Þetta verður mjög fallegt allt saman,“ segir útvarpsmaðurinn vinsæli, Andri Freyr Viðarsson. Hann mun stýra laufléttum laugardagsþætti á Rás 2 í sumar og hefur útvarpsmaðurinn fengið engan annan en Ómar Ragnarsson til liðs við sig.

Þetta er í fyrsta sinn sem Andri og Ómar starfa saman og segir Andri það vera mikinn heiður að fá tækifæri til að vinna með Ómari. „Það var mjög gaman að hitta meistarann. Hann varð líka mjög feginn að hitta mig í eigin persónu því kvöldinu áður hafði hann dreymt að ég væri tveir metrar á hæð og kæmist ekki fyrir í bílnum hans.“ Inntur eftir því hvernig sé að vera kominn heim á ný segir Andri það gott. „Ég er eiginlega nýlentur og er rétt svo að tékka mig inn, en það er alltaf gott að koma heim.“

Andri og Ómar verða í beinni útsendingu í útvarpsþættinum Popplandi á föstudögum ásamt því sem þeir verða með innslög í þætti Andra sjálfs.

Þátturinn fer í loftið strax eftir hádegisfréttir á laugardögum og segist Andri Freyr ætla að dusta rykið af gamalkunnum dagskrárliðum líkt og Flóamarkaðinum, Leynigestinum og Bak við lagið. Áður stýrði Andri hinum vinsæla útvarpsþætti Litlu hafmeyjunni ásamt Dodda litla og sendi Andri þá út beint frá heimili sínu í Kaupmannahöfn. Aðspurður segist hann ekki óvanur því að stýra útvarpsþætti einn en viðurkennir að hann muni sakna félagsskapar Dodda í hljóðverinu. **- sm**



**GÓÐIR FÉLAGAR** Andri Freyr Viðarsson og Ómar Ragnarsson verða á ferð og flugi um landið í allt sumar og munu meðal annars koma við á Eistnaflugi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tímaritið OK! í Búlgaríu setti á dögunum saman lista yfir syndsamlega flottustu líkama landsins. Nokkrar innfæddar fyrirsætur raða sér í efstu sæti listans, en flestar eiga þær sameiginlegt að hafa fækkað fötum fyrir tímarit sem skilja ekkert eftir fyrir ímyndunaraflið. Íslendingar eiga að sjálfsögðu fulltrúa á listanum; athafnakonan og fyrirsætan **Ásdís Rán** situr í 8. sæti og virðist vel að sætinu komin.



Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru félagarnir Auddi, Sveppi, **Villi naglbítur** og Egill Gillzenegger á leiðinni til Bandaríkjanna í sumar. Þar verður sett upp keppni þar sem Sveppi og Villi keppa við Audda og Egil um hver verður á undan að koma sér þvert yfir landið og að sjálfsögðu verður tekinn upp sjónvarpsþáttur í leiðinni. Þátturinn hefur fengið nafnið Ameríski draumurinn og eitt af því fáa sem er vitað um efnistökin er að Egill ætlar að vera ber að ofan allan tímann og freista þess að skyggja þannig á Audda vin sinn.

Skemmtistaðurinn Glaumbar er að ganga í gegnum breytingar þessa dagana. Staðurinn hefur fengið nýtt nafn, Risið, og mun leggja áherslu á tónleika og almennt djamm ásamt því að vera með beinar íþróttaútsendingar.

**Haffi Haff** hélt þrenna útgáfutónleika fyrir plötuna Freak á miðvikudaginn. Lög Haffa hafa notið talsverða vinsælda undanfarið, en það skilaði sér því miður ekki í mætingu á tónleikana. Fámennt en góðmennt var á tónleikunum og var mál manna að Haffi hafi náð að skapa ótrúlega stemningu miðað við fjölda áhorfenda. **- afb**








# Forseti Eistlands í Gróðurhúsi

„Þetta var mjög sérstakt,“ segir Sturla Mio Þórisson, hljóðversstjóri í Gróðurhúsinu.

Toomas Hendrik Ilves, forseti Eistlands, heimsótti hljóðverið á miðvikudagskvöld ásamt eiginkonu sinni Evelin og föruneyti sínu. Það samanstóð af 25 manna sendinefnd og hópi lífvarða. „Við höfum aldrei tekið á móti svona þjóðhöfðingja í stúdíóinu áður. Það var líka skrýtið að hafa þarna menn sem voru talandi ofan í ermina á sér,“ segir Sturla.

Forsetinn, sem er staddur hér á landi í opinberri heimsókn, er mikill áhugamaður um tónlist og er sérlegur aðdáandi þeirra tónlistarmanna sem gefa út hjá Bedroom Community, sem hefur aðstöðu í Gróðurhúsinu. Hann missti af tónleikum sem Valgeir Sigurðsson, Daníel Bjarnason og Nico Muhly úr Bedroom Community héldu í Tallinn í Eistlandi á dögunum og óskaði því eftir að komast á hálfgerða einkatónleika í Gróðurhúsinu. Þar spiluðu fyrir hann þeir Daníel Bjarnason og Ben Frost. „Hann virtist mjög sáttur. Það lofuðu þetta allir í hástert,“ segir Sturla um viðbrögð forsetans og föruneytisins. Eftir heimsóknina, sem stóð yfir í um eina og hálfa klukkustund, kíkti hluti sendinefndarinnar á Kaffibarinn en forsetahjónin létu það vera, enda orðin þreytt eftir langan og strangan dag. **-fb**



**ÓVENJULEG HEIMSÓKN** Forseti Eistlands í Gróðurhúsinu þar sem Daníel Bjarnason og Ben Frost spiluðu fyrir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Gæða gasgrill Burny Sizzler 200**
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf yfir brennurum
**Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.**
3000272

- **Hitnar fljótt.**
- **Heldur vel hita.**
- **2 ryðfríir brennarar.**
- **Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.**

**47.900** ~~59.900~~

**20%**
**AFSLÁTTUR AF BURNY GASGRILLUM**



**Gæða gasgrill Burny Sizzler 300**
15.0 kW
Grillflötur 62x50 sm.
Hitagrind 62x14 sm
3 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf yfir brennurum
**Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.**
3000273

- **Hitnar fljótt.**
- **Heldur vel hita.**
- **3 ryðfríir brennarar.**
- **Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.**

**55.900** ~~69.900~~

# GRILLVEISLA

## GRILL Á FRÁBÆRU VERÐI UM HELGINA



- **Hitagrind**
- **Flame tamer hlíf yfir brennara**
- **Emeleruð grillgrind**

**22.900**

Omega 200
6.2Kw
Grillflötur 48x36 sm
Tvískiptur brennari
Flame tamer hlíf yfir brennara.
Emeleruð grillgrind
Hitagrind, hliðarborð, neistakveikja, þrýstijafnari.
3000235

**47.990**



Postulínshúðuð grillgrind úr pottstáli.
Ryðfrír brennari 2.64 kW/h - 8500 BTU.
Grillflötur 42x32 sm.
Samanbrjótanlegur hjólavagn fáanlegur.
3000247

## Frábær fyrir
pallinn eða svalirnar



**9.900** ~~13.900~~

Geislahitari Floor Model.
Rafmagn, frábær á pallinn.
2999748

**20%**
**AF ÖLLUM GRILLÁHÖLDUM**



**1.990** ~~2.390~~



Kolagrill 35 sm
2999904



Kolagrill á hjólum
2990271

**11.900** ~~13.989~~

**Látum verkin tala!**

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**HÚSASMIÐJAN**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### HM setur strik í reikninginn

Herminator-golfmótið sem Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Eyjum verður hinn 26. júní en þar ætla landsfrægir Íslendingar að leika golf til styrktar góðu málefni. Illa gengur að fá heimsfrægar knattspyrnustjörnur til að koma til landsins enda HM í knattspyrnu um svipað leyti. Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson, leikmenn Reading, hafa þó boðað komu sína enda eiga Íslendingar ekki lið í Suður-Afríku.



### Ætlaði að koma

David James, landsliðsmarkvörður Englendinga, hafði gefið jákvætt svar um að koma enda ku hann vera ákaflega áhugasamur um Ísland. James og Hermann leika saman hjá Portsmouth en þessi fyrrum leikmaður Liverpool ætlaði að koma með einu skilyrði: að hann yrði ekki valinn í enska landsliðið. Markvörðurinn mun hins vegar standa á milli stanganna á HM og því bíður flott herbergi á Hilton-hótelinu og flugmiði til Íslands enn eftir réttum og frægum aðila.



### Undarleg Gríma

Ekki er enn ljóst hvernig stemningin fyrir Grímunni verður. Séð og heyrt hefur nú tvær vikur í röð birt fréttir um skilnað þjóðþekktra leikara, í síðustu viku voru það Rúnar Freyr Gíslason og Selma Björnsdóttir og í gær voru það Atli Rafn Sigurðsson og Brynhildur Guðjónsdóttir sem voru á forsíðu vikublaðsins. Þá lýsti leikskáldið Jón Atli Jónasson því yfir að hann hygðist ekki taka við tilnefningum eða verðlaunum á meðan verndari hátíðarinnar væri Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. **- fgg**



### Mest lesið VISIR.IS

1. Laumufarþegi faldi sig í hjólastelli Júmbóþotu
2. Fannst látinn á gangstétt í Grafarholti
3. Árni Þór Sigurðsson: Ég er ekki frú
4. Fjórtán ára kærir nauðgun
5. Mannslát: Litlir yfirborðsáverkar





